


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Sjúkraþjálfun &
stoðtæki










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
4. október 2012
233. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Á förum til Færeyja

*Sif Gunnarsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Norræna hússins í Færeyjum til fjögurra ára.*

**tímamót** 26

## Dagur ljóðsins

*Dagur Hjartarson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar.*

**menning** 32



## Aron valinn í landsliðið

*Markahæsti leikmaður dönsku deildarinnar er eini nýliðinn í hópi Lagerbäck.*

**sport** 44

## veðrið í dag




**STYTTIR UPP** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s. Minnkandi úrkoma NA-lands og víða bjart veður syðra. Hiti 3-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Yfir þúsund sprengjur fundnar á Reykjanesi

**Á annað þúsund sprengjur og skot hafa fundist síðustu fimm ár á fyrrum æfingasvæðum varnarliðsins á Reykjanesi. Sprengjuleitarátaki þar er nú að ljúka og hægt að hefja uppbygginguna á svæðunum. Skýrsla um málið væntanleg.**

**ÖRYGGISMÁL** Á annað þúsund sprengjur og skot hafa fundist við hreinsunarstarf Landhelgisgæslunnar á Reykjanesi síðustu fimm ár. Sigurður Ásgrímsson, deildarstjóri hjá Gæslunni, segir starfið hafa gengið vel og átakinu ljúki senn. Skýrsla um framvinduna er væntanleg innan skamms.

„Við erum búnir að gera mikið átak í samstarfi við Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, um að hreinsa svæðin næst Keflavík, sem voru nýtt sem skotæfingasvæði í stríðinu og eftir það, og það hefur gengið þokkalega vel. Auðvitað er alveg útilokað að lýsa því yfir að svæðið sé orðið fullkomlega hreint, en allavega hefur mikið unnist í þessu.“

### Hætta á ferð



■ Gæslan brýnir fyrir fólki sem finnur grunsamlega hluti að hreyfa alls ekki við þeim, heldur hafa samband við Gæsluna eða Neyðarlínuna í síma 112.

Svæðin sem um ræðir eru Vogaheiði og svæðið í kringum Patterson-flugvöll, en þar stóð bandaríski herinn fyrir skotæfingum allt fram til ársins 1960. Hreinsunarsvæðið er afar víðfeðmt, á Vogaheiði er rætt um fimmtán ferkílómetra og Pattersonsvæðið er um tólf ferkílómetrar.

„Þetta eru mikið til fallbyssukúlur, sprengjuvörpusprengjur og svo skot af öllum stærðum,“ segir Sigurður. Hann segir mikið af því sem finnist vera virkar sprengjur sem mikil hætta stafi af.

„Sprengjurnar virkjast við að vera skotið, en tíu til tólf prósent af þeim sem skotið er virka ekki í fyrstu, af einhverri ástæðu. Þannig liggja þær, kannski í allt að 60 ár, bæði ofan jarðar og neðan. Þá er þetta orðið mjög tært, en kúlan er þá í fínu lagi og sprengiefnið líka, og þá er það orðið mjög hættulegt.“

Sigurður segir ástandið nú vera orðið nokkuð gott á svæðunum og ætti ekkert að koma í veg fyrir uppbygginguna, til dæmis á Pattersonsvæðinu sem liggur neðan við gamla varnarsvæðið, Ásbrú. **- þj**



**BLEIKAR BARÁTTUKONUR** Valsstúlkur klæddust bleikum búningum þegar þær tóku á móti Snæfelli í fyrstu umferð í úrvalsdeild kvenna í körfuknattleik í gær. Uppátækið og tengd fjársöfnun er til styrktar átaki Krabbameinsfélags Íslands, Bleiku slaufunni. Stúlkurnar leika í bleiku út mánuðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kynjunum mismunað á ný:

## Klámkynslóðin í ritnefndirnar?

**MENNTUN** Hlutgerving stúlkna í myndefni framhaldsskólablaða hefur aukist undanfarin ár. Þetta er niðurstaða rannsóknar Jóns Ingvars Kjaran, doktorsnema á Menntavísindasviði HÍ.



JÓN INGVAR KJARAN

„Kynslóðin sem kemur inn í framhaldsskólana 2007 og eftir það er hin svokallaða „klámkynslóð“, þannig að ég er svona að skoða hvort draga megi einhverjar ályktanir út frá því,“ segir Jón Ingvar. Hann segir kynjamismunun hafa minnkað í myndefni skólablaðanna um 2005 en nú færist hún aftur í vöxt.

Í fyrirlestri á Menntakviku Menntavísindasviðs á morgun mun Jón Ingvar kynna rannsókn sína. **- fsb / sjá síðu 30**

Grín varð fúlasta alvara:

## Yfir 100 vilja í Glee-klúbbinn

**FÓLK** „Það er aldrei nóg af söng og gleði,“ segir Sigurgeir Ingi Þorkelsson, varaforseti nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð og einn forsprakka nýstofnaðs Glee-klúbbs í skólanum. Klúbburinn er að fyrirmynd bandarísku sjónvarpsþáttanna Glee sem fjalla um hóp ungs fólk í menntaskóla sem sameinast í söng og dansi.



SIGURGEIR INGI ÞORKELSSON

„Fyrst var hugmyndin sett fram meira í gríni en alvöru, en vegna fjölda áskorana var ákveðið að hrinda henni í framkvæmd. Yfir hundrað manns hafa boðað komu sína á fyrsta fundinn,“ segir Sigurgeir, en téður stofnfundur verður haldinn í dag klukkan hálf fjögur.

**- áp / sjá síðu 50**

Háskóli Íslands færist ofar á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla heims:

# Hefur áhrif á viðhorf til skólans

**SKÓLAMÁL** Háskóli Íslands er kominn í 176. sæti á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla heims, sem birtur var í gærkvöld.

„Þetta er mikilvæg og góð staðfesting á því starfi sem hefur verið unnið innan skólans,“ segir Kristín Ingólfsdóttir lektor, „því samkeppnin er gríðarlega hörð. Metnir eru sautján þúsund háskólar og við lendum í efstu tveimur prósentunum.“

Skólinn komst í fyrsta sinn inn á þennan lista í fyrra og er nú sex sætum ofar en þá. „Við fundum það strax í fyrra hvað þetta skiptir miklu máli á viðhorfi til dæmis samstarfsaðila okkar erlendis til skólans. Svo skiptir þetta ekki síst máli fyrir stúdentana okkar, jafnt innlenda sem erlenda.“

Til grundvallar matinu eru lagðir allir helstu starfsþættir háskóla en megináherslan er á kennslu, námsumhverfi, umfang rannsókna og áhrif þeirra á alþjóðlegum vettvangi. **- gb**


D VÍTAMÍN
Hámarks upptaka




GMP vottað · www.nowfoods.is






**SPURNING DAGSINS**



*Guðrún, verður þetta gagnlegt fyrir Hafnfirðinga?*

„Já, þeir munu vonandi hafa gagn og gaman af.“

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir er bæjarstjóri í Hafnarfirði. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa innleitt nýjar reglur um birtingu gagna með fundargerðum til að auka gagnsæi í stjórnsýslu bæjarins.

Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði í máli Ragnars Árnasonar gegn Þór Saari:

# Ummæli Þórs dæmd ómerk

**DÓMSMÁL** Ummæli Þórs Saari þingmanns um að Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, „hafi verið á launum hjá LÍÚ í áratugi“ hafa verið dæmd dauð og ómerk. Þór þarf jafnframt að greiða Ragnari 300 þúsund krónur í miskabætur vegna ummælanna og 800 þúsund í málskostnað.

Héraðsdómur Reykjaness kvað upp úrskurð sinn í gærmorgun um að fullyrðing Þórs væri röng. Mat dómsins er að röng fullyrðing geti ekki með nokkru móti verið heimil tjáning, átt erindi til almennings



ÞÓR SAARI



RAGNAR ÁRNASON

eða verið liður í gagnrýni og ádeilu á starf Háskóla Íslands eins og Þór heldur fram.

Dómurinn segir jafnframt að ummæli Þórs í garð Ragnars séu tilhæfulaus, óviðurkvæmileg og ærumeiðandi í því samhengi sem þau voru birt í fréttum DV sjöunda og áttunda september í fyrra.

Þór er þingmaður Hreyfingarinnar. Hann lét ummælin falla í tengslum við umræðu um sjávarútvegsmál. Dómurinn hafnar því enn fremur að upplýsingarnar sem Þór gaf DV „endurspegli umræðu sem sé fræðandi og upplýsandi og auki skilning almennings á fjölmörgum þáttum sjávarútvegs og hvað þá að ummæli stefnda geti verið liður í almennri þjóðfélagsumræðu um málið“. - bþh

Í annarlegu ástandi með læti:

# Tveir hnuplarar teknir í Mjódd

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn í annarlegu ástandi voru handteknir í Mjóddinni í gær eftir að hafa hnuplað úr apóteki og reynt hið sama í verslun Nettó.**

**Mennirnir voru bersýnilega ekki allsgáðir og voru með háreysti svo að starfsfólki og viðskiptavinum stóð stuggur af þeim. Lögreglumenn, sem kvaddir voru á vettvang, höfðu upp á mönnunum og létu þá skila stolnu vörunum. Jafnframt var grunur um að þeir hefðu komið á staðinn á stolnum bíl.** - sh

Helgi Hjörvar furðar sig:

## Íslandi buðust verri lánakjör

**NORÐURLÖND Helgi Hjörvar alþingismaður hefur spurt ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna um það hvers vegna Íslandi bjóðast lægri vaxtakjör en Írlandi.**



HELGI HJÖRVAR

**Helgi, sem er formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, bendir á að kjör á láni Norðurlandanna til Íslands séu þriggja mánaða EURIBOR-vextir að viðbættu 2,75 prósenta álagi. Danmörk og Svíþjóð hafi hins vegar gert tvíhliða lánasamninga við Írland þar sem vaxtakjör séu EURIBOR-vextir og eins prósents álag.**

**Helgi spyr hvort Norðurlöndin hyggist endurskoða vaxtakjörin á láni Íslands, sérstaklega í ljósi þess að skuldatryggingarálag Íslands sé lægra en Írlands.** - gb

Kaflaskil í átökum í Sýrlandi:

## Tyrkland svarar í sömu mynt

**TYRKLAND** Tyrkneski herinn varpaði sprengjum á skotmörk í Sýrlandi í gærkvöldi.

Árásin var svar við sprengjuárás sýrlenska stjórnarhersins á tyrkneskan landamærabæ, þar sem fimm létust, þar af kona og þrjú börn hennar. Þetta er í fyrsta skipti sem Tyrkland svarar árásum frá Sýrlandi.

„Tyrkland mun aldrei láta slíka ögrun sýrlenskra stjórnvalda gegn þjóðaröryggi okkar óátalda,“ sagði Recep Erdogan forsætisráðherra í yfirlýsingu.

Árás Sýrlendinga var fordæmd víða um heim, meðal annars af aðalriturum Sameinuðu þjóðanna og NATO. - þj / sjá síðu 8

# Svarta keilan tákn um ofbeldi á helgum stað

**Borgarfulltrúi segist „síst sjá ástæðu“ fyrir minnismerki um ofbeldi á einum „helgasta stað“ þjóðarinnar. Í mótmælunum á Austurvelli hafi lögreglumenn særst og löglega kjörin ríkisstjórn verið hrakin frá undir hótunum um ofbeldi.**

**REYKJAVÍKURBORG** Fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingar sem saman mynda meirihluta borgarstjórnar samþykktu á þriðjudag að útilistaverkið Svarta keilan yrði á suðvesturhorni Austurvallar eins og safnstjóri Listasafns Reykjavíkur lagði til.

Listamaðurinn Santiago Sierra gaf borginni Svörtu keiluna með því skilyrði að það stæði á Austurvelli. Verkið, sem er innblásið af búsáhaldabyltingunni, er sagt vera minnismerki um borgaralega óhlýðni.

Alþingi hefur lýst eindreginni andstöðu við staðsetningu Svörtu keilunnar á Austurvelli. Minnihlutinn í borgarstjórn er á sömu línu. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir verkið tengjast óeirðum veturinn 2008 til 2009. Þó að flestir sem hafi mótmælt við Alþingishúsið á þeim tíma hafi gert það með friðsamlegum hætti hafi ofbeldi verið beitt og lögregluþjónar særðir.

„Þó í kannski ekki miklum mæli hafi verið – og í rauninni með hótunum um ofbeldi – þá var löglega kjörin ríkisstjórn hrakin frá völdum,“ segir Kjartan, sem kveðst vona að slíkir atburðir endurtaki sig aldrei. „Mér finnst í rauninni bara síst ástæða til að minnast þess með einhverju sérstöku minnismerki. Að minnsta kosti hefði mátt finna því annan stað; það hefði ekki átt að vera sett niður á þessum helga stað þjóðarinnar.“

Sóley Tómasdóttir úr Vinstri grænum sagði á borgarstjórnarfundinum á þriðjudag að jákvætt væri að tengja saman list og borgaralega óhlýðni, sem væri nauðsynleg.



**SVARTA KEILAN OG BÚSÁHALDABYLTINGIN** Staðsetning listaverks Santiagos Sierra um borgaralega óhlýðni á Austurvelli vekur hörð viðbrögð hjá Alþingi og minnihlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur. SAMSETT MYND



> Verið að hampa listamanni sem hefur markvisst leikið sér í krafti sterkrar efnahagslegrar og samfélagslegrar stöðu að mörkum sjálfsvirðingar hjá fólki.
>
> SÓLEY TÓMASDÓTTIR
> BORGARFULLTRÚI VG

„Það verk sem nú stendur til að staðsetja á Austurvelli getur þó ekki talist hentugt til þessa, enda er þannig verið að hampa listamanni sem hefur markvisst leikið sér í krafti sterkrar efnahagslegrar og samfélagslegrar stöðu að mörkum sjálfsvirðingar hjá fólki sem ekki er í stöðu til að afþakka smánarleg tilboð hans um niðurlægingu gegn gjaldi,“ bókaði Sóley.

Kjartan tekur undir þetta:

„Hann var að kaupa ógæfusama einstaklinga og vændiskonur til þess að húðflúra á bakið á þeim. Mér finnst það nánast vera mannréttindabrot í sjálfu sér hvernig hann kemur fram við fólk. Mér finnst það ekki viðeigandi að listaverk sem fer á mest áberandi og einhvern helgasta stað þjóðarinnar eigi að vera unnið með þeim hætti.“

Kosið verður til borgarstjórnar að nýju næsta vor. Spurður hvort hugsanlegur nýr meirihluti myndi fjarlægja listaverkið segir Kjartan ekki hægt að segja til um það núna. „Þetta er ákveðin niðurstaða og síðan er að sjá hvernig þetta kemur út.“ gar@frettabladid.is

Jóhannes í Iceland:

## Opnar Iceland í Vesturbænum

**VERSLUN** Verslunarkeðjan Iceland hefur tekið húsnæði Europris við Fiskislóð í vesturbæ Reykjavíkur á leigu og mun opna þar nýtt útibú 1. desember. Í næsta nágrenni eru verslanir Bónuss og Krónunnar.



JÓHANNES JÓNSSON

Jóhannes Jónsson kaupmaður segist ekki vera hræddur við samkeppnina. „Nei, nei. Maður verður bara að vanda sig,“ segir hann.

Iceland opnaði fyrstu verslunina í Engihjalla í Kópavogi í lok júlí og verður áformuð verslun önnur verslunin sem Jóhannes opnar undir merkjum Iceland á Íslandi.

Á þriðjudag var tilkynnt að verslunum Europris ætti að loka og að 50 starfsmenn verslunarinnar myndu að lokinni rýmingarsölu missa vinnuna. - bþh

Rannsókn hætt í einu máli:

## Strauss-Kahn andar léttar

**FRAKKLAND Saksóknari í Frakklandi hefur hætt rannsókn á máli Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmanns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem var grunaður um að hafa tekið þátt í hópnauðgun í New York.**

**Belgísk kona hefur dregið vitnisburð sinn til baka og þar með telur saksóknari ekki lengur forsendu fyrir ákæru í málinu.**

**Strauss-Kahn á þó enn yfir höfði sér málaferli vegna gruns um að hann hafi tengst vændishring sem teygði anga sína bæði til Belgíu og New York.**

**Sjálfur vísar hann öllum ásökunum um aðild að vændishring á bug.** - gb






Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kröfum Más Guðmundssonar seðlabankastjóra:

# Seðlabanki Íslands sýknaður

**DÓMSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri fær laun sín ekki leiðrétt. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð í máli Más gegn Seðlabankanum í gær.

Seðlabankinn var sýknaður af kröfum Más um að launalækkun hans yrði ógilt. Már stefndi Seðlabankanum í byrjun árs en þá höfðu lög verið sett um að laun ríkisstarfsmanna mættu ekki vera hærri en laun forsætisráðherra.

Um laun Más var samið í ágúst 2009. Í sama mánuði var kjararáði falið að ákvarða laun seðlabankastjórans í samræmi við kjaralög stjórnenda ríkisins. Þarna telur Már að lögunum hafi verið beitt afturvirkt og á þeim forsendum krefst hann ógildingar stjórnvaldsákvörðunar kjararáðs.

Andri Árnason, lögmaður Más, segir að fara þurfi yfir réttarstöðu embættismanna sem skipaðir eru til fimm ára. Svo virðist vera sem réttarstaða þeirra sé ekki sú sama og þeirra embættismanna sem hafa almennan uppsagnarfrest. Spurður hvort ákvörðun hafi verið tekin um að áfrýja dómnum segir hann að svo sé ekki.

„Við förum yfir dóminn og tökum ákvörðun um áfrýjun innan tíðar. Skoða þarf rökstuðning dómsins fyrir afstöðu til réttarstöðu embættismanna með fimm ára skipunartíma og sem um var deilt í málinu,“ segir Andri. - bþh



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson þarf að gera sér laun sem ekki eru hærri en laun forsætisráðherra að góðu áfrýi hann dómnum ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Af hverju tryggingar fyrir börn?

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Allir foreldrar vilja að börn þeirra geti notið þess góða sem framtíðin felur í sér. Þess vegna býður TM sérstakar barnatryggingar.**

**Öruggari framtíð**
Barnatrygging TM veitir betri vernd gegn afleiðingum slysa og sjúkdóma en hefðbundin fjölskyldutrygging. Henni er ætlað að bæta tjón sem gæti haft áhrif á framtíðarvelferð barnsins og auðveldar foreldrum og forráðamönnum að tryggja barni sínu lífsgæði verði það fyrir alvarlegum heilsubresti.

**Barnatrygging TM** er góð vernd sem styður við barnið til framtíðar.



## *Barnatrygging TM*

- ***Veitir barninu víðtæka vernd gegn varanlegum afleiðingum slysa og sjúkdóma.***
- ***Greiðir dagpeninga og umönnunarbætur vegna langtímaveikinda.***
- ***Verndar barnið frá 3 mánaða til 25 ára aldurs.***

**Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga**
Það er stefna TM að samband okkar og viðskiptavina sé langtímasamband, byggt á trausti. Þegar á reynir skipta góð viðbrögð öllu máli. Því fyrr sem lífið kemst í samt horf því betra.

| 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 |

*Á síðustu 13 árum hefur TM 11 sinnum verið með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.*

Á afhverju.tm.is getur þú séð umsagnir viðskiptavina sem notið hafa þjónustu TM.

***Ef eitthvað kemur fyrir, þá viltu vera hjá TM.***

TM

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **afhverju.tm.is**

## GENGIÐ 03.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,77 | 123,35 |
| Sterlingspund | 197,79 | 198,75 |
| Evra | 158,47 | 159,35 |
| Dönsk króna | 21,251 | 21,375 |
| Norsk króna | 21,414 | 21,540 |
| Sænsk króna | 18,437 | 18,545 |
| Japanskt jen | 1,5685 | 1,5777 |
| SDR | 188,92 | 190,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,4802

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íranskar öryggissveitir berja niður mótmæli í höfuðborginni Teheran:

# Kaupmönnum sem loka hótað

**ÍRAN, AP** Vaxandi reiði hefur verið meðal almennings í Íran undanfarið vegna gengishruns og verðbólgu. Ástæðan er að hluta rakin til refsiaðgerða Vesturlanda vegna kjarnorkuáforma Írana.

Lögregla Teheran skipaði kaupmönnum á helsta markaðstorgi borgarinnar, sem höfðu lokað verslunum sínum, að opna aftur. Einnig efndi lögreglan til aðgerða gegn víxlurum sem verslað hafa með erlenda gjaldmiðla. Óljóst er hvort aðgerðir af þessu tagi duga til að styrkja gjaldmiðil Írans, sem hefur fallið um þriðjung á innan við viku.

Ástandið hefur vakið aftur deilur milli Mahmouds Ahmadinejad forseta og valdamikilla andstæðinga hans, sem segja kreppuna að nokkru stafa af mistökum í peningamálastefnu stjórnar landsins.

Stjórnin er gagnrýnd fyrir að auka peningamagn í umferð en halda jafnframt vöxtum niðri. Vegna þessa hafi fjöldi fólks flúið yfir í erlenda gjaldmiðla.

Þá hefur glíma ríkisvaldsins við refsiaðgerðir gert illt verra; mjög hefur dregið úr olíuútflutningi auk þess sem helstu alþjóðabankar veita Íran ekki lengur þjónustu. **- gb**



**MÓTMÆLI Í TEHERAN** Fyrstu merki þess að gengishrunið hafi skapað ólgu meðal almennings. NORDICPHOTOS/AFP

Gagnrýni á Hamas:

# Ill meðferð fanga á Gasa

**PALESTÍNA, AP** Mannréttindasamtökin Human Rights Watch gagnrýna harðlega aðbúnað fanga á Gasa-svæðinu, þar sem Hamas-samtökin fara með völd.

Í nýrri skýrslu er fullyrt að öryggissveitir Hamas misþyrmi föngum með ýmsum hætti og handtaki fólk af handahófi. Fyrir þessu séu nægar sannanir.

„Stjórnin á Gasa ætti að hætta að líta fram hjá misþyrmingunum og tryggja að réttarkerfið virði réttindi Palestínumanna," segir Joe Stark hjá Human Rights Watch. **- gb**



**KATLA** Engar vísbendingar eru um að Katla muni gjósa á næstunni. MYND/HAG

Jarðskjálfti af stærðinni 3,1:

# Grunnur jarðskjálfti í Kötlu

**NÁTTÚRA** Snarpur jarðskjálfti varð undir Mýrdalsjökli, tæpa fimm kílómetra austnorðaustan Goðabungu, um hálf níu í gærmorgun. Skjálftinn var af stærðinni 3,1 á Richter-kvarða og í kjölfar hans fylgdu fáir og litlir eftirskjálftar.

Gunnar Gunnarsson, sérfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að ekki sé ráðlegt að lesa of mikið í skjálftann, sem hafi átt upptök sín mjög norðarlega í jöklinum.

„Þetta var bara þessi staki skjálfti," segir Gunnar og bendir á að töluverð skjálftavirkni hafi verið í Kötlu í sumar og sumarið 2011. **- bþh**

## DÓMSTÓLAR

### Reif bindi af lögreglubúningi

Hálffertugur maður frá Egilsstöðum hefur verið ákærður fyrir að veitast að lögreglumönnum í febrúar 2010, reyna að hrinda öðrum þeirra fram af svölum og hóta honum og kollega hans lífláti. Þá er hann ákærður fyrir að hafa reynt að grípa í háls lögreglumanns á lögreglustöðinni á Egilsstöðum í maí síðastliðnum og rifið bindi af einkennisbúningi hans.

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaðinu í gær að Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefði sótt fund þungavigtarfólks úr stjórnmálum og atvinnulífi um Evrópumál í fyrradag.

# Stjórnarandstaða segir OECD ofmeta landbúnaðarstyrkina

**Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í atvinnuveganefnd þingsins segja stuðning við íslenskan landbúnað ekki jafnmikinn og OECD heldur fram. Fulltrúar Samfylkingar og Hreyfingar vilja breytingar.**

**LANDBÚNAÐUR** Stuðningur við íslenskan landbúnað er ofmetinn í nýrri skýrslu OECD, að mati fulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í atvinnuveganefnd Alþingis.

Í skýrslunni segir að styrkir hins opinbera til landbúnaðar séu tvöfalt hærri hér en að meðaltali í OECD-löndunum. Einnig er íslenska styrkjakerfið sagt óskilvirkt vegna þess að meirihluti styrkja sé framleiðslutengdur, sem sé markaðstruflandi. Íslensk stjórnvöld verði að draga úr stuðningi við landbúnaðinn og halda jafnframt áfram að þróa „skilvirkari" og betur samhangandi stefnu, sem hafi meðal annars umhverfisvernd og minni truflanir á framleiðslu og viðskiptum að markmiði.

Fréttablaðið náði ekki tali af Steingrími J. Sigfússyni atvinnuvegaráðherra vegna málsins í gær, en hann er staddur í Norðurlandskjördæmi eystra og fundar þar stíft. **stigur@frettabladid.is**

## Stuðningurinn ofmetinn

„Menn eru oft að bera saman epli og appelsínur," segir Sigurður Ingi Jóhannsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í atvinnuveganefnd Alþingis. Í fjárlögum á Íslandi séu liðir sem OECD flokki sem stuðning við landbúnaðinn en séu í raun bara peningar sem ríkið hafi umsýslu með tímabundið. Hann nefnir sérstaklega verðjöfnun mjólkurafurða og fóðursjóð. „Þarna er því ofmat á stuðningi," segir hann. Á hinn bóginn hafi menn bent á að sums staðar erlendis séu greiðslur frá hinu opinbera sem ekki sjáist og OECD reikni þess vegna ekki með. Varðandi óskilvirkni vegna framleiðslutengingar segir Sigurður Ingi: „Það mætti halda því fram að hæfileg blanda af því og svokölluðum grænum greiðslum sé skynsamlegri leið heldur en til dæmis Evrópusambandið stundar – að greiða fólki fyrir að framleiða ekki, sem hljómar ekki í mín eyru eins og áhugaverð atvinnugrein. En þetta er hugmyndafræðilegur ágreiningur og menn geta haft ólíkar skoðanir á þessu."



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

## Óskynsamleg stefna Evrópusambandsins

Einar K. Guðfinnsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur ekki kynnt sér efni skýrslunnar en segist telja að rétt sé að halda áfram framleiðslutengdum stuðningi í landbúnaði. „Að mínu mati er þetta ekki skynsamleg stefna sem Evrópusambandið og ýmis önnur ríki hafa viðhaft, að vera ekki með framleiðslutengingar, sem leiðir til þess að áhugi manna á atvinnuþátttöku slævist. Hitt er alveg ljóst – og það hefur alltaf legið fyrir – að við styðjum hlutfallslega töluvert mikið við okkar landbúnað og fyrir því eru auðvitað ýmsar ástæður; við búum í harðbýlu, dreifbýlu landi. En ýmislegt sem talið er með í þessum stuðningi, og OECD og aðrir slíkir taka með í sínum útreikningum, er í raun tilfærslur innan kerfisins – það má nefna fóðurskattinn, verðjöfnunargjald í mjólkuriðnaði og ýmislegt annað – þannig að það er ekki allt sem sýnist í þeim efnum."



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

## Neytendur eiga mikið undir

Ólína Þorvarðardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í atvinnuveganefnd, segir OECD hafa gert sambærilegar athugasemdir undanfarin ár og í megindráttum sé hún sammála þeim. „Það er ekki eðlilegt ástand þegar hinn opinberi stuðningur nemur um helmingi af tekjum þeirra sem í atvinnugreininni starfa. Ég tek undir að það sé ástæða til að endurskoða og skerpa á stefnu stjórnvalda varðandi opinber framlög til landbúnaðarins og færa þau enn frekar inn í nýsköpunar-, rannsóknar- og þróunarstarf. Fjölbreyttur og hagkvæmur landbúnaður byggir á nýsköpun í framleiðslu og markaðssókn. Ég held að það sé mjög ofsagt að greinin muni fara á hliðina þótt þetta sé endurskoðað í góðu samráði við alla hlutaðeigandi. Íslenskir neytendur eiga líka mikið undir því að landbúnaðurinn starfi í eðlilegu samkeppnisumhverfi."



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR**

## Vill skoða búsetustyrki af alvöru

„Hreyfingin sem slík hefur enga sérstaka stefnu í landbúnaðarmálum," segir Þór Saari, fulltrúi hennar í atvinnuveganefnd. „En ég hef fylgst með þessum málum lengi sem hagfræðingur. Landbúnaðarstefnan hefur ekki verið sérstaklega hagfelld bændum, enda hefur þeim fækkað umtalsvert undanfarna áratugi. Ég hef velt því alvarlega fyrir mér hvort við ættum ekki að taka upp þá stefnu sem virðist ætla að verða ofan á, til dæmis í ESB, að í stað framleiðslustyrkja fái menn einfaldlega búsetustyrki – styrk fyrir það eitt að vera bændur að uppfylltum ákveðnum lágmarksskilyrðum." Slíkur styrkur gæti verið fimm milljónir á ári. „Það mundi duga til að meira yrði framleitt af landbúnaðarvörum, það væri auðveldara fyrir fólk að hefja búskap og verð á landbúnaðarvörum mundi lækka í kjölfarið."



**ÞÓR SAARI**


HÖFUNDAKVÖLD MEÐ KRISTOF MAGNUSSON

á Súfistanum í Bókabúð Máls og menningar í kvöld 4. október kl. 20

Rithöfundarnir Auður Jónsdóttir og Einar Kárason spjalla við Kristof um nýju bókina hans.




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

ALLIR VELKOMNIR
— ÓKEYPIS AÐGANGUR


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BJART Á MORGUN**
Heldur hægari vindur í dag en var á landinu í gær, einnig styttir víðast upp er líður á daginn. Á morgun veður yfirleitt bjartviðri og hæg breytileg átt. Hægt vaxandi sunnanátt og þykknar upp vestra á laugardaginn.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt.

**LAUGARDAGUR**
Hægt vaxandi suðlæg átt vestan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 16° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 24° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 13° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 60434 10/12






**Kvöld við Suðurbugtina er ekki nema hluti af tilverunni**

Gamla Reykjavíkurhöfn er að sjálfsögðu heillandi staður fyrir fólk og báta. En höfnin í Seattle hefur ekki síðra aðdráttarafl, hvort sem er um kvöldmatarleytið á frábærum veitingastöðum eða í ys dagsins á Pike Place fiskmarkaðnum. Yfir borginni gnæfir svo Geimnálin og í fjarska rísa máttugir fjallatindar, ævintýraland skíðamanna og útivistarfólks. – Jú, Suðurbugtin hefur eitthvað við sig … en þar er ekkert Kyrrahaf.

**+ Bókaðu núna á icelandair.is**

**Vertu með okkur**

ICELANDAIR

Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

## KJÖRKASSINN



*Ert þú búin(n) að kaupa skjólflík fyrir veturinn?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,7% |
| Nei | 84,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Borðar þú fisk í hverri viku?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is VÍSIR

Sveitarfélög þurfa að reka eigin grunnskóla og mega ekki fela það einkaaðilum segir í bréfi ráðuneytis:

# Hjallastefnan má ekki reka grunnskólann

**STJÓRNSÝSLA** Menntamálaráðuneytið hefur bent á að Hjallastefnan megi ekki reka eina grunnskólann á Tálknafirði. Þetta kemur fram í bréfi sem ráðuneytið sendi hreppnum 21. september. RÚV greindi frá þessu í gær.

Hjallastefnan hóf að reka leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins í haust án leyfis frá menntamálaráðuneytinu. Ætlaði sveitarfélagið að fá reynslu á nýja starfshætti skólans áður en sótt yrði um viðurkenningu.

Viljayfirlýsing var undirrituð í maí um að Hjallastefnan tæki við rekstri skólans á Tálknafirði. Í júní funduðu fulltrúar sveitarfélagsins með fulltrúum ráðuneytisins, þar sem fram kom að sex mánuði tæki að fá viðurkenningu á rekstrartilhöguninni.

Tálknafjarðarhreppur sendi ráðuneytinu hins vegar tilkynningu þann fyrsta ágúst þess efnis að Hjallastefnunni hefði verið veitt umboð til rekstrarins.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri í Tálknafjarðarhreppi, segir að nú fari starfsmenn sveitarfélagsins yfir bréfið, sem barst 1. október, með lögfræðingum.

Ákvörðun sveitarfélagsins um þá tilhögun að Hjallastefnan reki skólann sætir ekki endurskoðun í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

**- bþh**



**TÁLKNAFJÖRÐUR** Hjallastefnan hóf að reka leik-, grunn- og tónlistarskólann á Tálknafirði í haust. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON


METSÖLU-BÆKUR




1. Sæti
Vasabrot skáldverk: 26.9.–2.10.12
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




2. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




3. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




4. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




5. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## Fjórðungur hefur aðgang að rafmagni

Áætlað er að aðeins 24 prósent íbúa Afríku sunnan Sahara hafi aðgang að rafmagni. Rafmagnsskortur er mjög tíður í þessum heimshluta og hamlar orkuskorturinn hagþróun þar. „Einungis næst að framleiða hluta af því rafmagni sem þörf er fyrir og slíkt torveldar vöxt fyrirtækja og iðnframleiðslu,“ segir Davíð Bjarnason, sviðstjóri hjá ÞSSÍ.

„Rafmagnsskortur kemur einnig niður á lífsgæðum íbúa. Skólabörn geta ekki lært eftir að skyggja tekur, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eru án rafmagns og kæligeymslu lyfja er ábótavant,“ heldur Davíð áfram.

„Stór hluti rafmagns í sunnanverðri Afríku er framleiddur með vatnsaflsvirkjunum, en óstöðugur vatnsaflsbúskapur hefur á síðustu árum stuðlað að stopulli orkuframleiðslu,“ segir Davíð. „Þá er stór hluti rafmagns framleiddur með brennslu jarðefna, sem stuðlar að mengun og gróðurhúsaáhrifum.“



**VIRKJAÐ Í KENÍU** Jarðvarmi hefur aðeins verið virkjaður í Keníu af öllum löndum Afríku. Gríðarlegir möguleikar á raforkuframleiðslu eru í Sigdalnum mikla í Austur-Afríku, en dalurinn er í raun risavaxið misgengi á plötuskilum jarðskorpunnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Kortleggja jarðhita í 13 löndum Afríku

**Þróunarsamvinnustofnun og Norræni þróunarsjóðurinn styrkja jarðhitaleit, rannsóknir og mannauðsuppbyggingu í löndum Austur-Afríku. Verkefnið ætti að gefa 150 milljónum Afríkubúa kost á að raforkuvæða samfélög sín.**

**ORKUMÁL** Íslendingar hafa tryggt fjármagn til að hefja rannsóknir og kortlagningu á miklum jarðhitalindum í þrettán löndum í Austur-Afríku. Þetta kom fram í ávarpi Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra fyrir allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á dögunum.

Verkefnið á að geta veitt allt að 150 milljónum Afríkubúa aðgang að hreinni og endurnýjanlegri orku. „Aðgengi að orku snertir flesta þætti samfélagsins og daglegs lífs og aukinn aðgangur fólks að rafmagni er mikilvægur hluti þess að vinna að framgangi þúsaldarmarkmiðanna,“ segir Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ).

ÞSSÍ og Norræni þróunarsjóðurinn hafa hleypt verkefni af stokkunum sem miðar að jarðhitaleit, rannsóknum og mannauðsuppbyggingu í löndunum þrettán. Markmiðið er að í lok verkefnisins hafi löndin skýra hugmynd um möguleika á sviði jarðhita, auk getu og mannauðs til að framleiða rafmagn.

Áhersla er lögð á að orkuþörf þróunarríkja verði mætt með endurnýjanlegum og hreinum orkugjöfum í stað brennslu jarðefna. Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, fer fyrir átaki um sjálfbæra orku í heiminum. Markmið átaksins er að árið 2030 verði hlutur endurnýjanlegrar orku tvöfaldur frá því sem hann er í dag. Íslenska verkefnið er til að leggja lóð á þær vogarskálar.

Norræni þróunarsjóðurinn leggur fram fimm milljónir evra til verkefnisins og ÞSSÍ sömu fjárhæð á fimm ára tímabili.

Íslensk sérþekking á sviði jarðhita mun spila stórt hlutverk í framkvæmd verkefnisins, að sögn Davíðs Bjarnasonar, verkefnastjóra hjá ÞSSÍ. Mikil óvissa sé samt samhliða jarðhitaleit og því aðeins vænst að jákvæðar niðurstöður fáist í sex til sjö löndum.

**birgirh@frettabladid.is**

Formannsslagurinn í Samfylkingunni hófst formlega þegar Árni Páll gaf kost á sér:

# Árni Páll vill verða formaður

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, ætlar að gefa kost á sér til formennsku á landsfundi Samfylkingarinnar í febrúar næstkomandi. Þetta tilkynnti hann síðdegis í gær og varð um leið fyrstur til að gefa kost á sér í formannssætið.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur gegnt formannsembættinu síðan í mars 2009. Á dögunum kvaðst hún ekki ætla að gefa kost á sér í kosningum til Alþingis í vor og jafnframt hygðist hún stíga til hliðar sem formaður flokksins.

Auk Árna Páls hafa þau Dagur B. Eggertsson, Guðbjartur Hannesson, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir verið nefnd sem hugsanlegir frambjóðendur.

Össur Skarphéðinsson hefur einnig verið nefndur sem hugsanlegur formannskostur og á hann hefur verið þrýst að gefa kost á sér. Hann segist hins vegar ekki hafa áhuga á formannsembættinu.

Árni Páll sagði í yfirlýsingunni sem hann sendi fjölmiðlum í gær að hann óskaði þess að kjör formanns færi fram í almennri atkvæðagreiðslu meðal flokksmanna Samfylkingarinnar. **- bþh**



**FORMANNSEFNI** Árni Páll Árnason óskar eftir stuðningi flokksmanna Samfylkingarinnar í kjöri til formennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# SENSAI




## PRIMED & PERFECTED

Tvöfaldur raki – einstök áhrif fyrir húð þína

Með notkun Lotion rakavatns og Emulsion rakakrems getur þú tvöfaldað rakainnihald húðarinnar með einstökum áhrifum *Koshimaru silkis* bæði dag og nótt. *Koishimaru silki* er dýrmætasta silki í heiminum og hefur SENSAI uppgötvað sérstaka orku í einstökum trefjum þess.

Þú munt finna það. Þú munt sjá það. Húð þín man það.

Gerum lífið fallegra með SENSAI.

www.sensai.is

Kanebo INTERNATIONAL

## HÚÐ ÞÍN Í JAFNVÆGI Í ALLAN VETUR

Sensai frá Kanebo dagar í Hagkaup dagana 4. -10. október.

Fallegur kaupauki fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir í Sensai. 50ml. rakavatn fylgir með öllum kremum frá Sensai.*



*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvað heitir faðir tónlistarmannanna Ásgeirs Trausta og Þorsteins í Hjálmum?*

**2.** *Alþjóðlegur dagur hverra er í dag?*

**3.** *Hversu háar eru dagsektir vegna trassaskapar við hús í borginni?*

**SVÖR**

*1. Einar Georg Einarsson 2. Dýranna 3. Tæpar 32 milljónir*

Ráðherra undirritar sáttmála:

# Nýtt fangelsi verði vistvænt

**STJÓRNSÝSLA Fulltrúar teymis sem vinnur að hönnun nýs fangelsis á Hólmsheiði undirrituðu í gær, ásamt Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra, svokallaðan Nordic Built-sáttmála. Í frétt frá innanríkisráðuneytinu er sáttmálinn sagður samvinnuverkefni sem hvetji til þróunar samkeppnishæfra lausna í vistvænni mannvirkjagerð.**

**„Með þeirri hugmyndafræði er við sköpun á manngerðu umhverfi leitast við að auka lífsgæði, nýta sjálfbærni, staðbundnar auðlindir og byggja á norrænni hönnunarhefð eins og hún gerist best,“ segir ráðuneytið.**

**Fram kemur að Norræna ráðherraráðið ásamt Nordic Innovation fjármagni verkefnið.** - gar

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**



**AÐ LOKINNI SPRENGJUÁRÁS** Flestir þeirra sem fórust í Aleppo í gær voru hermenn sýrlensku stjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Harðir bardagar í Aleppo

**Tugir fórust þegar bílasprengjur voru sprengdar í Aleppo í gær. Miklar skemmdir hafa orðið á gamla miðbænum í Aleppo, sem er á menningarminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Átökin hafa nú breiðst út til landamæranna. Að minnsta kosti fimm létust í árásum sýrlenska stjórnarhersins á tyrkneskan landamærabæ.**

**SÝRLAND, AP** Þrír sjálfsvígsárásarmenn sprengdu í gær upp bíla sem þeir óku inn á svæði stjórnarhersins í Aleppo, stærstu borg Sýrlands. Sprengjurnar kostuðu hátt í 40 manns lífið, en að minnsta kosti 120 manns særðust að auki.

**120** særðust og hátt í 40 létust í þremur sjálfsvígsárásum í Aleppo í Sýrlandi í gær.

Fjórða sprengingin varð nálægt gamla miðbænum í Aleppo, sem er á menningarminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Miklar skemmdir hafa orðið á gamla miðbænum og markaðstorginu þar, sem hefur lengi verið vinsælt meðal ferðamanna.

Sýrlandsstjórn kennir hryðjuverkamönnum um sprengjuárásirnar.

„Þetta var eins og röð jarðskjálfta,“ sagði íbúi í Aleppo. „Þetta var skelfilegt, skelfilegt.“ Harðir skotbardagar brutust út í kjölfar árásanna.

Árásunum svipar til árása sem hryðjuverkahópar tengdir Al Kaída-samtökunum hafa staðið fyrir, en hópar af því tagi eru taldir hafa blandað sér í átökin í Sýrlandi með ýmsum hætti.

Uppreisnarmenn, sem reyna að koma Bashar al Assad forseta frá völdum, segjast þó engin tengsl hafa við þessa hryðjuverkahópa.

Hörð átök hafa geisað í Aleppo í tvo mánuði, en hvorki stjórnarhernum né uppreisnarmönnum hefur tekist að ná borginni á sitt vald, ekki frekar en höfuðborginni Damaskus þar sem enn eru átök uppreisnarmanna og stjórnarhersins nánast daglega.

Sjálfsvígsárásir og bílsprengjuárásir hafa orðið æ algengari í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi, en átökin þar hafa nú geisað í á hálft annað ár. Frá upphafi hafa átökin kostað meira en 30 þúsund manns lífið og heilu hverfin eru nú gjöreyðilögð.

Átökin eru farin að breiðast út til landamæra Tyrklands þar sem að minnsta kosti fimm létu lífið í gær þegar sýrlenski stjórnarherinn skaut sprengjum yfir landamærin. gudsteinn@frettabladid.is



## Alþjóðleg ráðstefna um
## FISKVEIÐAR: SJÁLFBÆRAR OG ARÐBÆRAR

Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, stofu N-132
laugardaginn 6. október kl. 13–17.35

13.00–13.05 Setningarávarp, Rakel Ólsen útgerðarmaður

Fyrri fundur: Fræðileg greining
fundarstjóri: Ásta Möller, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

- 13.05–13.35 Þráinn Eggertsson. Skilvirkar stofnanir í hættu: Íslenska kvótakerfið
- 13.35–14.05 Ragnar Árnason. Hagurinn af kvótakerfi og möguleg dreifing hans
- 14.05–14.35 Rögnvaldur Hannesson. Nýting markaðsaflanna í fiskveiðum
- 14.35–14.50 Umsagnir: Ásgeir Jónsson og Birgir Þór Runólfsson
- 14.50–15.05 Fyrirspurnir og umræður
- 15.05–15.20 Kaffihlé

Seinni fundur: Hagnýt úrlausnarefni
fundarstjóri: dr. Stefanía Óskarsdóttir, stjórnmálafræðideild

- 15.20–15.50 Árni Mathiesen. Hagur fámennra byggða af kvótakerfi
- 15.50–16.20 Gunnar Haraldsson. Grænn hagvöxtur
- 16.20–16.50 Michael Arbuckle. Kvótakerfi í fiskveiðum þróunarlanda
- 16.50–17.05 Umsagnir: Helgi Áss Grétarsson og Michael De Alessi
- 17.05–17.20 Fyrirspurnir og umræður
- 17.20–17.30 Viðbrögð: Brian Carney, ritstjóri *Wall Street Journal Europe*
- 17.30–17.35 Ráðstefnuslit: Guðrún Lárusdóttir útgerðarmaður

Ráðstefnan fer fram á ensku. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill

**Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt** RNH




**ELDRI BORGARAR Í JAPAN** Hlutfall aldraðra er hvergi hærra en í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einn af hverjum níu jarðarbúum er yfir sextugu:

# Hlutur aldraðra í mannfjöldatölum stækkar ört

**JAPAN, AP** Hvergi í heiminum er hærra hlutfall aldraðra en í Japan, þar sem 30 prósent íbúanna eru komin yfir sextugt. Árið 2050 verða sextíu önnur lönd komin í sömu stöðu.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Mannfjöldastofnun Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslunni eru stjórnvöld ríkjanna hvött til þess að hyggja að þörfum aldraðra og tryggja að þeir geti átt gott ævikvöld.

Víða er staða aldraðra bág og fátækt meiri meðal þeirra en annarra íbúa. Í Lettlandi og á Kýpur býr til dæmis um helmingur þeirra sem komnir eru yfir sextugt við fátækt. Jafnvel í iðnvæddum ríkjum á borð við Japan eiga aldraðir í erfiðleikum með að nálgast nauðsynlega þjónustu.

„Meira þarf að gera til að afhjúpa, rannsaka og sporna gegn mismunun, misnotkun og ofbeldi gegn öldruðum, sérstaklega konum sem standa verr að vígi,“ segir í skýrslunni.

Nú eru 810 milljónir manna, eða níundi hver jarðarbúi, komnar yfir sextugt. Árið 2050, þegar mannkyni hefur fjölgað úr sjö í níu eða tíu milljarða er talið að fimmti hver jarðarbúi verði kominn yfir sextugt, eða allt að tveir milljarðar manna. - gb



BAÐ INNRÉTTINGAR
Allt að 50% afsláttur
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT
margir möguleikar á stærðum og útfærslum
til afgreiðslu af lager
010 hvítt glans stærð: 131 x 48 sm
104 hvítt glans stærð: 160 x 48 sm
010 silki matt stærð: 121 x 48 sm
104 askur stærð: 82/130 x 48 sm
104 askur stærð: 82/130 x 48 sm
104 epli stærð: 142 x 48 sm
104 epli stærð: 121 x 48 sm
T-690 stærð: 110 x 48 sm
T-690 stærð: 100 x 48 sm
Amerísk hnota stærð: 91 x 48 sm
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Hörð viðbrögð ESB við tillögum norsku ríkisstjórnarinnar um aukna tollvernd landbúnaðarafurða:

# Þingmaður Dana vill fá sendiherra inn á teppið



**HÚS Á HVOLFI** Í Lille í Frakklandi má sjá þetta „Hús sem féll af himnum ofan“, eins og listamaðurinn Jean-Francois Fourtou kallar verkið. NORDICPHOTOS/AFP

**LANDBÚNAÐUR** Þingmaður Dana á Evrópuþinginu, Bendt Bendtsen, sem er fyrrverandi atvinnumálaráðherra Danmerkur, vill að sendiherra Noregs hjá Evrópusambandinu, ESB, verði kallaður inn á teppið vegna tillagna norsku ríkisstjórnarinnar um breytta tolla á ýmsum landbúnaðarvörum. Á viðskiptavefnum e24.no er vitnað í viðtal Bendtsen við Nationen þar sem hann kveðst njóta stuðnings sænskra, þýskra og hollenskra þingmanna á Evrópuþinginu.

Bendtsen segir að tilraunir til þess að hafa áhrif á sendiherra Noregs hjá ESB, Atle Leikvoll, hafi verið eins og að skvetta vatni á gæs. „Það er greinilegt að Norðmenn bera ekki virðingu fyrir neinu nema fiski.“

Þingmaðurinn kveðst vinna að því að fá í gegn viðbrögð á þeim vettvangi. Fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja í Noregi óttast viðbrögð ESB við fyrirhuguðum tollabreytingum.

Norska ríkisstjórnin hefur lagt til að settur verði á prósentutollur í stað krónutolls á nautafillet, lambakjöt og harða osta. Gert



BENDT BENDTSEN

er ráð fyrir að breytingarnar taki gildi um áramót. Trygve Vedum landbúnaðarráðherra segir að markmiðið sé að auka matvælaframleiðslu í Noregi um 20 prósent á næstu árum. Þess vegna sé prósentutollur á vissar landbúnaðarvörur nauðsynlegur.

Sendiherra ESB í Noregi, János Herman, hefur afhent Vedum bréf framkvæmdastjóra landbúnaðarmála hjá ESB, Dacian Ciolos, þar sem hann lýsir yfir áhyggjum sambandsins vegna tollabreytinganna.

Norskur lagaprófessor, Fredrik Sejersted, segir breytingar sem leiða til hækkunar tolla brjóta í bága við anda 19. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt skýrslu OECD njóta norskir bændur mestra landbúnaðarstyrkja.

- ibs






**HÁSKÓLALÍF** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir mismun í niðurskurði til háskóla skýrast af nýjum verkefnum HÍ og fjölgun nemenda. Auk þess finnst henni mikilvægt að standa vörð um starf HÍ og fjölbreytt námsframboð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill standa vörð um starfið í HÍ

**Menntamálaráðherra rökstyður minni niðurskurð til HÍ miðað við HR með því að HÍ hafi tekið á sig fleiri nemendur og ný verkefni. Hún segir mikilvægt að verja hið fjölbreytta nám sem þar sé í boði.**

**MENNTUN** Mikilvægt er að standa vörð um Háskóla Íslands (HÍ) þar sem hann sinnir kennslu í öllum greinum. Þetta segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra í samtali við Fréttablaðið aðspurð um gagnrýni Ara Kristins Jónssonar, rektors Háskólans í Reykjavík (HR), vegna misræmis í niðurskurði í framlögum milli HR og ríkisháskólanna.

„Ef litið er á tölur um niðurskurð í framlögum til háskólanna sýna niðurstöðutölur að minna hefur verið skorið niður hjá HÍ, en á móti kemur að skólinn er bæði búinn að taka á sig önnur verkefni og nemendum þar hefur fjölgað langmest,“ segir Katrín.

Fram kom hjá Ara að 17,4 prósenta lækkun hefði orðið á framlögum til HR frá 2009, fært til núvirðis, fram að fjárlagafrumvarpi 2013. Niðurskurðurinn hjá HÍ hefði verið 0,7 prósent.

„Það má fara út í alls konar talnaleikfimi,“ segir Katrín, „en niðurskurðurinn á fjárlögum fyrir háskóla frá 2009 til 2012 er þrír milljarðar sem fara út úr kerfinu.“

Hún bætir því við að meðal þess sem HÍ hafi tekið á sig og hafi fylgt aukin framlög séu verkefni tengd aldarafmæli skólans auk þess sem fjölgun nemenda hafi verið langtum meiri í HÍ en öðrum skólum.

„Síðan er ekkert launungarmál að mér finnst mikilvægt að verja HÍ sem þann skóla sem sinnir kennslu í öllum greinum, og hafa framlög til hans þó verið skorin niður um tæpa 2,2 milljarða.“

Ari benti á það að HR skilaði flestum nemendum í tæknigreinum, sem væru afar eftirsóttir fyrir atvinnulífið. Engu að síður fengi skólinn minni fjárframlög á hvern nemanda en HÍ.

Katrín svarar því til að þetta megi skýra með því að framlög á hvern nemanda fari eftir námsgreinum, ekki skólum, og sé mikill munur þar á, allt frá 500.000 krónum á ári fyrir ódýrustu nemendurna upp í 2,6 milljónir fyrir tannlæknanema. Þannig fylgi verkfræðinemanda sama framlag í HR og HÍ.

„Stóri punkturinn í þessu öllu saman er að við höfum verið að skera niður í háskólakerfi sem var undirfjármagnað fyrir. Ef við berum okkur saman við OECD-löndin erum við undir meðaltali í framlögum á hvern nema og það er staðreynd sem virðist stundum gleymast.

HR hefur unnið mjög gott starf og hefur átt stóran hlut í að efla gæði menntunar. En ég held að áhersla allra skóla ætti að vera á að efla háskólastigið í heild.“

thorgils@frettabladid.is

## Opinberir eða óopinberir skólar?

Ari Kristinn sagði aðspurður um framtíð háskólakerfisins hér á landi að hann sæi fyrir sér að allir skólarnir yrðu reknir sem sjálfseignarstofnanir, frekar en hefðbundnar ríkisstofnanir.

Katrín segir þá umræðu vera frekar óþroskaða.

„Ég vil fá á hreint hvað eigi að vinnast með breyttu formi. Þessi leið hefur verið farin í Finnlandi og Danmörku og óljóst hvað hefur unnist þar. Mig minnir að í Danmörku gildi til dæmis enn öll lög um opinbera starfsmenn þrátt fyrir að skólarnir séu reknir sem sjálfseignarstofnanir. Þetta er allavega eitthvað sem kallar á mikla ígrundun og vinnu.“

Katrín segir fyrirkomulagið í Noregi og Svíþjóð vera á hinn veginn þar sem ríkisskólar séu við lýði.

„Í Svíþjóð eru meira að segja allir háskólar skilgreindir sem ríkisskólar, líka þeir tveir sem eru einkareknir, af því að þeir fá meirihluta framlaga frá hinu opinbera. Það ætti þá kannski að snúa dæminu við og spyrja hvenær skóli verður opinber. Er það þegar hann þiggur meirihlutann af sínum fjármunum frá hinu opinbera?“






Göngum til góðs

Landssöfnun 6. október 2012

**20.000 vannærðum börnum í Sómalíu** var hjúkrað til heilbrigðis með vítamínbættu hnetusmjöri frá Rauða krossinum árið 2011.
**Vertu með, gakktu til góðs á laugardaginn** eða taktu vel á móti göngufólki.
**Stuðningur þinn getur skipt sköpum í lífi barns í neyð.**

**Hringdu í söfnunarsíma Rauða krossins:**

| | | |
|---|---|---|
| 904 1500 | 904 3000 | 904 5000 |
| (1.500 kr. framlag) | (3.000 kr. framlag) | (5.000 kr. framlag) |

Skráning: **www.raudikrossinn.is**

Rauði krossinn

Íslandsspil kostar birtingu þessarar auglýsingar.

FÍTON / SÍA FI042451

# neytendur
*hagur heimilanna*

**73.138** **BÆKUR** voru lánaðar út frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni í fyrra. Fjöldinn er tæpum tíunda hluta undir því sem var áratug fyrr. Árið 2001 voru lánaðar út 80.879 bækur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Saumaskapur

***Nú er lítið mál að þræða nálina***



Hver sá sem þurft hefur að stoppa í sokka eða koma nálægt öðrum saumaskap hefur rekið sig á þann upphafsþröskuld verksins að þræða nálina. Í stað þess að sleikja endann á þræðinum og reyna þannig að beina endanum rétta leið má reyna að úða á hann hárlakki og á fingurgómana og nota til að slétta úr þræðinum og gera hann stífan. Ætti hann þá ljúflega að rata inn um nálaraugað.

■ **Fjarskipti**

## Flugfélagið SAS heimilar að talað sé í farsíma um borð



Frá og með áramótum geta þeir sem ferðast með SAS-flugfélaginu talað í farsíma um borð í vélum þess sem eru með þráðlaust net. Upplýsingastjóri SAS, Knut Morten Johansen, segir í viðtali við Aftenposten að ekki sé talið að breytingin muni skapa vandamál. Gert sé ráð fyrir að fólk taki tillit til annarra flugfarþega. Flugfélagið Norwegian hefur um skeið heimilað að talað sé í farsíma um borð í gegnum SkyCall. Að sögn upplýsingastjóra Norwegian, Lasse Sandaker-Nielsen, hafa farþegar ekki kvartað undan farsímanotkun um borð. Netnotkun er innifalin í flugmiðaverði hjá Norwegian. SAS hyggst hins vegar taka gjald fyrir netnotkun um borð.



■ **Matvæli**

## Neytendasamtökin vilja betri merkingar á matvörum

Upplýsa á um magn íbætts vatns á umbúðum fisk- og kjötvara. Ef varan er íshúðuð á íshúðin að teljast til umbúða og því ekki að koma fram í þyngd vörunnar. Þetta er ein af kröfum Neytendasamtakanna um merkingar á matvælum sem samþykktar voru á nýafstöðnu þingi þeirra. Á vef samtakanna er bent á að óheimilt sé að vigta umbúðir með vöru. Við útreikning á verði vörunnar eigi að draga þyngd umbúða frá. Neytendasamtökin segja að herða þurfi verulega eftirlit eftirlitsaðila með því að verslanir fari að settum reglum.

■ **Ferðalög**

## Bannað að borða ís og pítsur við sögulega staði í Róm



Borgaryfirvöld í Róm hafa sett lög sem banna vegfarendum að borða pítsur, ís, samlokur og annað úti á götu við sögufræga staði í miðjum gamla bæ Rómar, eins og Navona-torg, Panþeon og Spænsku tröppurnar. Þeir sem brjóta bannið eiga á hættu að þurfa að greiða 25 til 500 evrur, að því er kemur fram á vef norska ríkisútvarpsins sem vitnar í Daily Telegraph. Svipuð lög hafa verið sett í Flórens, Bologna og Feneyjum. Á síðastnefnda staðnum er til dæmis bannað að snæða nestið sitt á Markúsartorgi.



**HAUSTVERK** Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingur segir nauðsynlegt að kynna sér blómgunartíma tegundanna til þess að allir laukarnir komi ekki upp samtímis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vorið undirbúið með gróðursetningu lauka

**Nú er tíminn til þess að setja niður haustlauka, vilji menn njóta blóma í garðinum eða á svölunum í vor. Til þess að allir laukarnir komi ekki upp samtímis þarf að kynna sér hver blómgunartími tegundanna er.**

Það fer allt eftir veðurfari yfir veturinn hversu snemma fyrstu haustlaukarnir koma upp. Stundum má sjá vorboða, vetrargosa og krókus í mars, að því er Lára Jónsdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Blómavali, greinir frá.

„Snæstjarna, stjörnulilja og voríris eru á svipuðu róli og krókus og síðan taka páskaliljurnar við,“ segir hún.

Lára segir hægt að fá túlípana á þremur blómgunarskeiðum. „Það eru til túlípanar sem blómstra í lok apríl og byrjun maí. Aðrar tegundir koma upp í maílok og byrjun júní og svo eru til seinblómstrandi túlípanar sem byrja um miðjan júní og standa fram í júlí.“

Að sögn Láru njóta snemmblómstrandi tegundir sín hjá runnum áður en þeir laufgast. „Snemmblómstrandi tegundir eru einnig settar í steinhæðir til þess að þær blómstri áður en fjölæringarnir byrja.“

Jarðvegurinn þar sem laukar eru settir niður má ekki vera mjög blautur. „Það er til dæmis ekki gott að vera með lauka þar sem rennur af þakinu.“

Spurð að því hvort gefa eigi laukunum næringu við gróðursetningu segir Lára það ekki bráðnauðsynlegt. „En það má alveg strá nokkrum áburðarkornum á moldina að hausti.“

Lára bendir á að góðar upplýsingar um gróðursetningardýpt og blómgunartíma séu á umbúðum utan um laukana. „Við þurfum hins vegar að gera ráð fyrir að blómgunin sé seinni við íslenskar aðstæður.“ **ibs@frettabladid.is**



**GRÓÐURSETT** Laukarnir dafna best þar sem ekki er mjög blautt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KRÓKUS** Krókus er meðal þeirra tegunda sem koma fyrst upp á vorin.

www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

**Ratvís og víðsýnn**

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

ez sleep mattresses

# TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Rúm Gott
**Royal**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
**302.391**
Tvíbreitt - verð frá:
**566.991**
12 mán greiðsludreifing frá **49.243** á mánuði



Allt að **431.994 kr.** AFSLÁTTUR

Rúm Gott
**Classic**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
**190.049**
12 mán greiðsludreifing frá **16.732** á mánuði
Tvíbreitt - verð frá:
**346.995**



Allt að **178.956 kr.** AFSLÁTTUR

Rúm Gott
**Draumur**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
**131.985**
12 mán greiðsludreifing frá **11.724** á mánuði
Tvíbreitt - verð frá:
**228.488**



Allt að **111.423 kr.** AFSLÁTTUR

Rúm Gott
**Draumey**
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá:
**70.224**
12 mán greiðsludreifing frá **6.397** á mánuði
Tvíbreitt - verð frá:
**129.360**



Allt að **61.129 kr.** AFSLÁTTUR

## Aukahlutir á 50% afslætti

SÆNGURVER, LÖK, OG HEILSUKODDAR Á TILBOÐI Í OKTÓBER

## Arineldstæði á hausttilboði!



# ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# OKKAR LÁGA




**199.989**

Panasonic TXL47E5

47" FHD 1080p IPS Alpha LED LCD sjónvarp með Viera LIVE örgjörva og Viera Connect nettengingu o.fl.




**15.989**

CASIO

**Casio EXZS15SVORT**

Myndavél með 14.1 milljón punkta upplausn, 3" LCD snertiskjá, HD hreyfimyndatöku o.fl.




**12.989**

EPSON

**Epson SX430W**

Þráðlaus prentari og skanni með LCD skjá, þráðlausu netkorti, USB og kortalesara.

KENWOOD

**Kenwood KM282**

900w Prospero hrærivél með 4,3 l skál úr ryðfríu stáli. Sítruspressa, matvinnsluvél og glerblandari fylgja ofl.




**32.989**



**79.989**

Whirlpool

**Whirlpool AZB7570**

7 kg tvíátta barkalaus þurrkari með 6th Sense rakaskynjara. Stærð (BxHxD): 60x85x62sm.



**74.989**

Whirlpool

**Whirlpool AFG6262B**

258 lítra frystikista með 18kg frystigetu. Orkunýting B. Mál (hxbxd): 88,5x95x66sm.

TEXTI OG VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

## 0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !

Aðeins 3% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði


MAX VERÐ !
PHILIPS
99.989
32"
Philips 32PFL3517H
32" Full HD 1920x1080p LCD LED sjónvarp með Digital Crystal Clear, Youtube, Skyp, Wifi möguleika o.fl.
49.989
10,1"
ASUS
ASUS EEE 1015BX 215S
10,1" LED fartölva með öflugum AMD C-60 örgjörva, AMD Radeon HD6290M skjástýringu, 1GB í minni og 320GB disk.
18.989
WD
WD Elements
Traustur 2TB flakkari fyrir gögnin, kvikmyndirnar og tónlistina.
49.989
PHILIPS
Saeco
sense and simplicity
Philips Saeco HD8743
Sjálfvirk 1500w kaffivél fyrir heimilið. Ketill úr ryðfríu stáli. Keramík kvörn. Panarello flóunarstútur.
9.989
7.989
Ariete
Ariete 1784
500w matvinnsluvél með 2ja lítra skál. 2 hraðar og púls. Stál hnífur.
MELISSA
Melissa 631149
Shiatsu nuddsæti með Infrared hitun. 12/220v.
MAX
RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
BEINT Á MÓTI IKEA

**322 MILLJARÐAR KRÓNA** var markaðsvirði skráðra hlutabréfa í Kauphöll Íslands í lok ágúst.

Áætlun um afnám hafta:

## Áætlunin brátt skýrð betur

Áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta verður skýrð betur á næstu mánuðum. Þetta sagði Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri á kynningarfundi bankans vegna stýrivaxtaákvörðunar í gær. Arnór var spurður á fundinum í gær hvort til stæði að gera breytingar á áætluninni.

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) sendi frá sér yfirlýsingu í síðustu viku að lokinni tveggja vikna heimsókn hér á landi í síðustu viku. Í yfirlýsingunni voru lagðar til ákveðnar breytingar á áætlun stjórnvalda um afnám hafta. - mþl

Mannabreytingar hjá KPMG:

## Jón nýr framkvæmdastjóri

**Jón Sigurður Helgason hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra KPMG. Jón hefur starfað hjá félaginu í nítján ár, verið meðeigandi í þrettán ár og stjórnarformaður félagsins í sex ár.**

**Sigurður Jónsson, sem hefur látið af starfi framkvæmdastjóra, mun starfa áfram hjá félaginu. Þá hefur Margrét G. Flóvenz tekið við stöðu stjórnarformannsins, en hún var áður varaformaður stjórnar.** - mþl

# SA vilja skýrari samkeppnislög

**Mörg aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins telja samkeppnislöggjöfina og framkvæmd hennar of flókna. SA kynntu tillögur að úrbótum í gær en forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir þær draga taum stærri fyrirtækja.**

Íslensk samkeppnislöggjöf er flókin og óljós auk þess sem erfitt er að fá leiðbeiningar frá Samkeppniseftirlitinu um hvað teljist fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu. Þetta er mat margra aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins (SA) sem kynntu í gær skýrslu þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á íslenskum samkeppnislögum og framkvæmd þeirra.



VILHJÁLMUR EGILSSON

„Við erum þarna að kynna þau skilaboð sem við höfum fengið frá okkar félagsmönnum; fyrirtækjum sem eru að reyna að fara eftir lögunum. Það skiptir miklu máli til að lögin virki sem best að fyrirtæki viti, eða hafi í það minnsta á tilfinningunni hvort þau eru að gera rétt eða ekki,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

Vilhjálmur segir að íslensk samkeppnislöggjöf sé tiltölulega ný og hafi fyrir vikið verið í þróun. „Þetta er hins vegar grundvallarlöggjöf fyrir atvinnulífið. Í SA eru bæði fyrirtæki sem þurfa að leita réttar síns hjá samkeppnisyfirvöldum og eins fyrirtæki sem eru talin hafa brotið lögin. Útgangspunkturinn í skýrslunni er að finna þarf jafnvægi milli þessara hópa. Þá viljum við að framkvæmd laganna verði eins skilvirk og hægt er,“ segir Vilhjálmur.

Meðal breytinga sem SA leggur til á umhverfi samkeppnismála eru í fyrsta lagi að fjárhæðamörk sem gera fyrirtæki tilkynningarskyld vegna samruna verði hækkuð. Í öðru lagi að heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla verði felld úr gildi. Í þriðja lagi að heimild stofnunarinnar til breytinga á skipulagi fyrirtækja verði takmörkuð. Þá eru ýmsar aðrar tillögur í skýrslunni.



> Það er augljóst að hér er dreginn taumur stærri fyrirtækja og þeirra sem vilja starfa í friði fyrir Samkeppniseftirlitinu og samkeppnislögum.

PÁLL GUNNAR PÁLSSON
FORSTJÓRI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, flutti erindi á kynningarfundi SA í gær. Í kjölfarið birti hann pistil á vef stofnunarinnar um efni ræðunnar.

Páll Gunnar segir að Samkeppniseftirlitið telji tillögur SA draga taum stærri fyrirtækja. „Ef marka má skýrsluna eru tillögurnar settar fram sem viðhorf atvinnulífsins. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að megininntak tillagnanna er að draga úr framkvæmd samkeppnislaga. Það er augljóst að hér er dreginn taumur stærri fyrirtækja og þeirra sem vilja starfa í friði fyrir Samkeppniseftirlitinu og samkeppnislögum,“ segir Páll Gunnar.

Hann segir enn fremur: „Allar þessar tillögur vinna í eðli sínu gegn hagsmunum þeirra fyrirtækja sem þurfa á samkeppnislögum að halda til að komast inn á markaði og vaxa og dafna við hlið stærri fyrirtækja. Þær vinna gegn hagsmunum neytenda og samfélagsins af virkri samkeppni.“ magnusl@frettabladid.is



**SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ** Í nýrri skýrslu SA eru kynntar tillögur að úrbótum á samkeppnislögum og framkvæmd þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

MEISTARAVERK
mexíkóskra bókmennta eftir Elenu Poniatowsku
*Jesúsa: óskammfeilin, þverúðug og skuldlaus*
segir frá ævi og örlögum fátæku indíánakonunnar Jesúsu Palancares á stormasömum tímum í Mexíkó


★★★★
„Stórkostleg ævisaga konu sem endurspeglar það versta og besta í okkur öllum. Mannbætandi lestur.“
Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið
„Meistaraverk … Aðalpersónan Jesúsa er bæði ómótstæðileg og ógleymanleg.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið
„Lesandinn mun heillast …“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn
www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Vaxtahækkanir líklegar á næstunni miðað við óbreyttar horfur:

# Stýrivöxtum Seðlabankans haldið óbreyttum um sinn

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnti í gær þá ákvörðun sína að halda nafnvöxtum bankans óbreyttum. Eftir ákvörðunina eru virkir nafnstýrivextir bankans sem fyrr 5,125%.

Í yfirlýsingu nefndarinnar er bent á að verðbólga hafi verið minni en spáð var við síðustu vaxtaákvörðun; hafi lækkað úr 4,6% í ágúst í 4,3% nú. Á móti komi að gengi krónunnar hefur lækkað um ríflega 5% frá síðustu vaxtaákvörðun. Að teknu tilliti til þessa telur nefndin að verðbólguhorfur hafi lítið breyst frá síðustu vaxtaákvörðun og að verðbólguvæntingar séu enn yfir markmiði bankans.

Þá ítrekar nefndin það mat sitt að eftir því sem efnahagsbatanum vindi fram verði nauðsynlegt að hækka raunstýrivexti. Að hve miklu leyti sú aðlögun eigi sér stað með hærri nafnstýrivöxtum fari hins vegar eftir framvindu verðbólgu.

Í yfirlýsingu nefndarinnar frá því í gær er þó að finna harðari tón en síðast. Í henni er nefnilega tekið fram að miðað við óbreyttar horfur um verðbólgu og efnahagsbata sé líklegt að nafnvextir þurfi að hækka frekar á næstunni.

Þá vék Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri, að þróun efnahagsmála á kynningarfundi vegna ákvörðunarinnar í gær. Sagði hann ýmislegt benda til þess að dregið hefði úr bata innlendrar eftirspurnar en á móti hefði áhætta vegna fjármálakreppunnar á evrusvæðinu minnkað.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar virðist hafa komið nokkuð á óvart. Þannig lækkaði ávöxtunarkrafa á alla nema lengstu ríkisskuldabréfaflokka í gær sem bendir til þess að frekar hafi verið búist við vaxtahækkun. Spár helstu greiningaraðila höfðu ýmist gert ráð fyrir 0,25 prósentustiga vaxtahækkun eða þá því að vöxtum yrði haldið óbreyttum.

Eins og áður sagði eru virkir nafnstýrivextir bankans 5,125%. Virkir raunstýrivextir hafa hins vegar hækkað úr um 0,5% í um 0,8% frá síðustu vaxtaákvörðun. Aðhald peningastefnunnar hefur því aukist samhliða lækkandi verðbólgu upp á síðkastið. Næsta vaxtaákvörðun verður kynnt 14. nóvember. magnusl@frettabladid.is



**SÖLVHÓLL** Þeir Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu ákvörðun peningastefnunefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ekki forsendur til almennra launahækkana

Talsverðar umræður spunnust um áhrif þeirrar lækkunar sem orðið hefur á gengi krónunnar síðustu vikur á verðbólguhorfur á kynningarfundi peningastefnunefndarinnar í Seðlabanka Íslands í gær. Í því samhengi sagði Már Guðmundsson meðal annars: „Ef gengi krónunnar lækkar […] en laun fylgja ekki eftir þá breytir það í raun ekki verðbólgunni til lengdar. Það kemur smá kúfur fyrst um sinn en svo stefnir verðbólgan í verðbólgumarkmið. […] Sem betur fer hefur launaskrið undanfarið verið eitthvað minna en við óttuðumst. Mikið veltur hins vegar á því hvað verður gert varðandi endurskoðun kjarasamninga. Við teljum ekki efnahagslegar forsendur fyrir einhverjum viðbótarlaunahækkunum þar fyrir allt kerfið í heild. Ef það gerist mun það hafa verðbólguafleiðingar og Seðlabankinn mun þurfa að bregðast við því.“

# Haust tiltekt



## Gæðaparket, undirlegg og lím





Bostik Parketlím
PK 40 14 kg
**4.990,-**



Hljóðeinangrandi
undirlag pr. m²
**790,-**





Parketundirlag
Rúlla 16,5m²
**2.490,-**



Parket Eik Natur lökkuð
2200 X 189 X 14/3mm T&G
**2.690,-** pr. m²



Plankaparket Eik natur
1900x189x14/3mm T&G
**4.790,-** pr. m²



Parket Eik hvítuð olíuborin
2200 X 189 X 14/3mm T&G
**2.690,-** pr. m²

## Sturtuklefi og sturtuhorn



Sturtuklefi 80x80 cm
með botni, vatnslás og botnventli
**38.900,-**



MILAN sturtuhorn 90x90 cm með
botni og vatnslás
**21.900,-**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

## Flísar á fínu verði!



JMT-PE6021
Flís, dökkgrá gólf, 30x60 cm
**1.990,-** pr m²



E6v063
Flís, brún gólf, 30x60 cm
**1.990,-** pr m²

## Meðan birgðir endast...

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skynsamleg stefna um að verja þjóðarhag:

## Talað inn í tómarúmið á miðjunni

Breytt framtíðarsýn fyrir unga Íslendinga er útgangspunktur þess breiða hóps, sem í fyrradag hittist á Hótel Nordica og samþykkti ályktun undir fyrirsögninni „samstaða um þjóðarhagsmuni“.

Í ályktuninni er bent á að mikilvægasta verkefni íslenzkra stjórnmála sé að tryggja sambærileg lífskjör og í nágrannalöndunum. Við ungu fólki á Íslandi blasi hins vegar framtíð með lægri launum, dýrara lánsfé, minna athafnafrelsi og veikara velferðarkerfi. Fyrirsjáanlegt sé að Ísland muni búa við takmarkanir á viðskiptafrelsi um langa framtíð, verði ekkert að gert. Hugmyndir um gjaldeyrishöft í nýju formi sýni að óbreytt staða sé óhugsandi og endurskoðun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sé óhjákvæmileg.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Til að jafna samkeppnisstöðu við nágrannalöndin telur hópurinn nauðsynlegt að ná breiðri samstöðu um fjögur markmið. Í fyrsta lagi agaða hagstjórn, sem miði að fjármálastöðugleika og upptöku nothæfs gjaldmiðils. Í öðru lagi traustan pólitískan stuðning við efnahagsmarkmiðin og aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið, því að aðeins þannig náist eins hagstæður samningur og mögulegt sé. Í þriðja lagi nýja, raunhæfa áætlun um aðildarviðræðurnar – sem þýðir væntanlega í raun að í þær verði tekinn sá tími sem þarf, þannig að makríldeilan þvælist til dæmis ekki fyrir viðræðum um sjávarútveg og að það sjái fyrir endann á glímu ESB við ríkisfjármála- og skuldavanda. Í fjórða lagi að stjórnarskránni verði breytt þannig að þjóðin geti tekið ákvarðanir um stöðu Íslands í Evrópu á næsta kjörtímabili. Það þýðir að sett verði í hana ákvæði um að framselja megi vald til alþjóðastofnana.

Fundurinn ítrekaði það rökrétta sjónarmið að ekki eigi að veikja stöðu Íslands með því að útiloka einstaka kosti, það er að segja aðildina að ESB, á meðan ekki sé vitað að aðrir vegir séu færir. Það sem einkennir málflutning allra þeirra, sem vilja draga aðildarumsóknina til baka, er að þeir vita ekki hvaða aðra leið á að fara til að verja framtíðarhagsmuni Íslendinga.

Hópurinn sem samþykkti þessa ályktun býr að mikilli þekkingu og reynslu. Hann er saman settur úr framáfólki úr vísindum, menntakerfi, atvinnulífi og stjórnmálum. Þeir sem komið hafa nálægt pólitík eru flestir úr Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Samfylkingu.

Með þessum málflutningi er talað beint inn í tómarúmið á miðjunni, sem þessir þrír flokkar hafa allir vanrækt. Ályktunin er eins og fyrstu drög að stefnuskrá efnahagslega frjálslynds, alþjóðasinnaðs flokks – sem er ekki til á Íslandi í dag en margir gætu hugsað sér að kjósa.

Forsvarsmenn hópsins segjast ekki ætla sér í framboð, alltént ekki að svo stöddu. Hins vegar hljóta forystumenn í áðurnefndum þremur flokkum að hugsa sitt. Hvernig ætla þeir að ná atkvæðum þeirra kjósenda sem hugsa eins og þessir 72, sem settu nöfn sín undir ályktunina?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Við erum
flutt
í Skútuvog 11
( Beint á móti Húsasmiðjunni og Blómavali )
Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn
www.las.is
Verslun: Skútuvogi 11 • 104 Reykjavík • 510 8888

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einn áhugalaus

Eftir að Jóhanna Sigurðardóttir tilkynnti í síðustu viku að hún væri á leið úr stjórnmálum fóru af stað miklar vangaveltur um það hver yrði arftaki hennar, eins og við var að búast. Haft var samband við framáfólk í Samfylkingunni sem flest þóttist moðvolgt fyrir því að gefa kost á sér en var líklega flest ýmist mun volgara en það lét uppi – nú, eða mun fráhverfara því. Einungis einn var harður á því að hann hefði engan áhuga. Sá heitir Össur Skarphéðinsson og hefur reyndar áður verið formaður Samfylkingarinnar.



### Fléttan

Strax og umræðan fór á flug þóttust sumir sjá fléttu næstu vikna og mánaða í hendi sér: Deilur mundu að vonum rísa um það hver hinna kölluðu ætti að taka við kaleik Jóhönnu. Fljótlega færu að berast fréttir af því að ónefnt Samfylkingarfólk væri farið að þrýsta á Össur að taka að sér verkefnið til að lægja öldurnar. Hann mundi svo taka svokallaðan Ólaf Ragnar, svara kallinu og láta til leiðast af einskærri fórnfýsi.

### Fyrsta frétt

Og viti menn. Í gær barst frétt af því að ónefndir Samfylkingarmenn væru farnir að þrýsta á Össur að gefa kost á sér til formennsku. Hann hefur það í hendi sér hvort spádómurinn rætist enn frekar, en glæst frammistaða hans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um helgina vakti á honum verðskuldaða athygli og verður síst til þess að skemma fyrir honum ef hann ákveður að láta undan þrýstingnum.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Ja hérna, ólýðræðisleg þjóðaratkvæðagreiðsla!

Ný stjórnarskrá



Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður

Stundum verð ég orðlaus, ekki oft samt. Það gerðist þó þegar ég heyrði að formaður Sjálfstæðisflokksins teldi þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október ólýðræðislega. Mér skildist að það væri vegna þess að hann teldi að stjórnarflokkarnir ætluðu að nota niðurstöðurnar til að rökstyðja það sem best hentaði stefnu þeirra.

Það var stefna stjórnarflokkanna að efna til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrána. Sjálfstæðisflokkurinn var andvígur því. Málamiðlun náðist á Alþingi um að skipa stjórnlaganefnd, boða til þjóðfundar og loks halda stjórnlagaþing. Mig minnir að það hafi verið hugmynd stjórnarandstöðunnar að halda þjóðfundinn.

Af hverju þessi málamiðlun? Jú, til þess að reyna að vinna það mikilvæga verkefni sem endurskoðun stjórnarskrárinnar er í sem mestu samkomulagi þjóðar og þings. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu ekki atkvæði með heildartillögunni. Þeir voru sjálfum sér samkvæmir í því að þiggja eða kannski taka en gefa ekkert til baka. Líklegast er barnaskapur að ergja sig yfir því.

Þverskurður fólksins í landinu, 950 manns, mætti á þjóðfundinn. 522 – fimm hundruð tuttugu og tveir – buðu sig fram til stjórnlagaþings. Hæstiréttur komst að þeirri skrýtnu niðurstöðu að framkvæmd kosninganna hefði verið á þann veg að rétt væri að ógilda kosninguna. Alþingi ákvað að skipa þá fulltrúa sem hlutu kosningu í stjórnlagaráð.

Stjórnlagaráð náði samkomulagi um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Það hefur Alþingi ekki tekist í gegnum áratugina þrátt fyrir margar stjórnarskrárnefndir. Stjórnlagaráðið byggði á niðurstöðum þjóðfundarins. Nú er fólkið í landinu spurt hvort það vilji að frumvarp að nýrri stjórnarskrá verði byggt á tillögum stjórnlagaráðsins. – Ég fæ ekki séð að það þurfi að túlka niðurstöðu úr þeirri atkvæðagreiðslu. Annaðhvort segir meirihluti þeirra sem taka þátt já eða þeir segja nei. Það er ekki flóknara en það. Ég trúi því að fleiri muni segja já.

Sumir stjórnmálamenn og sumir lögfræðingar telja sig eina til þess fallna að gera tillögu að stjórnarskrá. Þeir telja sig hafa einhverja eiginleika sem við hin höfum ekki. Stjórnarskráin er fyrir okkur öll og hún verður best ef hún kemur frá fólkinu í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Á að hljóðrita ríkisstjórnarfundi?

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT



Róbert R. Spanó
prófessor og forseti Lagadeildar HÍ

Ríkisstjórn er vettvangur samráðs ráðherra um stjórn landsins. Stjórnskipunin gerir ráð fyrir því að þar séu rædd mikilvæg stjórnarmálefni sem hafi áhrif á hag allrar þjóðarinnar. Það má því fullyrða að margir hefðu áhuga á því að vera fluga á vegg á ríkisstjórnarfundum. Fáir hafa upplifað það og fáir sem munu upplifa það í framtíðinni. Eða hvað?

Með nýju Stjórnarráðslögunum frá 2011 lögfesti Alþingi svohljóðandi ákvæði: „Allir fundir ríkisstjórnarinnar skulu hljóðritaðir og afrit geymt í vörslu Þjóðskjalasafns. Hljóðritanir þessar skulu gerðar opinberar að 30 árum liðnum frá fundi.“ Upphaflega var gert ráð fyrir að fyrirkomulagið kæmi til framkvæmda 1. janúar sl. Alþingi ákvað hins vegar í lok síðasta árs að slá því á frest til 1. nóvember nk. Talið var nauðsynlegt að taka áður afstöðu til lagalegra álitaefna um aðgangsrétt almennings, fjölmiðla, sérstakra eftirlitsaðila og stjórnvalda sjálfra, auk álitaefna um ráðherraábyrgð. Liggur nú fyrir Alþingi að ákveða hvort þetta fyrirkomulag komi til framkvæmda og þá hvort gera þurfi breytingar á lögum um framangreind atriði áður en það gerist.

Að þessu sinni verður rætt um rökin með og á móti því að hljóðrita ríkisstjórnarfundi. Þá verður farið nokkrum orðum um aðgang að afritum hljóðritana ef Alþingi heldur fast við fyrirætlanir sínar. Í samræmi við siðareglur háskólamanna er rétt að upplýsa að þessi pistill er að hluta byggður á álitsgerð sem höfundur vann að beiðni forsætisráðherra og nýlega var kynnt á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Þá hefur höfundur jafnframt fjallað um hluta þessa efnis í ritstjórnargrein í 1. hefti Tímarits lögfræðinga 2012.

**Rök með og á móti því að hljóðrita ríkisstjórnarfundi**

Í upphaflegu frumvarpi því er varð að Stjórnarráðslögum var ekki gert ráð fyrir því að ríkisstjórnarfundir yrðu hljóðritaðir heldur var því bætt við frumvarpið með breytingartillögu meirihluta allsherjarnefndar. Ekki var fjallað ítarlega um rökin að baki tillögu meirihlutans. Í meginatriðum var aðeins sagt að verið væri að bregðast við ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og tillögum í skýrslu og ályktun þingmannanefndar Alþingis. Vísað var til þess að stjórnvöld sækja umboð sitt til þjóðarinnar og starfa í hennar þágu. Rétt er þó að taka fram að ekki var rætt sérstaklega um þörf á að hljóðrita ríkisstjórnarfundi í skýrslum rannsóknarnefndar eða þingmannanefndar Alþingis.

Af þessu má draga þá ályktun að markmið Alþingis með því að mæla fyrir um hljóðritun ríkisstjórnarfunda hafi verið að auka gegnsæi í íslenskri stjórnsýslu í samræmi við lýðræðislegar undirstöður hennar.

**En eru þetta sterk rök þegar grannt er skoðað?**

Fyrir fram má álykta að sögulegt gildi hljóðritana af fundum ríkisstjórnar yrði töluvert. Sú ályktun er þó að verulegu leyti háð því að framkvæmd og eðli ríkisstjórnarfunda taki ekki efnislegum breytingum þótt þeir séu teknir upp. Óhætt er hins vegar að fullyrða að hljóðritanir á ríkisstjórnarfundum geti haft í för með sér að eðli slíkra funda taki nokkrum breytingum frá því sem nú er. Ganga verður út frá því að frjáls og óheft skoðanaskipti á milli ráðherra um stefnumótandi mál myndu takmarkast á fundum ríkisstjórnar. Að teknu tilliti til þess að ríkisstjórnarfundir eru samráðs- og samhæfingarvettvangur ráðherra er því ekki augljóst að veruleg formbinding umræðna þar væri að öllu leyti af hinu góða fyrir þjóðarhag. Með þetta í huga vaknar sú spurning hvort of langt sé gengið með hljóðritun ríkisstjórnarfunda. Finna verður eðlilegt jafnvægi á milli þess markmiðs að skapa gegnsæi um störf ríkisstjórnarinnar og mikilvægi þess að ráðherrarnir séu ekki heftir í því að ræða þar opinskátt um mikilvæg málefni. Skýrar reglur um ritun fundargerða á ríkisstjórnarfundum gætu ef til vill náð því markmiði að auka nægilega gegnsæi um störf ríkisstjórnarinnar án þess að hefta frjálsar umræður.

Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að hafi það verið ætlunin að aðgangur að hljóðritunum yrði að öllu leyti lokaður í þrjátíu ár frá fundi er óljóst hvaða tilgangi hljóðritanir eigi að hafa fyrir utan að verða grundvöllur framtíðarrannsókna á sviði sagnfræði. Að minnsta kosti er ljóst að þá yrði vart náð því markmiði hljóðritana að vera þáttur í lýðræðislegu aðhaldi samtímans með störfum ríkisstjórnar. Loks liggur fyrir að þetta fyrirkomulag hefur hvergi verið tekið upp í þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við. Samandregið virðist skorta á að nægileg rök hafi verið sett fram fyrir því að hljóðrita ríkisstjórnarfundi.

**Aðgangur að hljóðritunum á ríkisstjórnarfundum**

Stjórnarráðslögin gera ráð fyrir því að hljóðritanir skuli gerðar opinberar að 30 árum liðnum. Þetta ákvæði útilokar þó ekki að þeir, sem eiga aðgang að gögnum í vörslum stjórnvalda á grundvelli sérstakra lagaheimilda, kunni að eiga rétt á að fá slíkar hljóðritanir strax og þær verða til. Upplýsingalög gera t.d. ráð fyrir því að almenningur eigi ekki aðgang að fundargerðum ríkisstjórnar. Til að sama ætti við um hljóðritanir af fundum ríkisstjórnar þyrfti að breyta upplýsingalögum. Þá mæla lög fyrir um að rannsóknarnefndir, sem Alþingi setur á laggirnar, og umboðsmaður Alþingis, geti átt aðgang að slíkum hljóðritunum ef lögum er ekki breytt. Rannsóknarnefndir geta m.a. haft því hlutverki að gegna að afla upplýsinga í málum þar sem kann að reyna á ráðherraábyrgð. Athugunum umboðsmanns Alþingis er einnig ætlað að varpa ljósi á störf ráðherra. Ef markmiðið er að auka gegnsæi í störfum ríkisstjórnar skortir því rök til þess að þessir eftirlitsaðilar á vegum Alþingis hafi ekki slíkan aðgang.

Um aðgang annarra aðila, eins og þingnefnda á borð við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, skapast hins vegar margvísleg álitamál. Eiga þingmenn sem þar sitja að hafa aðgang að hljóðritunum ríkisstjórnarfunda, og ef svo er, að uppfylltum hvaða skilyrðum? Forsætisráðuneytið, sem sá aðili sem ber að afhenda Þjóðskjalasafni afrit af hljóðritunum, hefur að lögum rétt til að fá slík afrit afhent þegar eftir því er óskað. Er rétt að forsætisráðherra hafi aðgang að hljóðritunum ríkisstjórnarfunda í fortíðinni? Þessar eru meðal þeirra erfiðu spurninga sem Alþingi þarf að svara haldi það fast við fyrirætlanir sínar. Loks verður að halda því til haga að jafnvel þótt Alþingi tæki þá ákvörðun að loka alveg fyrir aðgang að hljóðritunum þyrfti aðeins meirihluta á Alþingi í framtíðinni til að breyta þeirri ákvörðun og opna fyrir aðgang að þeim, að hluta eða að öllu leyti.

> Finna verður eðlilegt jafnvægi á milli þess markmiðs að skapa gegnsæi um störf ríkisstjórnarinnar og mikilvægi þess að ráðherrarnir séu ekki heftir í því að ræða þar opinskátt um mikilvæg málefni.

**Samantekt**

Markmið Alþingis með samþykkt ákvæðis um hljóðritun ríkisstjórnarfunda var vissulega göfugt. Eins og að framan hefur verið rökstutt virðist þó mega draga í efa að nægileg rök hafi verið sett fram fyrir þessu fyrirkomulagi.

Ef til vill væri rétt að huga í staðinn að því að gera frekari breytingar á lagaákvæðum um skráningu fundargerða og opinbera birtingu þeirra innan hæfilegs tíma til að tryggja aukið gegnsæi með störfum ríkisstjórnar í þágu lýðræðislegs aðhalds.

**AF NETINU**

### Engar líkur á breytingum

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók við 2007 hugsuðu margir að þarna væri komið tækifæri til að taka til í landbúnaðarkerfinu. Eins og allir vita fór tími ríkisstjórnarinnar í annað.

Nú er staðan þannig að varla neitt ríkisstjórnarmunstur er í kortunum sem mun hagga við þessu kerfi. Það hefur heldur ekki verið til umræðu um langa hríð, nema þá í tengslum við ESB-aðild. Forysta Bændasamtakanna er algjörlega á móti ESB, og hún hefur eignast bandamenn, sem eru kannski allir ekki ýkja hrifnir af háum landbúnaðarstyrkjum, en telja að best sé að hafa bændaforingjana með sér í liði.

http://eyjan.pressan.is/silfuregils/

**Egill Helgason**




FORNÁM Í FORRITUN

UNDIRBÚNINGUR FYRIR DIPLÓMANÁM Í FORRITUN

**Um námskeiðið**

Forritun er fjölbreitt, skapandi, alþjóðleg, krefjandi og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt vantar nýja og skapandi starfskrafta. Þeir sem hafa stúdentspróf eða hliðstæða menntun geta valið að fara beint í Diplómanám í forritun.

**Markmið námsins**

Markmið þessa námskeiðs er að nemendur læri undirstöðuatriði forritunar og er jafnframt undirbúningur fyrir Diplómanám í forritun. Einnig gerir fornámið nemendum kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut, í Diplómanám (282 stundir) og þaðan í Leikjaforritun (204 stundir) sem hvorutveggja eru kennt hjá NTV.

**Inntökuskilyrði**

Nemendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri og hafa lokið að minnsta kosti tveimur árum í framhaldsskóla. Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem námsgögn eru á ensku.

**Næsta námskeið**

Hefst: 16. október og lýkur 1. desember. Kennt er þri. og fim 18.00 - 22.00 og annan hvern laugardag frá 8:30 - 12:30.

**Námsþættir**

- Tölvur, hugtök og stýrikerfi (18 stundir)
- Stærðfræði (30 stundir)
- Java forritun (60 stundir)

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
– VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
ntv

# Yfirstjórn upplýsingakerfa

Upplýsingakerfi

**Jón Finnbogason**
meistaranemi í Upplýsingastjórnun við CBS Kaupmannahöfn



Bókhaldskerfi ríkisins var mikið í umræðunni í síðustu viku eftir uppljóstranir Ríkisútvarpsins um drög að þriggja ára gamalli skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þó nokkur atriði hafa þótt fara úrskeiðis við rekstur og þróun kerfisins og ábyrgð á því virðist lenda á milli stofnana. Greinilegt er að eftirliti hefur verið ábótavant og menn gerst uppvísir að því að draga lappirnar við það. Fyrrverandi Ríkisendurskoðandi bendir svo á takmarkanir eftirlitsaðilans því stofnunin hafi í raun ekki haft þekkingu til að meta innleiðinguna sem þessa. Sem betur fer hafa uppljóstrarar ákveðið að leka skjölum til fjölmiðla til að vekja máls á málinu. Næsta skref er að læra af þessu og breyta starfsháttum hins opinbera, sérstaklega undirliggjandi þáttum í stjórnun upplýsingakerfa, til að fyrirbyggja áframhaldandi vandræðagang.

**Stjórnun upplýsingakerfa**

Eftir því sem næst verður komist hefur í raun enginn yfirstjórn kerfisins á sinni könnu. Stærstur hluti liggur hjá Fjársýslunni sem á að vera svokallaður eigandi kerfisins og hefur ábyrgð á rekstri og þróun. Fjársýslan er hins vegar í eðli sínu að vinna í fjárstreymi og bókhaldi, og hefur hvorki sérþekkingu á þróun né innleiðingu upplýsingakerfa. Þess utan eru hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti með sínar eigin sérlausnir inni í kerfinu, sem gerir kerfið brotakennt. Sundurliðun yfirstjórnar er því umtalsverð og vöntun á skýrri verkaskiptingu hefur orðið til þess, eins og frægt er orðið, að umræddar sérlausnir hafa hætt að virka við uppfærslur Oracle-kerfisins. Sérstakur aðili sem sér um utanumhald og þróun kerfisins er ekki til eftir því sem næst verður komist en slíkar deildir er hins vegar að finna í nágrannalöndum okkar. Til að mynda í Danmörku er starfandi Digitaliseringsstyrelsen og Statens IT hjá danska fjármálaráðuneytinu. Forvera þeirra var að finna víðs vegar innan stjórnkerfisins en með ríkari þörf á heildstæðari stefnu hefur starfinu nýverið verið safnað undir sama hattinn. Hlutverk þeirra, eins og kemur fram á heimasíðum þeirra, er að hafa yfirumsjón, staðla og samræma rekstur upplýsingakerfa stjórnkerfisins, aukinheldur að auðvelda aðgengi fólks að hinu opinbera og vera vakandi fyrir hvers konar sparnaði sem hægt væri að ná fram með tækninni. Það væri að mínu mati afar gott skref í rétta átt ef sett yrði á fót stofnun sem bæri ábyrgð á þessum vaxandi málaflokki framtíðarinnar. Mikilvægt er að öllum öngum af tölvukerfum hins opinbera sé viðhaldið af fagfólki með það að markmiði að tryggja gæði, halda kostnaði í skefjum og fyrirbyggja niðritíma, t.d. af völdum tölvuárása.

**Sýnileiki**

Viðbrögð Ríkisendurskoðanda við lekanum á drögum að skýrslu Ríkisendurskoðunar voru vægast sagt ekki uppörvandi fyrir litla Landssímamanninn og vini hans. Ríkisendurskoðandi vildi kæra lekann til lögreglunnar. Ég hvet stjórnvöld til að sleppa þeim málarekstri í þessu tilviki þar sem hagsmunir ríkisins eru ekki varðir með því. Virkur stuðningur við þá sem leka upplýsingum sem eiga erindi við almenning er forsenda þess að fólk hættir á að leka svona málum, sérstaklega þar sem ljóst er að þetta mál átti líklegast eftir að daga uppi ef ekkert yrði að gert.

Segja má að eftirliti með eftirlitsaðila löggjafarvaldsins hafi verið ábótavant í þessu tilviki, vald einstakra embættismanna til að þagga þetta mál var of mikið. Þegar rýnt er í fræðin varðandi meðhöndlun kvartana er það vel þekkt og sannað að slæm tíðindi ná sjaldnast eyrum valdhafa ef hagsmunir boðberanna sjálfra og tengdra milliliða eru í húfi. Þess vegna er mikilvægt að bæta eftirlit með eftirlitsaðilum hins opinbera.

**Næstu skref**

Sérstaklega mikilvægt er að setja á fót sérstakt embætti sem ber ábyrgð á þróun og rekstri upplýsinga- og tæknikerfa hins opinbera. Einnig þarf að auka eftirlit með einstökum þáttum í rekstri ríkisins og búa þarf til lagaumhverfi sem auðveldar almennum starfsmönnum að koma áhyggjum sínum og gögnum á framfæri.

# Sérstaða Íslands

Fjármál

**Pétur Einarsson**
forstjóri Straums fjárfestingabanka



Á þriðjudag kom út skýrsla sérfræðingahóps á vegum Evrópusambandsins sem segir að setja þurfi meiri takmarkanir á fjármálakerfið en gert er í núverandi reglum. Þannig á að koma í veg fyrir að kostnaður vegna hruns fjármálakerfis lendi á herðum almennings. Sú niðurstaða er í samræmi við skýrslur sem hafa verið gefnar út í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þessar tillögur eru skref í rétta átt en engu að síður málamiðlun sem er gerð til að mæta sjónarmiðum stórra alþjóðlegra banka.

Reglusetning á Íslandi þarf að ganga lengra til að koma í veg fyrir að Íslendingar beri kostnað af áhættusækinni bankastarfsemi sem byggð er á innlánum almennings. Ef ákveðið er að skilja fjárfestingabankastarfsemi frá innlánastarfsemi er verið að lágmarka það tjón sem fellur á almenning við fjármálahrun. Fjárfestingabankastarfsemi er ekki stór á Íslandi í dag og því er aðskilnaður mögulegur og auðveldur. Lög um aðskilnað myndu einnig stuðla að virkari samkeppni á fjármálamarkaði. Þá rúmast slík löggjöf innan EES-samningsins og myndi sýna að Íslendingar hefðu lært af biturri reynslu sinni.

Íslensk stjórnvöld verða að átta sig á sérstöðu Íslands og aðskilja fjárfestingabankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi. Í Gallup-könnun sem birt var í vikunni kemur fram að 80% landsmanna eru fylgjandi slíkri lagasetningu.

# Stjórnarskrá og mannréttindi

Ný stjórnarskrá

**Baldur Kristjánsson**
**Hjalti Hugason**
**Sigrún Óskarsdóttir**
guðfræðingar

Innan fárra vikna gefst okkur kostur á að taka afstöðu til djörfustu endurskoðunar á stjórnarskrá okkar á lýðveldistímanum. Í raun er um að ræða róttækustu endurskoðun frá 1874. Við stofnun konungsríkisins Íslands 1918 og síðar lýðveldisins 1944 var byggt á grunni stjórnarskrárinnar frá 1874 og þar með dönsku grundvallarlögunum frá 1849. Þjóðaratkvæðagreiðslan 20. okt. er því tímamótaviðburður.

Mikilvægt er að þjóðin taki þátt í atkvæðagreiðslunni og sýni þannig í verki hvaða stefnu hún vill að stjórnarskrármálið taki. Í stjórnarskrárgerð er ekki tjaldað til einnar nætur. Þegar þjóðaratkvæðagreiðsla stendur fyrir dyrum hlýtur því að teljast eðlilegt að spurt sé gagnrýninna lykilspurninga um inntak og útfærslur í þeirri tillögu sem afstaða skal tekin til. Af þeim sökum vekur furðu hversu lítið hefur farið fyrir umræðum um frumvarp Stjórnlagaráðs nú í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

**Gagnrýninnar umræðu er þörf**

Stjórnarskrá er grundvöllur löggjafar í landinu, stjórnarhátta og réttarfars. Þess vegna er stjórnarskráin grundvöllur samfélagsins og sá sáttmáli sem við byggjum samlíf okkar á sem þjóð. Spurningum um gildismat og siðfræði verður að gefa gaum áður en gengið er að kjörborði. Mannréttindi í fjölbreyttu nútímasamfélagi hljóta að skipa verðugan sess í endurskoðaðri stjórnarskrá. Þá er mikilvægt að spyrja hvort frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá leggi nægilega traustan grunn að því félagslega réttlæti sem við viljum að ríki. Þá þarf að spyrja hvort frumvarpið tryggi almenningi þá aðkomu að opinberum ákvörðunum og leggi að öðru leyti traustar undirstöður að því lýðræði og því réttarríki sem við viljum búa við. Teljum við með öðrum orðum að frumvarp Stjórnlagaráðs leggi grunn að góðu og öruggu samfélagi fyrir okkur, börn okkar og komandi kynslóðir?

**Ákvæði um þjóðkirkju á ekki að vera það eina sem þjóðkirkjan lætur sig varða**

Hvert og eitt okkar hlýtur að spyrja sig þeirra spurninga sem að ofan getur. Það er líka eðlilegt að vænta þess að ýmsar lykilstofnanir samfélagsins og almannasamtök geri slíkt hið sama. Í þeirra hópi má m.a. líta til þjóðkirkjunnar. Hún er stofnun sem eðlilegt er að láti sig gildismat og siðferðileg álit varða – einnig þegar þau hafa félagspólitíska skírskotun eins og raun er á í stjórnarskrármálinu.

Þjóðkirkjan hefur vissulega tjáð sig varðandi tillögu stjórnlagaráðs. Þann 1. sept. sl. var kallað saman aukakirkjuþing til að fjalla um málið en kirkjuþing er æðsta stjórn þjóðkirkjunnar. Á þinginu var samþykkt að hvetja „til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð“. Með þessari ályktun er kirkjuþing ekki að mæla fyrir óbreyttu ástandi. Þjóðkirkjan er í raun að lýsa sig reiðubúna til að taka þátt í þróun trúmálaréttar fyrir 21. öld og sér sanngirni í að staða annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga verði skilgreind með nákvæmari hætti en nú er. Með skýrari skilgreiningu verður dregið úr þeim mismun sem nú er á stöðu þeirra og þjóðkirkjunnar.

Það er eðlilegt að þjóðkirkjan taki frumkvæði á þessu mikilvæga sviði fjölhyggjusamfélagsins. Hún er stærsta trú- og lífsskoðunarfélag landsins og henni ber sem slíkri að berjast fyrir auknum rétti yngri og smærri systurfélaga sinna. Í ljósi stærðar sinnar og hlutverks er eðlilegt að þjóðkirkjan hafi einnig skoðun á því hvort nægilega vel sé búið um hnútana í þeim hlutum frumvarpsins sem lúta að mannréttindum, mannhelgi, jafnrétti og jöfnuði.

Þorum við að taka umræðu um gildi og gildismat? Einhverra hluta vegna virðist sú umræða ekki vera okkur töm. Þjóðkirkja sem vill standa undir nafni sem slík hlýtur að líta á það sem hlutverk sitt að kalla slíka umræðu fram og leiða hana. Það liggur í hlutarins eðli sé hún sú grundvallarstofnun samfélagsins sem hún telur sig vera.

**Verður þjóðkirkjuákvæðið að pólitísku bitbeini?**

Allt frá upphafi hefur sú endurskoðun stjórnarskrárinnar sem nú stendur yfir verið pólitískt bitbein. Hún hefur verið eitt helsta baráttumál stjórnarflokkanna en þyrnir í augum stjórnarandstöðunnar. Hætt er við að þessi skuggi fylgi málinu inn í komandi atkvæðagreiðslu. Það yrði döpur niðurstaða ef þjóðkirkjuákvæðið yrði að pólitísku bitbeini. Þjóðkirkja í boði þessa eða hins stjórnmálaflokksins rís ekki undir því að vera kirkja allrar þjóðarinnar heldur verður hún hluti af bákninu. – Viljum við það?

Frábærar McCain franskar á 5 mínútum




Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði. Einföld og fljótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana. Prófaðu núna!

McCain



ÍSLENSKA SIA.IS UTI 61351 10/12


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKAR RAUÐAR MELÓNUR
FRÁ SPÁNI
198 KR.KG.
FERSK PAPRIKA
GRÆN EÐA RAUÐ
FRÁ HOLLANDI
279 KR.KG.
750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN
598 KR
BÓNUS
UNNIÐ ÚR GRÍSALÆRI
BÓNUS BAJONSKINKA
1195 KR.KG.
ALI ELDUÐ GRÍSARIF SPARERIBS
FULLELDAÐ- ÞARF AÐEINS AÐ HITA
998 KR.KG.
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR
259 KR. KG.
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR
169 KR.KG
FROSIÐ ÞÝSKT NAUTARIBEYE
2998 KR. KG.
BESTU KAUPIN
EURO SHOPPER Í BÓNUS
ROLLED OATS
WHEAT FLOUR
GRANULATED SUGAR
EUROSHOPPER HVEITI
98 KR. 1 KG.
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL
98 KR. 500 GR.
EUROSHOPPER SYKUR
198 KR. 1 KG.
BÓNUS FRANSKAR
1500 gr.
BÓNUS FRANSKAR KOMNAR AFTUR; ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
498 KR. 1.5 KG.
FROSIN ÞÝSK NAUTALUND
3998 KR. KG.
Súkkulaði Ís 2
Vanillu Ís 2
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
359 KR. 2 LTR.
BÓNUS ÍS: SÚKKULAÐI - VANILLA - JARÐARBERJA 2 LTR.
ÍSSÓSA
259 KR. 320 ML
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS
HAUST SLÁTRUN 2012
**295 KR.KG**
NÝSLÁTRUN **FERSK LAMBAHJÖRTU**

HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
**1389 KR.KG**
AF NÝSLÁTRUÐU **FERSKT LAMBALÆRI**

BÓNUS
HAUST SLÁTRUN 2012
**295 KR.KG**
NÝSLÁTRUN **FERSK LAMBALIFUR**

HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
**1879 KR.KG**
AF NÝSLÁTRUÐU **FERSKUR LAMBAHRYGGUR**

**KOLSÝRT VATN**
HREINT EÐA MEÐ SÍTRÓNUBRAGÐI
**159 KR. 2 LTR**

## ÍSLANDSNAUT 100% ÍSLENSKT NAUTAKJÖT

VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS
**ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAKK 100% KJÖT**
**1498 KR.KG.**

**ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA PIPARSTEIK**
**2298 KR.KG.**

100% UNGNAUTAKJÖT
**UNGNAUTAHAMBORGARAR 4 STK. MEÐ BRAUÐI**
**698 KR.KG.**

**PEPSI OG PEPSI MAX**
**198 KR. 2 LTR**

## FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR Á GÓÐU VERÐI

**LIFRARPYLSA**
**598 KR.KG**

**BLÓÐMÖR**
**579 KR.KG**

## BÓNUS SAFI 1 LTR.
**APPELSÍNU OG EPLA**
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
**129 KR. LTR**

**BÓNUS KAFFI**
500 GR
**398 KR.**

**BESTU KAUPIN Í KJÚKLINGABRINGUM Í BÓNUS**
FROSNAR 900 GR
**KJÚKLINGABRINGUR**
**1498 KR.PK**

HAUST-SLÁTRUN 2011
**FROSIN LAMBASVIÐ**
**229 KR.KG**

**CAMEMBERT & KASTALI**
BÓNUS OSTUR 130 GR
**298 KR.STK**

**SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS**
**REYKT FOLALDAKJÖT MEÐ BEINI**
**798 KR.KG**

**BÓNUS FETI 250 GR**
OSTUR Í KRYDDOLÍU OG MEÐ OLÍFUM Í KRYDDOLÍU
**298 KR.**

BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# Rekstur LSH – „talnalækningar“ eða staðreyndir?

Heilbrigðisþjónusta

María Heimisdóttir
framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítala



Meintar „talnalækningar“ á Landspítala eru gerðar að umtalsefni í grein Guðrúnar Bryndísar Karlsdóttur í Fréttablaðinu 27. sept. sl.

Þar heldur Guðrún því fram að upplýsingar um rekstrarafkomu LSH séu settar fram með villandi hætti „athugasemdalaust – endalaust“. Hún endar grein sína á að spyrja „Hver er tilgangurinn?“

Það er góð spurning. Hver er tilgangur fólks með því að birta ítrekað skrif þar sem röngum og/eða villandi upplýsingum um starfsemi og rekstur LSH er haldið að almenningi? Hvaða tilgangi ætli slíkur málflutningur þjóni? Eru hagsmunir skattgreiðenda (og þar með sjúklinga LSH og annarra sem veita heilbrigðisþjónustu) þar í fyrirrúmi? Kynnum okkur „talnalækningarnar“.

Frá árinu 2007 hefur spítalinn skorið niður um 23% eða sem nemur 9,5 milljörðum króna á ársgrunni árið 2012 og 34 milljörðum króna samtals á tímabilinu 2008 til 2012 á föstu verðlagi ársins 2012. Þessi niðurskurður stafar annars vegar af skertum ríkisframlögum til spítalans á fjárlögum og hins vegar af óhagstæðum gengisáhrifum auk annarra breytinga í rekstrarumhverfi sem ekki hafa verið bætt að fullu í framlagi ríkisins til LSH. Þessi ytri áhrif eru vissulega ekki skerðing á ríkisframlagi til LSH en krefjast engu að síður viðbótarhagræðingar innan sjúkrahússins til að mæta auknum kostnaði vegna þeirra. Ríkisframlag árið 2012 er 6,6 milljörðum króna lægra en árið 2007 eða sem nemur 16% á föstu verðlagi 2012 miðað við almennar verðlagsforsendur. Almennar verðlagsforsendur miðast við þróun launavísitölu opinberra starfsmanna og þróun neysluverðsvísitölu. Viðbótarhagræðingarkrafa vegna neikvæðra áhrifa af gengisþróun krónunnar frá árinu 2007, umfram almennt verðlag, er metin um 7% á ársgrunni m.v. árið 2012 eða um 2,9 milljarðar króna. Verulegur hluti rekstrarvöru LSH er keyptur inn í erlendum gjaldmiðli í kjölfar útboða á fjölþjóðamarkaði og því krefst óhagstæð gengisþróun þess að hagrætt sé enn frekar innan spítalans til að mæta þeim aukakostnaði sem af henni hlýst. Heildarskerðingin, 9,5 milljarðar miðað við árið 2012, er summa þessara tveggja þátta, þ.e. skerðingar ríkisframlags (6,6 milljarðar) og óhagstæðrar gengisþróunar umfram almennt verðlag (2,9 milljarðar).

Það er ekki von að Guðrún fái raunhagræðingu LSH fram með sinni aðferð sem er í stuttu máli sú að fletta upp í fjárlögum síðustu 5 ára, sem eðli málsins samkvæmt eru birt á verðlagi hvers árs og endurspegla ekki nema að ákveðnu leyti raunrekstrarumhverfi og hagræðingarþörf þeirra stofnana sem þau taka til. Á þessum tíma hefur verðbólga mælst 53% og vísitala meðalgengis hækkað um 88%. Það að taka ekki tillit til þessara þátta, eins og Guðrún gerir sig seka um, er villandi og hreinlega rangt eins og flestum má vera ljóst.

Landspítali hefur frá árinu 2007 dregið saman rekstrarkostnað sinn um 23% á ársgrunni og hagrætt um samtals 34 milljarða á samræmdu verðlagi á tímabilinu. Landspítali mun áfram upplýsa stjórnvöld, skattgreiðendur og almenning um rekstur sinn og starfsemi út frá vísindalegum, faglega viðurkenndum aðferðum eins og hér hefur verið lýst. Ef menn vilja kalla það „talnalækningar“ þá verður að hafa það enda virðist því miður vera til fólk sem kýs fremur getgátur og rökleysur en skýr rök og faglega vinnu.

**Þróun heildargjalda umfram sértekjur frá 2007**

**Í milljörðum króna á föstu verðlagi 2012. Án sameiningar LSH og St. Jósefsspítala og án Rjóðurs.**




*2012 mv. fjárlög

# Mannréttindi og mannamál

Mannréttindi

Lára Magnúsardóttir
forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra



Undanfarin tvö ár hef ég unnið að þeirri tilraun í sagnfræðirannsóknum mínum að beita greiningaraðferðum á samtímamálefni sem ég hafði fram að því notað til að greina miðaldaheimildir. Þegar frumvarp til stjórnlaga var lagt fram ákvað ég að kanna II. kafla frumvarpsins sem ber heitið „Mannréttindi og náttúra“. „Mannréttindi“ er yfirþjóðlegt hugtak sem segir fyrir um samband mannsins við yfirvöld og hefur „manninn“ að eiginlegu viðfangsefni. Skilgreining mannréttindahugtaksins liggur í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og undirliggjandi er skilgreining á „manninum“. Mannréttindahugtakið er þar af leiðandi fyrir fram bundið og því hlýtur að orka tvímælis ef Íslendingar kjósa að fjalla um annað en mannréttindi í stjórnarskrárkafla um það efni.

> Ef til vill má segja að íslenskur texti Mannréttindayfirlýsingarinnar sé á „mannamáli“ að því leyti að ekki er fylgt ýtrustu nákvæmni í hugtakanotkun, sem hlýtur að leiða hugann að væntingum um stjórnarskrá á mannamáli.

Ekki fer milli mála að í frumvarpinu er náttúrunni ætlaður „réttur“ vegna þess að í 33. gr. II. kafla segir: „Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.“ Allt samhengi bendir til þess að sá réttur sem um ræðir sé „mannréttindi“. Vegna þess að mannréttindahugtakið er samansett úr mörgum hugtökum, sem hvert um sig byggist á aldagamalli hefð og samhengi, gætu afleiðingar þess að stinga ómannlegu fyrirbæri inn í mannréttindaskilgreininguna orðið víðtækar, í versta falli að í framhaldinu yrðu að gilda öll þau lögmál sem maðurinn er talinn lúta í lagasetningu og stjórnvaldsathöfnum tengdum náttúru.

Vegna þess að um náttúruna er fjallað í mannréttindakaflanum vakti sérstaka athygli mína orðið „virða“ í fyrstu málsgrein 33. gr.: „Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda.“ Vegna samhengis er varla hægt að skilja það öðruvísi en sem það hugtak sem í ensku útgáfu Mannréttindayfirlýsingarinnar er „dignity“ og er eitt af undirstöðuhugtökum sáttmálans og stendur að nokkru leyti jafnfætis hugtakinu „rétti“. Ef til vill má taka sem dæmi um muninn á hugtökum að kosningaréttur skyldar yfirvöld til að tryggja öllum aðgengi að kjörstað og frelsi til að kjósa samkvæmt eigin samvisku, en „dignity“ á að tryggja að hver og einn geti gengið til kosninga á þann hátt sem talið er sæma manni – með öllu sem því fylgir.

Þegar ég bar saman beitingu hugtaksins „dignity“ í enska og franska texta Mannréttindayfirlýsingarinnar kom í ljós fullkomið samræmi í hugtakanotkun. Í dönsku þýðingunni sömuleiðis, en þar er hugtakið þýtt sem „værdighed“. Á íslensku er hugtakið hins vegar ýmist þýtt sem „virðing“, „göfgi“ eða „mannsæmandi“. Frekari athugun leiddi í ljós að þýðing Mannréttindasáttmálans á heimasíðu Mannréttindaskrifstofu er byggð á annarri íslenskri þýðingu sem hægt er að finna á heimasíðu Sameinuðu þjóðanna. Engar upplýsingar er að finna um hver stóð fyrir breytingum á þýðingunni, hvenær eða hvers vegna.

Af þessu dreg ég þá ályktun að „dignity“ er ekki meðhöndlað sem hugtak í íslenskum þýðingum og hef fundið vísbendingar um að fleiri hugtök sem skilgreina mannréttindi séu á reiki. Það þýði að Íslendingar hafi ekki aðgang að bestu mögulegum tækjum til að fjalla um mannréttindamál sem hafi meðal annars þær afleiðingar að í stjórnlagaráðsfrumvarpinu sé varhugaverð ónákvæmni. Ef til vill má segja að íslenskur texti Mannréttindayfirlýsingarinnar sé á „mannamáli“ að því leyti að ekki er fylgt ýtrustu nákvæmni í hugtakanotkun, sem hlýtur að leiða hugann að væntingum um stjórnarskrá á mannamáli og langvarandi afleiðingum sem gætu hlotist af því.

Ef spurt er um markmið þess að veita náttúru réttindi með stjórnarskrárákvæði virðist líklegt að stjórnlagaráð hafi viljað takast á við alþjóðlegan vanda sem varðar ásókn í náttúruauðlindir af hendi fyrirtækja sem oft eru stærri en ríki og ógna í raun lýðræði í heiminum í vaxandi mæli. Ólíklegt er að ákvæði frumvarpsins nái fram lausn á því máli en aðrar afleiðingar þess eru ófyrirséðar. Að mínu mati færi betur á því að markmið breytinga á stjórnarskrá væru skilgreind nákvæmlega eftir að fram væri komin skýr greining á fyrirliggjandi vanda. Að því loknu þarf að beita bestu áhöldum til að ná markmiðunum fram, en það verður helst í alþjóðlegu samstarfi.

Niðurstöðu fræðilegrar rannsóknar tekur langan tíma að birta í ritrýndum vísindatímaritum en sökum þess að stjórnlagaráðsfrumvarpið þarfnast umræðu núna hef ég ákveðið að birta greinina sem uppkast á heimasíðu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra http://stofnanir.hi.is/skagastrond/. Föstudaginn 5. október flyt ég fyrirlestur í ReykjavíkurAkademíunni um efnið og er hvort tveggja undir heitinu: „Náttúran í eigin rétti. Stjórnarskrá á mannamáli“.

*Lengri útgáfa af þessari grein er á Vísir.is.*

AF NETINU

**Þjóðin getur létt undir með Alþingi**

Evrópumálið er eins og stjórnarskrármálið að því leyti að stjórnmálaflokkarnir á Alþingi þurfa ekki og eiga helzt ekki að koma nálægt því nema til að staðfesta ákvörðun þjóðarinnar. Þjóðin er sjálf fullfær um að leiða bæði málin til lykta án milligöngu flokkanna.

Stjórnmálaflokkarnir eru allir klofnir í afstöðu sinni til ESB-aðildar. Þjóðaratkvæðagreiðslur henta vel í málum sem flokkarnir eiga erfitt með að gera upp við sig. Flokkarnir verðu kröftum sínum betur ef þeir einbeittu sér að málum þar sem meiri árangurs er að vænta af starfi þeirra.

http://www.dv.is/blogg

**Þorvaldur Gylfason**



# STÓRLÆKKAÐ VERÐ
## Á ÖLLUM FERÐAVÖGNUM

ergo



ÆGIR ESTEREL
Verð kr. ~~3.400.000.~~
Tilboð kr. 2.750.000.



PALOMINO PONY
Verð kr. ~~2.390.000.~~
Tilboð kr. 1.890.000.



ÆGIR TJALDVAGN*
+ fortjald og yfirbreiðsla
*Leiguvagn árg. 2012 (4 stk. til)
Útsöluverð kr. 850.000.
Útborgun kr. 212.500
Mán.greiðsla kr. 10.739 *

Ferðaklósett



Fortjald



Sóltjald



Stólar og borð



**20-60%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AUKAHLUTUM

## ÖRFÁ NÝ HJÓLHÝSI Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI



WILK
ÚTSALA



T@B L400 TD
ÚTSALA

**SEGLAGERÐIN ÆGIR**
*Þar sem ferðalagið byrjar*

TIL ÞJÓNUSTU Í 99 ÁR

**Opið**

| | |
|---|---|
| Virkir dagar | 10:00-18:00 |
| Laugardagur | 11:00-16:00 |

* Forsendur Ergo:
Mánaðarleg greiðslubyrði miðast við bílasamning Ergo,
75% fjármögnun til 84 mánaða m.v. gullvildarkjör og 9,55% óverðtryggða vexti

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



70 **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** forsætisráðherra er sjötug í dag

*„Samtrygging flokka og frambjóðenda um að koma í veg fyrir upplýsingar til almennings um fjármögnun prófkjara eða kosningabaráttu er ein alvarlegasta ógnin við lýðræðið í landinu.“ – 13. febrúar 2006*



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN GUÐLAUG SIGURGEIRSDÓTTIR**
**Skarphéðinsgötu 4, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 26. september. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Félags aðstandenda heimilisfólks á Droplaugarstöðum sem fást á skrifstofu Droplaugarstaða.

**Sigurgeir A. Jónsson** **Þóra Hafsteinsdóttir**
**Sonja B. Jónsdóttir** **Guðmundur Kristjánsson**
**Ívar Jónsson** **Lilja Mósesdóttir**
**Fannar Jónsson** **Elísabet S. Auðunsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**FLOSA JÖRGENSSONAR**
**Hamrahlíð 7, Vopnafirði.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sundabúðar Vopnafirði fyrir góða umönnun og hlýju.

**Helga Ólafsdóttir**
**Sunneva Flosadóttir** **Sigurður Steinar Sigbjörnsson**
**Sölvi Flosason** **Sigurbjörg Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**UNNAR ÁGÚSTSDÓTTUR**
**Hrafnistu í Hafnarfirði, áður Miðvangi 14.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki og samvistarfólki Unnar á Hrafnistu fyrir allar góðu stundirnar sem hún naut þar.

**Ólafur Guðmundsson**
**Erling Ólafsson** **Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Ingibjörg Svala Ólafsdóttir** **Björgvin J. Björgvinsson**
**Örn Ólafsson** **Kristín Jensdóttir**
**Friðrik Ágúst Ólafsson** **Erna Snævar Ómarsdóttir**
**Kolbrún Ólafsdóttir** **Hilmar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BJÖRN ÞÓR PÁLSSON**
**Laufási 11, Egilsstöðum,**

lést 28. september sl. á Sjúkrahúsinu á Seyðisfirði. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 6. október næstkomandi kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Seyðisfirði.

**Petra Björnsdóttir**
**Björn Magni Björnsson, Jóna Pála Björnsdóttir,**
**Björg Björnsdóttir og fjölskyldur**



Móðir, tengdamóðir og amma,

**FRÍÐA HELGADÓTTIR**
**Árskógum 8, Reykjavík,**

andaðist miðvikudaginn 26. september á líknardeild LSH í Kópavogi. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. október kl. 13.00.

**Elín Bjarnadóttir**
**Helgi Bjarnason**
**Fríða Dís Bjarnadóttir** **Leifur Gústafsson**
**Fríða Stefánsdóttir** **Ragnar Bjarni Stefánsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**SPENNT AÐ FLYTJA** Sif segist hlakka mikið til að fara til Færeyja, þar séu skemmtilegir hlutir að gerast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SIF GUNNARSDÓTTIR: RÁÐIN FORSTÖÐUMAÐUR NORRÆNA HÚSSINS Í FÆREYJUM

# RÉTTI TÍMINN TIL AÐ GERA EITTHVAÐ ALLT ÖÐRUVÍSI

„Norræna húsið í Færeyjum hefur alveg gríðarlega gott orð á sér. Það er ein af þessum norrænu menningarstofnunum sem hafa verið að gera rosalega flotta hluti,“ segir Sif Gunnarsdóttir, sem ráðin hefur verið forstöðumaður Norræna hússins í Færeyjum frá 15. janúar 2013 til fjögurra ára. „Það var reyndar hálfgerð tilviljun að ég rakst á auglýsinguna frá þeim þar sem var verið að auglýsa eftir nýjum forstöðumanni í sumar. Það stendur þannig á í mínu lífi að börnin eru flutt að heiman og orðin sjálfstæð og við maðurinn minn ákváðum að nú væri rétti tíminn til að gera eitthvað skemmtilegt og öðruvísi og brjóta svolítið upp. Þannig að ég lét slag standa og sótti um.“

Hefurðu verið eitthvað í Færeyjum? „Nei, aldrei komið þangað. En ég hef unnið heilmikið með Færeyingum í gegnum starf mitt hjá Höfuðborgarstofu. Þórshöfn var heiðursgestur á Menningarnótt fyrir nokkrum árum og eftir það mynduðust mjög fín tengsl. Þeir hafa oft komið fram á Menningarnótt, þótt þeir hafi ekki verið í þessu heiðursgestahlutverki, bæði með myndlistarsýningar og tónlistaruppákomur, og við höfum unnið heilmikið með sendistofunni þeirra hér. Ég held það séu ofsalega skemmtilegir tímar í Færeyjum núna. Mikið að gerast í tónlist, hönnun og bókmenntum og ég er viss um að þetta verða fjögur fjörug og fjölbreytt ár.“

Sif hefur verið forstöðumaður Höfuðborgarstofu í fimm ár, en í fimm ár þar á undan var hún viðburðastjóri hjá stofunni. Var kominn tími til að breyta til? „Ég er búin að vera hérna alveg síðan Höfuðborgarstofa var sett á laggirnar árið 2002 og það hefur verið dásamlegt, en ég held að það sé gott bæði fyrir mig og Höfuðborgarstofu að breyta til og fá nýtt blóð.“

fridrikab@frettabladid.is

# Vögguvísa Pollapönkara

Leikskólar borgarinnar fengu nýja vögguvísu að gjöf frá Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO í vikunni í tilefni lestrarhátíðar borgarinnar. Hún er samin af leikskólakennurunum og Pollapönkurunum Haraldi Frey Gíslasyni og Heiðari Erni Kristjánssyni og heitir Dramalandið og munu börn, foreldrar og leikskólakennarar eflaust læra hana áður en lestrarhátíðinni lýkur. Vögguvísa eftir Elías Mar er meginviðfangsefni hátíðarinnar og verður tekin til umfjöllunar í grunn- og framhaldsskólum borgarinnar. Leikskólabörn munu hins vegar leggja áherslu á vögguvísur í mánuðinum og verður hin nýja vísa þar eflaust kærkomin viðbót.



**DRAMALAND FYRIR LEIKSKÓLA** Heiðar Örn Kristjánsson og Haraldur Freyr Gíslason sömdu nýja vögguvísu fyrir leikskólabörn.



Eiginmaður minn og faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RÚNAR GEIR STEINDÓRSSON**
**Lambastekk 8, Reykjavík,**

lést á Borgarspítalanum sunnudaginn 30. september. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 9. október kl. 13.00.

**Jakobína Valdís Jakobsdóttir**
**Jakob Rúnarsson** **Rannveig Guðmundsdóttir**
**Guðrún Lilja Rúnarsdóttir** **Elvar Guðjónsson**
**Vignir Guðbjörn Rúnarsson**
**Gunnar Rúnarsson**
**Benedikt Hans Rúnarsson** **Rebekka Helga Sveinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

## Merkisatburðir 4. október

1582 Gregory XIII páfi innleiðir gregoríska tímatalið.

1908 Þórhallur Bjarnason vígður biskup Íslands. Hann var áður forstöðumaður Prestaskólans.

1911 Kennsla hefst í Háskóla Íslands.

1970 **Rauðsokkahreyfingin stofnuð á Íslandi.**

1984 Allsherjarverkfall BSRB hefst og stendur það til 30. október.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BLEIKUR OKTÓBER

**Þar sem nú er bleikur mánuður og árvekni gegn brjóstakrabbameini í fullum gangi er ekki úr vegi að klæðast einhverju bleiku. Bleikir skór vekja örugglega athygli og ættu að minna á þennan baráttumánuð.**


TILBOÐ - STAKAR STÆRÐIR



til dæmis þessi glæsilegi push up BH
á kr. 4.500,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur

Eirberg

Einnota latex hanskar



Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



hjá Hafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16


# MEÐ BRENNANDI ÁHUGA Á TÍSKU

**TÍSKUMÆR** *Ragnheiður Björnsdóttir er á lokaári í Verzlunarskóla Íslands. Ragnheiður hóf fyrirsætustörf í byrjun síðasta árs þegar hún var beðin um að koma í prufur fyrir Elite Model Look Iceland 2011.*

Ég fékk samning við Elite Iceland og komst inn í 12 manna úrslit í keppninni. Ég hef brennandi áhuga á tísku og öllu sem við henni kemur,“ segir Ragnheiður, sem svaraði nokkrum tískutengdum spurningum fyrir blaðið.

**Er mikill tískuáhugi í skólanum?** Já, ég myndi segja það. Í Verzló hefur alltaf verið mikið um tískuáhugafólk. Það er gaman að fylgjast með Verzlingum og sjá hvernig flestallir ganga um í sömu fötunum en mynda svo sinn eigin persónulega stíl út frá því.

**Er mikið rætt um tísku meðal vina þinna?** Við vinkonurnar tökum einstaka spjall um nýjustu tískustraumana og hverju okkur langar til að bæta í fataskápinn. Við erum samt allar með rosalega ólíkan stíl og ekki alltaf sammála um hvað er fallegt og ekki fallegt.

**Hefur þú alltaf haft áhuga á tísku?** Áhuginn hefur aukist með árunum og eftir að ég byrjaði í Verzló. Ég hef verið dugleg að skoða tískublogg og það er skemmtilegt að fylgjast með götutískunni í Reykjavík og fá innblástur þaðan.

**Er einhver flík sem þú stenst ekki?** Það er alltaf erfitt að standast freistinguna þegar ég sé fallega skó. Ég er vandlát á skó og finn sjaldnast neina hér á landi sem henta mér. Langflest pörin mín hef ég pantað í gegnum netið eða hann elsku pabbi minn kaupir fyrir mig í London, en þangað fer hann oft í vinnuferðir.

**Eftirlætis-/nýjasta flíkin?** Í lok sumars fór ég til Kaupmannahafnar og keypti mér margar flottar flíkur. En í uppáhaldi verð ég að segja að sé svarta kápan úr Monki.

**Uppáhaldsverslanir?** Ég versla mikið í vintage-búðum á Laugaveginum og eru Nostalgía og Spútnik í miklu uppáhaldi. Mér finnst mjög gaman að gramsa og finna einhverja gullmola sem enginn annar mun eiga eins.

Ég kaupi samt langflestar flíkurnar mínar í Monki, Weekday, Topshop og H&M.



**UPPÁHALDSFLÍKIN**
Ragnheiður í uppáhaldskápunni sinni, sem hún keypti í Kaupmannahöfn.


www.svefn.is

LOKSINS
LAGERÚTSALA
að Klettháls 13
Aðeins í 3 daga!

20-50% afsláttur

2. - 4 október
þriðjudag
miðvikudag
fimmtudag
kl. 12-19

Sími lagarútsölunnar er 660 0023

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



YFIRHAFNARDAGAR
15% AFSLÁTTUR

Ný sending frá BASLER,
í brúnum og rauðum litum

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



Tökum upp nýjar vörur í hverri viku



Flott föt fyrir flottar konur

st. 40 – 58

Verslunin Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is





NÁM Í DANMÖRKU

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSENS
BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

Á ENSKU
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- BS í Markaðsfræði

Á DÖNSKU
- Véltækni
- Landmælingar
- Vöruþróun og tæknileg sameining
- Aðgangsnámskeið

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi 5.-12. október.
Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715, eða netfang jee@viauc.dk.
Leggið inn skilaboð/skrifa og við munum hringja/skrifa til baka.

VIAUC.DK/HORSENS

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE




**FYLGIHLUTIR**
Berglind gerir húfur og ennisbönd í stíl.





**SANNUR ÍSFIRÐINGUR**
Berglind byrjaði að selja peysurnar á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður í vor. Mugison tók sig vel út.

**FJÓRAR GERÐIR**
Peysurnar koma í fjórum mismunandi gerðum. Ein er rennd, önnur rennd með hettu, ein hálfrennd og ein heil.

**FYRIRMYNDIN**
Berglind hafði merki Ísafjarðarbæjar til hliðsjónar við hönnun peysunnar. Þar má greina sjó, skip, sól og mastur en Berglind sleppti mastrinu og einfaldaði munstrið, enda ekki leyfilegt að gera nákvæma eftirlíkingu.

# PRJÓNAR ÍSFIRSKAR LOPAPEYSUR

**HEFUR VARLA UNDAN** *Berglind Sveinsdóttir hannaði lopapeysu með merki Ísafjarðarbæjar fyrir nokkrum árum. Fyrr á þessu ári fór hún að bjóða slíkar peysur til sölu við góðar undirtektir. Peysurnar eru allar handprjónaðar.*

Berglind Sveinsdóttir, sem býr í Hnífsdal, fékk þá hugmynd fyrir um það bil fimm árum að hanna lopapeysu með merki Ísafjarðarbæjar. Hún prjónaði slíkar peysur á alla í fjölskyldunni en í kringum tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður í vor fór hún að bjóða peysurnar til sölu. Hún hefur varla haft undan síðan.

„Sannir Ísfirðingar kunna að meta peysuna en sömuleiðis ferðamenn og þá sérstaklega Bandaríkjamenn. Þeir eru margir með ríka þjóðerniskennd og þetta höfðar til þeirra,“ segir Berglind. Hún segist hafa teiknað munstrið á rúðustrikað blað og fengið eiginmann sinn til að setja það upp í excel. „Það er þó ekki nákvæmlega eins og Ísafjarðarmerkið, enda þyrfti þá að sækja um sérstakt leyfi. Ég hafði merkið til hliðsjónar og munstrið minnir á það.“

Peysurnar eru allar handprjónaðar og koma í fjórum útgáfum. „Ég er með eina rennda, aðra rennda með hettu, eina hálfrennda og svo eina heila. Þá hef ég verið að gera húfur og ennisbönd í stíl.“ Allt er þetta handprjónað og Berglind viðurkennir að hún sé komin með í axlirnar.

Peysurnar, sem hún selur undir merkinu Bsveinsmade, fást í versluninni Karitas að Aðalstræti 20 á Ísafirði og á Facebook. Hún vonast til að koma þeim í sölu víðar innan tíðar.



**SITUR VIÐ**
Berglind hefur varla lagt frá sér prjónana að undanförnu.


HELGARTILBOÐ

30%
afsláttur af léttum, mjúkum ferðatöskum.



LANGUR LAUGARDAGUR Í MIÐBÆNUM

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is




**BRIGITTE BARDOT** Franska kynbomban og dýraverndunarsinninn Brigitte Bardot skartaði iðulega rokkabillígreiðslum á sjötta áratugnum, en svipaðar greiðslur eiga nú upp á pallborðið í rokkabillíhártískunni.

# ROKKABILLÍ LOKKAFLÓÐ

**SVALT ÚR FORTÍÐINNI** *Rokkabillí er ein áhrifamesta hártíska ársins. Útlitið er rokkað með ennisbrúskum, blautri píku og pompadour-greiðslu.*

Hafi tískuspekúlantar efast um endurvakningu rokkabillíhártískunnar sem skotið hefur ítrekað upp kollinum undanfarin misseri hafa hárgreiðslur herra á tískupöllunum, innblásnar af hártísku sjötta áratugarins, staðfest að rokkabíllíhár er sjóðheitt hjá þeim sem vilja tjalda öllu til.

Þegar minnst er á rokkabillíhár birtast í huganum myndir af Elvis Presley, James Dean og John Travolta í Koppafeiti. Útlitið er svalt og töffaralegt; blautt, afturgreitt hár, krullaður ennisbrúskur eða uppháar pompadour-greiðslur.



Rokkabillíhár nútímans felur í sér klassískar greiðslur en einnig nýjar túlkanir þar sem leikið er með rokkabillístælinn á ögrandi hátt. Því hærri ennisbrúskur, þeim mun flottari er greiðslan.

Rokkabillíhár hefur einnig sést á fyrirsætum kventískunnar, í mismunandi útfærslum og stundum með kynlausu yfirbragði. Því er óhætt að setja rokkabillíhártísku sjötta áratugarins á lista yfir flottustu greiðslurnar í ár og afar óvenjulegt að einn hárgreiðslustíll henti báðum kynjum, öllum hárgerðum, háralitum og húðlitum.



**ELVIS PRESLEY** Rokkkóngurinn Elvis var einn þeirra sem lögðu línurnar í hártísku rokkabillísins, með blautu, afturgreiddu hári og snúnum ennisbrúsk.

## BLEIK MEÐ BLÁUM STEINI

**BLÁR STEINN**
**Snyrtivörufyrirtækið Estée Lauder hefur í tuttugu ár látið útbúa fallega bleika slaufu til að efla baráttuna gegn brjóstakrabbameini í Bandaríkjunum. Í október í fyrra gaf fyrirtækið 8,5 milljónir Bandaríkjadala eftir sölu bleiku slaufunnar í október. Í þessum mánuði hefur slaufan einn bláan stein til að minna á að 1% karla fær brjóstakrabbamein.**



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427








**BYLTING**
„Þessi aðferð okkar er algjör bylting hérlendis," segir Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá Sjónlagi.
MYND/ANTON

MYND/ANTON



MYND/ANTON



MYND/ANTON




MYND/ÚR EINKASAFNI

# NÝR KAFLI Í SÖGU SJÓNLAGSAÐGERÐA

**SJÓNLAG KYNNIR** *Í tengslum við endurnýjun allra leysitækja hjá augnlæknastöðinni Sjónlagi er nú í fyrsta skipti boðið upp á Femto Lasik-tækni hér á landi. Ný tækni býður upp á meira öryggi, nákvæmni og ekki síður styttri aðgerðir og þægilegri eftirámeðferð fyrir sjúklinga. Sjónlag er auk þess brautryðjandi hér á landi í meðferð við ellifjarsýni.*

Augnlæknastöðin Sjónlag hóf starfsemi árið 2001 og hefur á þeim tíma skipað sér í fremstu röð slíkra stöðva hérlendis. Stöðin hefur alla tíð boðið upp á heildræna þjónustu þegar kemur að augnheilsu og meðal annars framkvæmt yfir 9.000 sjónlagsaðgerðir með leysi og yfir 1.000 augasteinsaðgerðir. Nýlega voru öll leysitæki Sjónlags endurnýjuð. Meðal nýjunga er Femto-leysitæki sem notað er við lasik-sjónlagsaðgerðir. Sjónlag er fyrsta augnlæknastöðin á Íslandi til að bjóða upp á slíka tækni en hún hefur á skömmum tíma náð yfirburðum í sjónlagsaðgerðum um allan heim.

**NÝJU TÆKIN MJÖG ÖFLUG**

Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá Sjónlagi, segir yfir 20.000 lasikaðgerðir hafa verið framkvæmdar hér á landi síðan árið 2000 með góðum árangri en margt breytist með nýju Femto-leysitækninni. „Áður voru slíkar aðgerðir framkvæmdar þannig að hnífsblað var notað til að gera flipa fremst í hornhimnunni. Það hefur verið gert hér á landi í tíu ár með góðum árangri en það er þróun í þessu eins og mörgu öðru. Nú er búið að þróa leysigeisla til að gera þetta þannig að flipinn er skorinn út með leysigeisla. Þannig verður flipinn bæði jafnari og þynnri og um leið verður hornhimnan sterkari eftir aðgerð en áður." Þegar búið er skera flipann er skjólstæðingurinn settur undir annað leysitæki sem framkvæmir sjálfa sjónlagsaðgerðina með slípun hornhimnunnar. Nýja tækið er mjög öflugt að sögn Ólafs og skýtur 750 skotum á sekúndu á mjög nákvæma dýpt og samkvæmt fyrir fram ákveðinni forritun eftir því hvort viðskiptavinurinn er nærsýnn eða fjarsýnn. „Þegar þessi aðgerð er búin leggjum við flipann aftur yfir og hann grær. Þessi aðferð okkar er algjör bylting hérlendis. Hún er kölluð „All-laser Lasik" erlendis sem er það besta sem er í boði í svona aðgerðum."

**NÁKVÆMARI AÐGERÐIR**

Eldri tækni sem sker flipa á hornhimnuna með flipavél er enn í boði en síðan byrjað var að bjóða upp á Femto-tæknina hefur fólk svo til eingöngu valið hana. Ólafur segir að þótt eldra tækið sé enn fullboðlegt og enn í notkun hjá þeim séu nýju tækin algjör bylting. „Nýja leysitækið er tíu sinnum hraðvirkara en eldra tækið. Í stað þess að vinna í eina mínútu er ég sex sekúndur að vinna verkið. Ég á stundum erfitt með að trúa að ég sé búinn með verkið. Auk þess er nýja tækið með innbyggðan eltibúnað sem tekur mið af lithimnu og yfirborði augans og læsir leysigeislann við augað og fylgir því eftir með mikilli nákvæmni á meðan aðgerðin stendur yfir. Í raun og veru er verið að skrifa nýjan kafla í sögu sjónlagsaðgerða."

Mikill munur er á aðgerðum og eftirmeðferð með nýju tækjunum að sögn Ólafs. „Aðgerðin er miklu fljótari en áður og felur í sér minni óþægindi fyrir sjúklinginn. Hún felur líka í sér minni þurrkavandamál eftir aðgerð auk þynnri og nákvæmari flipa. Það skal tekið fram að ekkert er 100% öruggt en þessi nýja tækni hjálpar okkur þó að gera örugga aðgerð enn öruggari."

Þótt tækið sé nýlega tekið í notkun hjá Sjónlagi hafa þau verið í notkun erlendis um nokkurra ára skeið og þykja mikil bylting í greininni. Ólafur bendir meðal annars á að stærsta stofan sem framkvæmir leysiaðgerðir í Japan noti sömu Femto-leysitækni en viðkomandi stofa framkvæmir um 70% slíkra aðgerða í Japan.

**ÝMSAR LEIÐIR Í BOÐI**

Auk leysiaðgerða hefur Sjónlag verið brautryðjandi þegar kemur að meðferð við ellifjarsýni en undanfarin ár hafa fjölmargir skjólstæðingar verið meðhöndlaðir með fjölfókus augasteinum. „Við erum með alla breiddina og erum meðal annars að koma í meira mæli inn á sjónlagsaðgerðir á eldra fólki. Leysiaðgerðir henta vel fólki á aldursbilinu 20 til rúmlega 50 ára aldurs. Eftir það ferðu að renna yfir í augasteinaaðgerðir. Til viðbótar við þær aðgerðir er hægt að útbúa augasteininn þannig að hann geri fólki kleift að losna við lesgleraugu. Þannig er hægt að slá tvær flugur í einu höggi, losna við fjarlægðargleraugun og hjálpa fólki með lesturinn án gleraugna."

Ólafur segir starfsmenn Sjónlags leggja mikla áherslu á að fólk komi og láti meta augun sín. „Það koma margir hingað til okkar og ætla í leysiaðgerð en oft mælum við með öðrum leiðum í staðinn enda henta slíkar aðgerðir ekki endilega öllum. Sumir þurfa ekki leysiaðgerðir og stundum er aðalvandinn að halda fólki frá slíkum aðgerðum. Það er gaman að vera augnlæknir þessi misserin, þróunin er svo hröð. Fyrir skjólstæðinga okkar fer möguleikunum sífellt fjölgandi sem eru í boði fyrir utan gleraugu og linsur sem fólk ætti að kynna sér."

**NÝ TÆKNI**
Sjónlag er fyrsta augnlæknastöðin á Íslandi til að bjóða upp á Femto-leysitæki. Sjónlag er til húsa í Glæsibæ.

**BYLTING**
„Aðgerðin er miklu fljótari en áður og felur í sér minni óþægindi fyrir sjúklinginn. Hún felur líka í sér minni þurrkavandamál eftir aðgerð auk þynnri og nákvæmari flipa," segir Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá Sjónlagi.

FIMMTUDAGUR 4. OKTÓBER 2012

# SJÚKRAÞJÁLFUN &STOÐTÆKI

**Kynningarblað** Spelkur, öryggishnappar, nýjar rannsóknarniðurstöður, bætt færni og lífsgæði



# Meðferð ávallt í samráði við lækni

Sjúkraþjálfarar veita meðferð í samráði við lækni. Yfirleitt er ferlið þannig að sjúklingur fær beiðni frá lækni sem gefur rétt á allt að 20 skipta meðferð. Í bráðatilfellum er þó hægt að leita beint til sjúkraþjálfara sem þarf engu að síður munnlegt samþykki læknis.

Þeir sem þurfa meðferð sjúkraþjálfara þurfa alla jafna beiðni frá lækni. Hún gefur rétt á allt að 20 skipta meðferð með að lágmarki 27 prósenta niðurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands. Sé um bráðatilfelli að ræða er þó hægt að leita beint til sjúkraþjálfara.

„Þegar sjúklingur kemur beint kallast það bráðameðferð. Hún þarf þó að vera framkvæmd í samráði við lækni og er yfirleitt haft samband við heimilislækni viðkomandi. Þá eru málin rædd og má sjúkraþjálfari veita meðferð í tíu skipti með munnlegu samþykki læknisins,“ útskýrir Ólafur Þór Guðbjörnsson, sjúkraþjálfari hjá Sjúkraþjálfun Íslands. „Ef sjúklingur þarf meðferð umfram það þarf hins vegar beiðni frá lækni.“

**„Þegar sjúklingur kemur beint kallast það bráðameðferð. Hún þarf þó að vera framkvæmd í samráði við lækni og er yfirleitt haft samband við heimilislækni viðkomandi.“**

Sjúklingur fær sömu niðurgreiðslu í bráðameðferð og í almennri meðferð en sjúkraþjálfarinn sér um að innheimta hana í báðum tilfellum og sækir hana rafrænt til Sjúkratrygginga Íslands. Ólafur segir algengast að fólk komi inn með beiðni frá lækni en að þó sé alltaf eitthvað um bráðatilfelli. „Stundum er löng bið eftir tíma hjá lækni og nauðsynlegt að hefja meðferð fyrr. Auk þess geta komið upp skyndileg vandamál sem þarf að bregðast við.“

# Manneskjan sett í öndvegi

**Sjúkraþjálfun Kópavogs** er elsta sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfunarstöð landsins. Þar starfa tólf reyndir sjúkraþjálfarar sem vinna með skjólstæðingum sínum að bættri færni og vinnugetu og við að ná nýjum markmiðum til að geta notið lífsins betur.



Kristján Hjálmar Ragnarsson er í rauðum bol lengst til vinstri. Hér er hann með samstarfsfólki sínu í Sjúkraþjálfun Kópavogs. MYND/VILHELM

Við leggjum mikla áherslu á mannhelgi og setjum skjólstæðinga okkar í öndvegi," segir Kristján Hjálmar Ragnarsson, sjúkraþjálfari og annar eigenda Sjúkraþjálfunar Kópavogs.

Hann segir sjúkraþjálfun ganga út á að bæta færni og lífsgæði.

„Sérhæfing sjúkraþjálfara byggir á greiningu vandamála í stoðkerfi og meðferðaráætlunum til lengri eða skemmri tíma. Þannig bætum við ástand skjólstæðinga okkar og aukum vinnufærni þeirra," útskýrir Kristján.

## Fagmennska

Í Sjúkraþjálfun Kópavogs starfa tólf sjúkraþjálfarar, þar af níu sérhæfðir í liðfræðum, sem er meðferð á hrygg og liðum.

„Hornsteinn sjúkraþjálfunar sem hér er lögð til miðast við að skjólstæðingar okkar séu virkir í þeirri markmiðasetningu og þróun sem verður í framhaldinu," segir Kristján.

Í Sjúkraþjálfun Kópavogs leita einstaklingar aðstoðar vegna minniháttar, meiriháttar eða krónískra vandamála.

## Nákvæm greining

„Sérstaða Sjúkraþjálfunar Kópavogs felst í nákvæmri greiningu og áætlun um samstarf sjúkraþjálfara og skjólstæðings í upphafi. Við skilgreinum vel hvers vegna fólk kemur og hvert við ætlum saman. Eftir nákvæma skoðun sjúkraþjálfara er lögð niður áætlun og æfingaplan í samstarfi við skjólstæðinginn því við erum sannfærð um að skorti upp á sjálfshjálp einstaklingsins verði árangurinn ekki jafn góður," segir Kristján.



Aðbúnaður og tækjakostur er eins og best verður á kosið. MYND/VILHELM

## Lífsgæðin í húfi

Í Sjúkraþjálfun Kópavogs er aðbúnaður og tækjakostur eins og best verður á kosið. Í lok október opnar æfingasalurinn eftir stækkun og sjúkraþjálfarar starfa í lokuðum herbergjum sem tryggja einrúm og næði.

„Flestir fara til sjúkraþjálfara þegar eitthvað bjátar á og truflar þá í lífinu; þegar stoðkerfi líkamans veldur óþægindum. Íþróttafólk kemur á fyrirbyggjandi forsendum til að sjá hvort misvægi sé í stoðkerfinu sem grípa þurfi inn í strax," útskýrir Kristján.

Hann segir mikilvægt að fólk átti sig á heildrænum áhrifum misvægis eða misálags í skrokknum því þau hafi áhrif á færni, vinnugetu og lífsgæði.

„Heildartenging við daglegt líf, umhverfi og aðstæður skiptir máli því það er ekki bara handleggur sem kemur í meðferð heldur heil manneskja. Hana umgöngumst við af virðingu og horfum á hlutina í heild en stundum þarf að opna augu fólks fyrir því að misvægi sé farið að trufla líf þess meira en það áttar sig á. Þá er ekki nóg að fara í vikulega meðferð til sjúkraþjálfara heldur þarf viðkomandi að breyta til á öllum vígstöðvum."

Sjúkraþjálfun Kópavogs er í Hamraborg 12, 2. hæð. Sjá nánar á **www.sjk.is**.

SJÚKRAÞJÁLFUN KÓPAVOGS EHF.

# Spelkan kemur í stað hnéaðgerðar

Handboltakempan fyrrverandi, Jón Hjaltalín Magnússon, hefur notað „Unloader One"-hnéspelkuna frá **Össuri** undanfarin ár. Hann mælir eindregið með notkun hennar fyrir alla þá sem hafa verki í hnjám og tapað hafa brjóski í hnjáliðum. Hann hefur sjálfur sloppið við eða frestað hnjáaðgerð, sem hann annars hefði líklega þurft að fara í.





Jón Hjaltalín Magnússon mælir með notkun hnéspelkunnar Unloader One frá Össuri. Spelkan frá Össuri er einföld og þægileg. Hún veitir stuðning, dregur úr sársauka og eykur hreyfanleika hjá notanda. MYND/DANÍEL

Jón Hjaltalín Magnússon, verkfræðingur og fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta, hefur undanfarin ár notað „Unloader One"-hnéspelkuna frá Össuri með góðum árangri.

## Í stað aðgerðar

„Brjóskið í hægra hnénu á mér er alveg uppurið, þar er bara bein í bein," segir Jón. „Fyrir fjórum árum síðan fór ég að finna fyrir óþægindum og verkjum í hnénu og fór í liðþófaaðgerð þar sem stærsti hluti liðþófans var fjarlægður. Í kjölfarið kom í ljós að brjóskeyðing í hnénu var einnig mikil. Stefán Carlsson bæklunarlæknir ráðlagði mér að prófa fyrst Unloader-spelkuna frá Össuri og að fá innlegg í skóinn því fóturinn er líka styttri. Ég hef notað spelkuna frá því árið 2010 og hún hefur hjálpað mér verulega."

## Eykur hreyfanleika

Unloader One-hnéspelkan veitir stuðning og minnkar verki og gerir notendum kleift að ganga með hana allan daginn. Í Unloader One-spelkunni eru tveir borðar sem létta álagi af slitnum liðflötum og auðvelda fólki með verki í hnjám að stíga í fótinn. Borðarnir aðlagast hreyfingum sem gerir það að verkum að álagið flyst af slitna liðfletinum yfir á þann heila. Notendur Unloader One-spelkunnar svitna síður af henni en öðrum sambærilegum hnéspelkum. Sá hluti spelkunnar sem liggur næst húðinni er gatað sílikon sem hleypir lofti í gegn og gerir húðinni kleift að anda vel. Unloader One-spelkan er árangur margra ára rannsóknar- og þróunarvinnu Össurar.

## Einföld og þægileg

Nýlega fékk Jón nýja útgáfu af Unloader One sem hann lætur vel af. Það er auðvelt að koma Unloader-spelkunni á sig og hún er bæði einföld og þægileg í notkun. Hún passar undir buxurnar án þess að móti fyrir henni. „Ég finn afskaplega lítið fyrir spelkunni og hún truflar mig ekki neitt. Hún léttir þrýstingi af hnénu og styður við það þannig að ég á mun auðveldara með gang. Eftir að ég fékk nýju spelkuna hef ég haft hana á mér nánast allan daginn, hún er mjög þægileg," segir hann. „Spelkan vinnur eins og hnédeyfir, svipað og höggdeyfar (demparar) bíla."

## Finn ekki lengur til

Jón er mörgum kunnur sem formaður HSÍ um margra ára skeið en hann segir sposkur á svip að hann hafi stundað handbolta fyrir fjörutíu árum og fjörutíu kílóum síðan, en hann var einn af „strákunum okkar" á Ólympíuleikunum í München 1972. „Ég vil ekki kenna handboltanum um þessi hnévandamál mín, slapp algjörlega við meiðsli í honum, heldur miklu frekar yfirþyngd (1/10 úr tonni!) sem ég safnaði á mig eftir að ferlinum lauk. Nú er ég að reyna að létta mig til að minnka álagið á hnén. Eftir að ég fékk spelkuna fer ég mun oftar í lengri göngutúra og hef gaman af og léttist um leið. Áður veigraði ég mér við að fara í göngutúra, enda hafði ég enga ánægju af þeim því þeir reyndu svo á fæturna. Þá rýrna vöðvar í fótum sem ekki er gott, því vöðvarnir styðja við liðböndin í hnjánum. Ég fann aðallega til í vinstra lærinu enda farinn að færa álagið yfir á þann fót þegar hægra hnéð var orðið svo slæmt, en sjúkraþjálfari minn hefur leiðbeint mér til að laga það. Eftir að ég fór að nota spelkuna frá Össuri finn ég ekkert til lengur og mæli eindregið með því að fólk með hnjávandamál ræði við lækni sinn um að sækja um spelkuna í stað þess að fara í aðgerð."

ÖSSUR

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 5125427 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Öryggi og velferð er okkar fag

Öryggismiðstöðin hefur á undanförnum árum fært út starfsemi sína með því að samnýta þekkingu á öryggis-, heilbrigðis- og velferðarmálum. Fyrirtækið býður upp á mjög fjölbreytta þjónustu og vöruúrval á velferðarsviði.

Með því að nýta sólarhringsþjónustu og vöktun sem fyrir er hjá Öryggismiðstöðinni er hægt að bjóða upp á lausnir í öryggi og velferð sem ekki hafa verið í boði áður. „Það er þekkt erlendis frá að öryggisfyrirtæki feti sig inn á velferðarmarkað, enda hlutir sem vinna vel saman,“ segir Guðrún Dadda Ásmundardóttir, iðjuþjálfi hjá Öryggismiðstöðinni.

### Leiga eða kaup á hjálpartækjum

Öryggismiðstöðin býður mikið vöruúrval hjálpartækja til leigu eða sölu, allt frá hækjum yfir í rampa fyrir hjólastóla, göngugrindur, rafmagnshjólastóla, rafmagnsstandstóla, fólkslyftara og margt fleira. „Við erum með mikið úrval og alhliðalausnir fyrir nánast allt sem tengist velferð og hjálpartækjum. Einnig erum við með fullkomin hjúkrunarrúm og búnað sem tengist þeim og rekum eina verkstæðið á landinu sem sér um bílabreytingar fyrir fatlaða sem gerir þeim kleift að aka bíl.“

### Tæknilausnir fyrir hreyfihamlaða

Fyrir þá sem eru með litla eða enga hreyfigetu er mikilvægt að geta átt í samskiptum við umheiminn. Augun eru þar mikilvægur þáttur. Öryggismiðstöðin er með svokallaðar Tobi-tölvur. „Það eru tölvur sem hægt er að stjórna með augunum. Þannig getur sá sem hefur litla sem enga hreyfigetu haft samband við umheiminn. Hann getur skrifað, sent tölvupóst, farið á netið og aflað sér upplýsinga á eigin spýtur. Þetta eykur sjálfstæði og rýfur einangrun einstaklinga svo um munar.“

### Umhverfisstjórnun og sjálfstæði

Sjálfstæði er mikilvægt og fyrir þann sem er hreyfihamlaður getur athöfn eins og að slökkva ljós verið flókið verkefni. „Allt sem tengt er við rafmagn er hægt að tengja við fjarstýringu sem sá hreyfihamlaði ber á sér. Hann getur þannig slökkt og kveikt ljós, á sjónvarpi, dregið frá gardínur, opnað glugga eða hurð ásamt fleiru með fjarstýringunni. Þetta eykur sjálfstæði og öryggi einstaklingsins og getur jafnvel gert honum kleift að búa einn.“

### Öryggishnappur með sólarhringsvöktun

„Öryggismiðstöðin hefur boðið upp á öryggishnappinn frá 1996. Hnappinn er hægt að bera á armbandi eða hálsól og virkar hann þannig að einstaklingur þrýstir á hann í neyðartilviki. Við það opnast samstundis talsamband við stjórnstöð sem kannar ástand viðkomandi og öryggisvörður er sendur á staðinn. Á stjórnstöð er hjúkrunarfræðingur á vakt allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þannig getur öryggisvörður í útkalli fengið leiðbeiningar um viðbrögð frá honum. Öryggishnappurinn veitir þannig gífurlega mikið öryggi fyrir þann sem ber hann og ekki síður aðstandendur. Öryggismiðstöðin er með samning við Sjúkratryggingar Íslands sem niðurgreiðir kostnað við hnappinn að settum ákveðnum skilyrðum. Þeir sem eru með öryggishnapp fá uppsetningu á reykskynjurum, þeim að kostnaðarlausu. Reykskynjarinn er beintengdur við Öryggismiðstöðina í gegnum öryggishnappinn. „Rannsóknir hafa sýnt að eldri borgarar eru oft ekki með eldvarnir í lagi og reykskynjarar ekki til staðar. Það var því tilvalið að auka öryggi þeirra með því að nýta þessa leið án þess að auka kostnað.“

> **Þeir sem eru með öryggishnapp fá uppsetningu á reykskynjurum, þeim að kostnaðarlausu.**

### Ferilvöktun

Með nýjustu tækni og tengingu við stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar opnast ýmsir möguleikar.

„Ferilvöktun er til dæmis þjónusta sem tengist öryggishnappnum og er ákjósanlegur kostur fyrir einstaklinga með Alzheimer og fjölskyldumeðlimi þeirra. Ef Alzheimer-sjúklingur fer að rápa eins og það er kallað, fer til dæmis út og villist jafnvel, erum við með kerfi sem lætur hans nánustu vita. Tæknin sem við notum felst í tímastilltum rofa á hurð sem sendir boð ef farið um dyrnar á óæskilegum tíma. Þannig er hægt að gera ættingjum viðvart án tafar ef eitthvað óeðlilegt kemur upp á.

Einnig eru í boði lausnir fyrir maka þeirra sem eru veikir, en algengt er að makar eigi jafnvel erfitt með svefn af ótta við að sá veiki fari að rápa um miðja nótt. Þá setjum við upp hreyfiskynjara sem sendir boð í lítið boðtæki ef sá veiki fer á stjá um miðja nótt. Oft eru það makar sjúklinga sem enda fyrr á sjúkrahúsi vegna álags við umönnun. Þetta er því gríðarmikilvægt öryggistæki sem bætir velferð og vellíðan í leiðinni.“




Öryggismiðstöðin býður mikið vöruúrval hjálpartækja til leigu eða sölu. „Við erum með mikið úrval og alhliðalausnir fyrir nánast allt sem tengist velferð og hjálpartækjum.“ MYND/ANTON



Öryggismiðstöðin rekur verkstæði á sem sér um bílabreytingar fyrir fatlaða.



Öryggismiðstöðin er með sjúkrarúm í nokkrum gerðum sem hægt er að skoða í sýningarsal.



Fólkslyftur ásamt aukabúnaði er hægt að leigja og kaupa hjá Öryggismiðstöðinni.



Öryggismiðstöðin rekur eina verkstæðið á landinu sem sér um bílabreytingar sem gera fötluðum kleift að aka.

## GLÆSILEGUR SÝNINGARSALUR OG FAGLEG RÁÐGJÖF SÉRFRÆÐINGA

**Hjá Öryggismiðstöðinni** vinnur teymi sérfræðinga sem í sameiningu hafa skapað öflugt þjónustufyrirtæki á öryggis- og velferðarsviði sem þjónustar einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Þar eru hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfarar í vinnu sem veita faglega ráðgjöf og hægt er að skoða vörurnar í glæsilegum sýningarsal í Askalind 1 Kópavogi. Einnig er hægt að skoða vörur og nálgast nánari upplýsingar um Öryggismiðstöðina á heimasíðunni www.oryggi.is.

# Við vinnum í verkjum

Gáski er öflug sjúkraþjálfunarstöð með útibú í Bolholti og í Mjódd. Þar starfa öflugir sjúkraþjálfarar sem hjálpa fólki að losna við ýmis vandamál og verki.

Gáski er rótgróin sjúkraþjálfunar- og heilsuræktarstöð sem starfrækt hefur verið í 25 ár. „Við leggjum áherslu á fræðslu, forvarnir og uppbyggjandi æfingameðferð, samhliða meðferð hjá sjúkraþjálfara," segir Sólrún Sverrisdóttir, sjúkraþjálfari hjá Gáska.



Sólrún Sverrisdóttir segir að mannslíkaminn sé flókið fyrirbæri og erfitt að vera sérfræðingur um allt og þess vegna sérhæfa sjúkraþjálfararnir sig. MYND/VALLI

### Sérhæfing mikilvæg

Hjá Gáska starfa um 20 sjúkraþjálfarar, hver og einn með sitt áhugasvið og sérhæfingu. „Mannslíkaminn er flókið fyrirbæri og erfitt að vera sérfræðingur um allt. Þannig vísum við fólki okkar á milli eftir því sem við á. Til dæmis hefur Ragnar Hermannsson sjúkraþjálfari sérhæft sig í axlavandamálum. Hann er með sérútbúinn sal hérna fyrir það sem er byggður út frá hugmyndum hans og þekkingu. Ég sérhæfi mig svo í mjaðmagrindar- og meðgönguvandamálum."

### Vel tækjum búin

Nauðsynleg tæki og tól sem til þarf við sjúkraþjálfun eru til staðar hjá Gáska auk tækjasals sem almenningur getur keypt kort í. „Með korti hjá okkur fylgir leiðsögn sjúkraþjálfara og aðstoð við að setja upp æfingaprógramm. Hér er ekki háværtónlist og rólegra umhverfi en í stóru líkamsræktarstöðvunum. Við erum auðvitað með öll nauðsynleg tæki til meðferðar á ýmsum vandamálum s.s. stuttog hljóðbylgjutæki, leysitæki, togbekki ásamt fleiri tækjum. Ég er svo með sérstakan meðgöngubekk fyrir ófrískar konur til að þær geti legið á maganum."

### Verkir eru ekki eðlilegt ástand

„Oft vill það verða svo að fólk leitar sér ekki aðstoðar fyrr en verkir eru orðnir mjög miklir. Við myndum vilja auka það að fólk leiti til okkar fyrr. Fólk er jafnvel búið að vera með verki lengi og taka verkjalyf til að slá á verkinn. Margir halda að meðferð hjá sjúkraþjálfara sé langtímameðferð. Í mörgum tilfellum reynist hins vegar nóg að koma til okkar í nokkur skipti. Þá er fólk jafnvel að beita sér rangt og við hjálpum því að leiðrétta það og kennum því leiðir til að styrkja sig ásamt fleiru."

### Vinnuvernd

Sjúkraþjálfarar Gáska fara einnig í fyrirtæki úti í bæ og eiga náið samstarf við fyrirtækið Vinnuvernd. Þá er m.a. verið að veita almenna leiðsögn um líkamsbeitingu og bætta vinnuaðstöðu. „Það getur verið sniðugt fyrir fyrirtæki að nýta sér þessa þjónustu og bæta líðan starfsmanna sinna."

### Viðbragðsvakt Gáska

Hefðbundna leiðin að sjúkraþjálfara er í gegnum lækni sem gefur tilvísun á sjúkraþjálfun. Þjónustan er niðurgreidd af Sjúkratryggingum Íslands. Í sumum tilfellum gæti þó verið um bráðatilvik að ræða. „Hjá Gáska erum við með viðbragðsvakt alla virka daga milli fimm og sjö. Ef upp kemur bráðatilfelli getur fólk komið án þess að fara til læknis. Við erum í samvinnu við lækni ef viðkomandi þarf á frekari meðferð að halda. Við erum eina stöðin sem veitir þessa þjónustu."

Nánari upplýsingar um Gáska er að finna á www.gaski.is.

## *Er betri núna en í upphafi meðgöngu*



Sunna Jónína Sigurðardóttir var komin nokkrar vikur á leið þegar hún fór að kenna sér meins í mjóbaki. Hún leitaði sér aðstoðar vegna verkjanna hjá lækni og í framhaldi hjá Gáska. „Ég byrjaði hjá einum sjúkraþjálfara sem sendi mig áfram til Sólrúnar Sverrisdóttur sem sérhæfir sig í meinum tengdum meðgöngu og mjaðmagrind. Ég var að vinna í garðyrkjudeildinni í Garðheimum og þurfti oft að lyfta hlutum og bogra svolítið. Hjá Sólrúnu fékk ég góða hjálp við að lina verkina og leiðbeiningar um hvernig væri best fyrir mig að beita mér til að fyrirbyggja vandamál. Í dag er ég komin 30 vikur á leið af mínu öðru barni, en á fyrri meðgöngu var ég ekki eins slæm og ég hef verið núna. Það losnar um öll liðbönd vegna hormónaflæðis tengt meðgöngunni, svo það hefur ýmislegt fleira komið upp á þessum tíma fyrir utan verki í baki; grindargliðnun, sinaskeiðabólga og vöðvabólga.

Þar sem ég er ófrísk get ég ekki tekið verkjalyf nema í litlu magni. Sjúkraþjálfunin hefur hins vegar gert það að verkum að ég er betri núna en þegar ég byrjaði en samt komin 30 vikur á leið. Sennilega hefði ég verið óvinnufær eða með skerta vinnugetu ef ég hefði ekki leitað aðstoðar sjúkraþjálfara."

## *Vinnufær og sef á nóttunni*



Hjörtur Arnar Óskarsson fékk svokallaða kalkmyndun á bein, vöðva og sinar í öxl sem leiddi til þess að öxlin á honum festist. „Ég gat ekkert hreyft öxlina og átti orðið erfitt með svefn. Ef ég velti mér á hliðina í svefni þá vaknaði ég við gríðarlegan sársauka. Ég var frá vinnu í þrjá mánuði og var á sterkum verkjalyfjum. Allt stefndi í að ég þyrfti að leggjast á skurðarborðið þegar ég hóf sjúkraþjálfun hjá Ragnari Hermannssyni í Gáska. Hann teygði mig og togaði og nuddaði og lét mig gera fullt af æfingum þrjá daga í viku. Þessu fylgdi óbærilegur sársauki. Batinn lét hins vegar á sér standa og ég var alveg við það að gefast upp. Ragnar gafst hins vegar ekki upp og hvatti mig áfram og að lokum fór ég að finna fyrir breytingu. Sjúkraþjálfunin gerði það að verkum að ég þarf vonandi ekki á aðgerð á öxlinni að halda og ég get sofið á nóttunni og unnið á daginn. Verkirnir eru sáralitlir miðað við það sem var svo ég hef ekki þörf fyrir verkjalyfin lengur."

# Teygjur gera oft illt verra

Hálsverkir fólks eru yfirleitt tilkomnir vegna of langra vöðva en ekki of stuttra. Það er því ekki gott að teygja á hálsinum því þá er verið að gera illt verra. Armstuðningur er mikilvægur svo vöðvar sígi ekki og lengist.

Niðurstöður nýlegra rannsókna sýna að herðavöðvi (efri sjalvöðvi, e. upper trapezius) fólks er í flestum tilfellum of langur og þá sérstaklega hjá þeim sem eru með hálsverki. „Samkvæmt þessu ætti ekki að teygja vöðvana heldur frekar að styrkja þá og stytta," segir Dr. Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari og sérfræðingur í greiningu og meðferð stoðkerfis (Manual Therapy). „Margir íþróttakennarar og sjúkraþjálfarar eru enn að segja fólki að teygja herðavöðva og æfingaáætlanir fyrir einstaklinga með hálsverki fela oftast í sér að vöðvinn er teygður."

### Truflanir á vöðvum

Harpa hefur sjálf gert rannsóknir á axlargrindinni sem styðja þessar niðurstöður og skrifað vísindagreinar um þær sem birst hafa í ritrýndum tímaritum. „Algengasta truflunin á axlargrindinni er að axlarhyrnan (acromion) sýgur niður og fram á við eða að herðablöðin eru neðar en þau ættu að vera. Efri sjalvöðvinn er í þessum tilfellum of langur auk þess sem fleiri truflanir á vöðvum geta spilað inn í. Ástæðan fyrir þessari truflun er sú að líkamsstaða fólks er oft og tíðum röng og vöðvarnir of slakir. Til dæmis þegar setið er við tölvu og enginn stuðningur er undir örmunum þá sígur axlargrindin niður og lenging verður á vöðvum. Ef viðkomandi er í tölvuvinnu þarf að hafa stuðning undir örmunum frá stól eða borði." Hún segir að hálsverkir séu almennt að verða stærra vandamál í þjóðfélaginu og að sú þróun hafi átt sér stað með aukinni kyrrsetu og notkun fartölva.

### Hreyfing nauðsynleg

Til að koma í veg fyrir þetta vandamál og snúa því til baka er nauðsynlegt að byggja upp efri sjalvöðva og leiðrétta stöðu axlargrindarinnar. Það á frekar að ráðleggja fólki með hálsverki að hreyfa sig, til að örva næringarflæði til vefjanna, nudda auma vöðva og bæta líkamsbeitingu.

„Sjúkraþjálfarar eru í dag að verða færari í að greina og meðhöndla þessar truflanir og það er mikilvægt fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur að fylgjast með nýjum rannsóknum til að fólk fái réttar leiðbeiningar og æfingar," segir Harpa.



Niðursnúningur á herðablöðum leiðréttur (scapular downward rotation) með því að setja hendur á höfuð og færa olnboga aftur og láta handleggi aftur niður án þess að axlarhyrnan sígi niður.



Hér má sjá nægan stuðning undir örmum.



Hér sést herðablað sem er niðursnúið (scapular downward rotation).

# BÍLAR & FARATÆKI




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Okkur vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu til okkar eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Svartur Toyota Hilux árg. 2007, sjálfskiptur, cruse control, upphækkaður f. 33", ekinn 90.000 km, með húsi, heithúðaður pallur, hlífar á rúðum og húddi. Krókur. Einn eigandi. verð 3.690.000. S. 897 3773.



Óska eftir tilboði í Mercedes Benz TDT EU 577, ekinn 823.000km. árgerð 1994 station. Bíllinn stendur á bílaplani Orkunnar við Reykjavíkurveg Hafnarfirði. Eigandi vinnur órskammt frá. Nánari upplýsingar í síma . 8999948 og eilin@simnet.is.



**VOLVO S60 DÍSEL SJÁLFSKIPTUR**
04/2011. Ek. 15 þ. km. Nýþjónustaður hjá Brimborg. Kraftmikill og sparneytinn, ca.6L/100km. Verð 5490 þ. kr. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. S: 896-0777



Til sölu Nissan X-trail SE árg. 2008 disel, sjálfsk. Keyrður 106. þús. Verð 2.990 þús. Áhv. 1.430 þús óverðtr. lán. Gott eintak. Nánari uppl. s: 663-2282



Til sölu Toyota Hiace ,99. Langur 4x4. Ek. 240 þús. Verð 990 þús. S. 821 6595.

Toyota Yaris 1.0 árg. ,99, ekinn 96 þús. með endurskoðun, þarfnast smá lagfæringa, beinskiptur, 3 dyra, rosalega eyðslugrannur ! Tilboðsverð aðeins 220þús stgr. Uppl í s:860-4730.

Hyundai H100 árg.95 hálfur húsbíll. Tímareim farin, mjög góður að öðru leiti. Skoðaður ,13. Sanngjarnt verð. Uppl.899-2276

## 250-499 þús.



**Rúmgóður og Sparneytin**
MMC Spacestar 1.3, árg ,00 ekinn aðeins 146þús, beinskiptur, ný skoðaður og ný yfirfarinn, bíllinn er á vetrardekkjum, mjög eyðslugrannur og rúmgóður bíll. ásett verð 520þús, tilboðsverð aðeins 350þús stgr. uppl í s:659-9696



Wv Bora árg. ,99, beinsk, vél 1.6 sko ,13, ek. 202 þús, góð vetrardekk, góður bíll. Verð 385 þús. GSM 868 2352.



**Sjálfskiptur - Tilboð 299 þús.**
Opel Vectra 1.6 árg ,99, sjálfskiptur, ekinn 176þús, ný skoðaður, 4 dyra, ný heilsársdekk, lýtur vel út og góður í akstri, eyðsla aðeins 7L/100km, ásett verð 490þús, Tilboðsverð aðeins 299þús stgr. s:659-9696



**!!! Frábært eintak 290þ !!!**
Sjálfskipt Mazda 323 00" Ek 200.000 ný tímareim ofl! Sk13" 4dyra 1.6 vél sem eyðir litlu Verð 390þ tilboð 290þ stgr Uppls 777-3077

Til sölu Hyundai Elantra ,99. Ek. 108 þús. Sjsk. Vetrardekk fylgja. Lítur vel út. Verð 350 þús. Uppl. í s. 856 7409.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**KAUPI BILAÐA BÍLA!**
Helst ekki eldri en ,98 bíllinn má þarfnast lagfæring eða vera óskoðaðu eða sjúskaður, allt kemur til greina á bilinu 0-200 þús stgr 691 9374

## Jeppar



Mcc Pajero árg.'00 ekinn 240þús. mikið endurnýjaður. Ásett verð 1190þús. 35" breyttur. Upplýsingar í síma. 8923011.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir




Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**Renault Clio RT 1996 - 1998**
Vil kaupa gírkassa úr Renault Clio 1996 - 1998, má vera hvort sem er sjálfskiptur eða beinskiptur. Upplýsingar í síma 891 - 7541

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

**AB - PÚST**
Almennar púst viðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

## Reiðhjól




# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 / 699 6069.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vandvirk og heiðarleg. Uppl. í s. 698 3473.

## Garðyrkja




**Garðaþjónusta Íslands ehf**
**Vönduð vinnubrögð**
**Róbert S. 866 9767**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málningafélagið Borg**
Sérhæfum okkur í að þjónusta húsfélög, ábyggð fylgir öllum verkum, rösk og örugg þjónusta. S. 779 0900

**Málarameistari**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**Viðhald fasteigna.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**Húsbyggjendur/ íbúðarkaupendur**
**Get bætt við mig viðhaldsverkefnum. Hef mikla reynslu af viðgerð gamalla húsa. Ástandsskoða einnig fasteignir.**
**Pétur Óskarsson, löggiltur húsasmíðameistari.**
**S: 865 3518 / 477 1128**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Spádómar

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 16.00.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Skemmtanir



**Sveitasetrin Kjós og Grímsá**
Hópefli, hvataferðir, fundir ,veislur. Hentugt fyrir stóra sem smáa hópa. Nánari Upplýsingar Júlíus s 892-9263. www.hreggnasi.is

## Iðnaður

Getum bætt við okkur smáum sem stórum verkefnum í mótauppslætti. Erum með mót og krana. Uppl. í s. 898 2062 & 899 6482.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Hillur í búðina, bílskúrinn eða verslunarhornið. Frístandandi raufapanill/hillur, tilvalið í verslun fyrir vörur. Á einnig á vegg. Gott verð. Einnig krókar og skúffur. S: 664 3177.



Útiljós, hentug fyrir sumarbústaði, útihús og aðra staði. Nú aðeins 5000 kr. www.hobbystore.is

Husqvarna overlock saumavél til sölu. Upplýsingar í síma 865-9890.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.



## Fasteignir

**heimili FASTEIGNASALA**



Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

### Skrifstofuhæð óskast til kaups!

Erum að leita að skrifstofuhæð, 400-550 fm að stærð, fyrir ákveðinn kaupanda í lyftuhúsi. Staðsetning þarf að vera miðsvæðis, helst í 108 og 105. Æskilegt er að svalir séu á húsnæðinu og í því sé salur, eða mögulegt að útbúa. Afhending þarf að vera um áramót.

**Frekari upplýsingar veitir Finnbogi í síma 895 1098 eða finnbogi@heimili.is**

530 6500 **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



### Urðarhvarf 2

203 Kópavogur



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
sölufulltrúi
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is

Um er að ræða 2.775 fm skrifstofu- og verslunarhúsnæði
Frábært útsýni, mikið af bílastæðum
Öll skipti skoðuð



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **Tilboð**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




### Stóragerði 42

108 Reykjavík

fimmtudag 4. október
**frá kl. 16:45-17:15**

Glæsileg 5 herb 176 fm íbúð á jarðhæð
Sérinngangur
Nýlegt hús
30 fm sérverönd



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
sölufulltrúi
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **53,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald



Griffon Bruxellois rakki Þessi yndislegi, ljúfi 8 vikna griffon hvolpur er til sölu. HRFI ættbók. Upplýsingar 846-8171 www.schnauzer.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu á Hringbraut í 107 Rvk, laus strax. Nálægt Háskóla Íslands S. 866 6344.

### Húsnæði óskast

Reglusamur ungur maður í góðri vinnu óskar eftir herbergi á leigu, helst í 101 eða 104. Sími 846 9153.

### Húsnæði til sölu

Til sölu 120 fm raðhús í Njarðvík. Seljandi lánar allt að 20%. Uppl. í s. 899-3761

**Hús í Garðabæ**
Til sölu. Á besta stað, þarfnast lagfæringar. Fyrirspurnir sendist á husigardabae@gmail.com

### Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ BAKARÍ

**Afgreiðslufólk óskast!**
**á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf.**
**Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

20 ÁRA Hlölla BÁTAR

**Hlöllbátar Ingólfstorgi.**
**Óska eftir starfsfólki í kvöld, helgar og næturvinnu.**
**Umsóknir inn á hlollabatar.is eða senda á hlollabatar@hlollabatar.is**

VDO Borgardekk

Óskum eftir vönum manni á dekkjaverkstæði okkar. Aðeins stundvís og áreiðanlegur starfsmaður kemur til greina. Umsóknir óskast sendar á radning@vdo.is

**Veitingarhúsið Hornið**
Vanur pizzubakari óskast strax. Reglusamur og stundvís. Sendið umsókn á hornid@hornid.is.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Uppl. í S. 568 3080

**Járnabindingar**
Óskum eftir mönnum til járnabindingar, helst vönum. Mikil vinna í boði. Uppl. í S: 893 1174 Bergur, 866 1083 Andrés.

Malbiksviðgerðir ehf. óskar eftir mjög öflugum starfsmanni til að vinna við malbiksviðgerðir. Mikil vinna í boði fyrir réttan aðila! Meirapróf og þekking á viðgerðum véla skilyrði. Frekari upplýsingar og umsókn í síma 823 3446 - Þorvarður.

**Framtíðarstarf - Bifvélavirki**
Okkur vantar vana Bifvélavirkja til starfa sem fyrst á Bílaspítalann í Hafnarfirði. Þarf að vera vandvirkur, reglusamur og stundvís. Umsókn sendist á bsp@bsp.is Ingvi 565-4332 eða 897 3150

### Atvinna óskast

**Vantar þig forritara með mikla reynslu?**
**Höfum á skrá forritara með Diplómapróf í kerfisfræði - BSc í tölvunarfræði - BSc í hugbúnaðarverkfræði -BSc í tölvunarstærðfræði. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan s .661-7000**

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar



**3 - 5 þús á mánuði**
HVOLPAR, COCKER SPANIEL. HEILSUF.SK. ÆTTB.F. HJÁ HRFÍ. VÍSA RAÐGR. (36 MÁN.) VERÐ-GR SAM. COCKERSPANIEL.DYRALAND.IS S. 869-8232/564-4432.

### Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynl.sögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999




STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!





## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN Reykjavík**



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

FÉLAG FASTEIGNASALA

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

### Tryggvagata 11 - Skrifstofuhæð með glæsilegu útsýni

Vel innréttuð 378,3 fm skrifstofuhæð sem er 5.hæðin í sex hæða lyftuhúsi. Eignarhlutinn skiptist m.a. í átta skrifstofur, opið rými, tækjarými, fundarherbergi, kaffistofu og snyrtingar. Vel staðsett hús með glæsilegu útsýni yfir höfnina og sundin.
Hæðin er laus nú þegar.

**Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson og Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasalar**






# Prófaðu nýtt frá Ora
# Íslensk kjötsúpa

Nú er ný íslensk kjötsúpa frá Ora komin í verslanir. Vörurnar frá Ora endurspegla sanna ástríðu í matargerð. Í 60 ár hafa vörur Ora verið ómissandi á íslenskum heimilum og órjúfanleg hefð íslenskrar matarmenningar. Nýja kjötsúpan frá Ora hvílir á fornum merg, er unnin úr úrvals hráefnum, og er alveg ómótstæðileg.

*Prófaðu ljúffenga og matarmikla kjötsúpu sem nú er komin í næstu verslun. Íslensk framleiðsla úr hágæða íslensku hráefni.*




*Íslensk Kjötsúpa*
Ekta íslensk kjötsúpa sem fæst í næstu verslun.




*Mexíkósk Súpa*
Kitlaðu bragðlaukana og prófaðu nýja mexíkóska súpu með kjúklingi.




*Gúllassúpa*
Prófaðu bragðgóða og matarmikla gúllassúpu frá Ora í næstu verslun.

*Skoðaðu ora.is* — *Fylgstu með á Facebook*

*Skoðaðu tilboðin, uppskriftirnar og fróðleikinn á afmælisárinu á ora.is og fylgstu með Ora á Facebook.*

ÁSTRÍÐA Í MATARGERÐ
60
*Ora í sextíu ár*
1952 - 2012

ora

***Mundu eftir 60 ára afmæli Ora***

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ryk, **6.** málmur, **8.** sjór, **9.** blessun, **11.** ullarflóki, **12.** högni, **14.** stinga, **16.** í röð, **17.** kopar, **18.** mælieining, **20.** bókstafur, **21.** pottréttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** kringum, **4.** flutningaskip, **5.** hyggja, **7.** avókadó, **10.** andmæli, **13.** atvikast, **15.** einsöngur, **16.** skyggni, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** duft, **6.** ál, **8.** mar, **9.** lán, **11.** rú, **12.** fress, **14.** pikka, **16.** de, **17.** eir, **18.** erg, **20.** pí, **21.** ragú.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** um, **4.** farskip, **5.** trú, **7.** lárpera, **10.** nei, **13.** ske, **15.** aría, **16.** der, **19.** gg.




# Kássast upp á jússur

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Einelti er skelfilegt. Um það erum við öll sammála. En þrátt fyrir mikla umræðu og markvissar aðgerðir virðist ganga illa að ráða niðurlögum þess. Hver einstaklingurinn á fætur öðrum kemur fram í fjölmiðlum og lýsir sárri reynslu af einelti skólafélaga, vinnufélaga eða annarra. Og við jesúsum okkur og hryllum í kór yfir þessum sögum; skiljum ekki hvaðan þessi grimmd og mannfyrirlitning kemur. Kannski við ættum að líta okkur nær.

**TIL** þess að uppræta einelti þarf nefnilega grundvallarhugarfarsbreytingu. Það þarf að hætta að hafa það fyrir börnum að það sé eðlilegt að skíta út stjórnmálamenn og aðra sem sjást á sjónvarpsskjánum og alla sem hafa andstæða skoðun í kommentakerfum netmiðla. Koma þeim skilaboðum rækilega á framfæri að það sé aldrei í lagi að ráðast á annað fólk vegna framferðis þess, skoðana, útlits eða óvana. Aldrei. Það lærir ekkert barn að einelti sé óforsvaranlegt ef það hlustar á sífelldar yfirlýsingar um það hvað þessi eða hinn sé mikill hálfviti, hvað þessi kellingarbikkja sé klikkuð, eða þessi kall feitur heima hjá sér á hverju kvöldi. Hvernig ættu þau að skilja það að foreldrunum leyfist að tala svona um aðrar manneskjur en þau sjálf megi ekki segja styggðaryrði við félaga sína?

**SUMIR** eru jafnvel lagðir í einelti í nafni rétthugsunar. Þar eru efstir á blaði blessaðir reykingamennirnir. Reykingar eru óhollar og sóðalegar og þar af leiðandi eru þeir sem þær stunda réttmætt skotmark barna og fullorðinna hvar sem til þeirra næst. „Það er ógeðslegt að reykja, þú getur dáið," segja börnin sem ganga fram hjá þegar maður situr í sakleysi á eigin tröppum og nýtur nikótínsins. Og foreldrarnir brosa drjúgir og klappa þeim á kollinn. Aldeilis vel heppnuð innræting. En hvað með annað sem er óhollt og ógeðslegt? Hugsum okkur að sama barn sæi feita manneskju sitja og úða í sig hamborgara og frönskum, löðrandi í kokteilsósu, og tilkynnti henni á sama hátt að það væri ógeðslegt að borða svona jukk og líklegt til að draga hana til dauða. Haldiði að foreldrarnir myndu brosa jafn drýgindalega við þeirri staðhæfingu? Og hvað ef ég, sem valið hef þann lífsstíl að eiga ekki bíl, steytti hnefa, fussandi og sveiandi í hvert sinn sem ég sæi bíl? Hlýt ég ekki að eiga rétt á því að þurfa ekki að anda að mér eiturgufunum í útblæstri bílanna ykkar í hvert sinn sem ég fer út úr húsi? Þetta er ógeðslegt!

**EINELTI** er skelfilegt. Alltaf, alls staðar. Eina leiðin til að vinna bug á því er að leyfa fólki bara að vera eins og það er með sína lesti og vankanta. Hætta að kássast upp á annarra jússur og reyna í staðinn að lappa upp á sínar eigin.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Lagersala 4.-7. október
# 50-80% afsláttur

66° NORÐUR

## Börn



**Máni** peysa
~~8.500 kr.~~
**4.000 kr.**



**Ægir** hlífðarbuxur
~~11.500 kr.~~
**4.000 kr.**



**Ægir** hlífðarjakki
~~12.500 kr.~~
**6.000 kr.**



Húfur, treflar og aðrir aukahlutir
**frá 1.000 kr.**

## Herrar



**Hekla** úlpa
~~42.000 kr.~~
**17.000 kr.**



**Langjökull** primaloft jakki
~~39.800 kr.~~
**16.000 kr.**



**Katla** jakki
~~23.500 kr.~~
**12.000 kr.**



**Gola** jakki
~~11.500 kr.~~
**3.000 kr.**

## Dömur



**Gola** peysa
~~32.000 kr.~~
**5.000 kr.**



**Logn** hettupeysa
~~15.800 kr.~~
**6.000 kr.**



**Gola** kápa
~~11.500 kr.~~
**3.000 kr.**



**Öskjuhlíð** hanskar
~~5.800 kr.~~
**2.500 kr.**

**Faxafen 12** | 108 Reykjavík — Opnunartími: Fim. og fös. 9-18 | Lau. 11-16 | Sun. 12-16
**Glerárgata 32** | 600 Akureyri — Opnunartími: Fim. og fös. 10-18 | Lau. 11-16
**Miðvangur 13** | 700 Egilsstaðir — Opnunartími: Fim. og fös. 11-18 | Lau. 11-16

# menntun

menntun@frettabladid.is

**39,2%** **BARNA Í 1.-3. BEKK LÆRÐU ENSKU SÍÐASTA VETUR**
*Enska er fyrsta tungumál sem flestir íslenskir nemendur læra. Skólaárið 2011-2012 lærðu 33.937 börn ensku í grunnskólum, eða 80,1% grunnskólabarnanna, og hefja flest enskunám í 4. bekk.* Heimild: Hagstofa Íslands.



**ERLINGUR ÞÓR PÉTURSSON** „Ef ég gæti færi ég með næsta flugi út," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Heillandi tilfinning

**128 nemendur eru skráðir í japönsku við Háskóla Íslands á þessari önn. Þar af eru 15 í Japan þetta skólaár. Algerir nýnemar eru 28 en einnig sækja nokkrir tíma sem áður voru skráðir í önnur fög í HÍ.**

Einn þeirra sem hófu japönskunám við Háskóla Íslands á þessu hausti er Erlingur Þór Pétursson, 22 ára Akureyringur.

Hann kveðst hafa brennandi áhuga á japanskri tungu og menningu og eitt af því sem heilli hann við japönskuna sé tilfinningin sem fylgi talmálinu. En hvernig er svo að læra þetta framandi mál? „Námið er mjög áhugavert, eiginlega mun áhugaverðara en ég þjóst við, sérstaklega vegna þess hversu skemmtilega kennara við erum með," segir Erlingur Þór og ber líka lof á félagslífið innan hópsins. „Oftar en ekki er eitthvað gert um helgar, þá með japönsku skiptinemunum sem stunda nám við skólann. Við reynum líka að nýta virku dagana í að gera eitthvað skemmtilegt, hvort sem það tengist náminu eða ekki," segir hann. „Svo horfi ég að sjálfsögðu á japanskar bíómyndir og anime (teiknimyndir). Það er lærdómur út af fyrir sig."

Hvernig telur Erlingur Þór svo námið muni nýtast honum? „Að kunna annað tungumál opnar marga möguleika, sama hvaða mál það er. Maður fær breiðari sýn á heiminn, sem gerir mann að betri manneskju ef eitthvað er. Svo auðveldar það líka frekara nám í Japan," svarar hann og kveðst aðspurður aldrei hafa komið þangað – ekki enn. Skyldi Japansferð vera á döfinni? „Ekkert á næstunni. Ekki fyrr en skiptinámið tekur við. Ef ég gæti færi ég með næsta flugi út en ég bíð bara spenntur þangað til." - gun

# Stúlkur oft hlutgerðar í myndefni skólablaða framhaldsskólanna

**Eitt erinda á Menntakvikunni nefnist Orðræðan um konur og karla í myndefni framhaldsskólablaða: Birtingarmyndir hetrósexisma og sexisma í íslenskum skólablöðum. Það er Jón Ingvar Kjaran, doktorsnemi á Menntavísindasviði HÍ, sem flytur erindið. Hann segir kynjamismunun í myndbirtingum fara vaxandi.**

„Ég er aðallega að skoða og velta fyrir mér hvernig kynin birtast í myndefni skólablaða í framhaldsskólum," segir Jón Ingvar Kjaran, doktorsnemi á Menntavísindasviði, um innihald erindis síns. „Ég tók aðallega fyrir skólablöð í einum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og hugmyndin var að skoða líka hvort orðræðan einkenndist af sexisma eða slíku. Þetta var eigindleg greining og megindleg. Megindlega greiningin byggðist aðallega á innihaldsgreiningu en í eigindlegu greiningunni er ég meira að túlka niðurstöður út frá femínísku sjónarhorni og krítísku."

Þú ert líka að skoða birtingarmyndir hinsegin fólks í þessum blöðum, ekki satt? „Jú, jú, og það tengist líka margbreytileikanum og því hvernig orðræðan er um hinsegin fólk í skólablöðum. Hún er reyndar mjög lítil og nær engin og gengur helst út á það að draga einhver mörk á milli þeirra sem eru „normal" og þeirra sem teljast vera hinsegin. Sú orðræða tengist líka mikið karlmennsku og kvenleika, kynhneigð og kyngervi og ég reyni að skoða þetta út frá því hvaða staðalmyndir eru ríkjandi og hvernig þeir sem bregða út af þeim eru stimplaðir."

Og hver er niðurstaðan? Er mikil kynjamismunun í þessum blöðum? „Já, það er talsvert um hana í myndefni skólablaðanna. Reyndar dálítið mismunandi eftir árum. Hún er talsverð árið 1996 og hefur farið svolítið vaxandi síðan. Nær hámarki um 2005-6, síðan kemur smá lægð en svo fer hún aftur upp og ég er dálítið að velta fyrir mér hvað gæti valdið því. Internetið kemur þarna upp úr 2000 og síðan er talað um þessa auknu klámvæðingu í samfélaginu. Kynslóðin sem kemur inn í framhaldsskólana 2007 og eftir það er hin svokallaða „klámkynslóð", þannig að ég er svona að skoða hvort draga megi einhverjar ályktanir út frá því en vil þó ekki draga neinar almennar ályktanir, þetta eru meira svona vísbendingar."

Hvernig birtist þessi kynjamismunun í blöðunum? „Birtingarmyndirnar eru auðvitað ýmsar. Kynin eru sýnd í skrítnum stellingum, oftast þá stúlkur. Það er líka áberandi að þær eru sýndar fáklæddar, eru hlutgerðar í myndefninu. Hetrósexisminn er einnig áberandi, það er gengið út frá því að allir séu gagnkynhneigðir."

Fyrirlestur Jóns Ingvars hefst klukkan 9 í fyrramálið í Gamla kennaraskólanum við Skaftahlíð.

fridrika@frettabladid.is



**SKOÐAR KYNJAMISMUNUN** Jón Ingvar segir að dregið hafi úr kynjamismunun í skólablöðum upp úr 2005 en nú sé hún að aukast aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### FJÖLBREYTT ERINDI OG MÁLSTOFUR

Menntakvika, árleg ráðstefna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um nýjustu rannsóknir, nýbreytni og þróun í menntavísindum, fer fram föstudaginn 5. október frá klukkan 9 til 17. Ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem efst er á baugi í rannsóknum í menntavísindum á Íslandi ár hvert. Flutt verða erindi í 45 málstofum um fjölbreytt málefni sem tengjast uppeldi, menntun og þjálfun.

Umfjöllunarefni málstofanna eru hin fjölbreyttustu og spanna víðfeðmt svið, allt frá heilsu til samfélagsmiðla eins og sjá má á meðfylgjandi lista:

**Heilsa á 52 fjöllum**
Gunnhildur Hinriksdóttir, MS aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ
Smári Stefánsson, MS aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ

**Orðræðan um konur og karla í myndefni framhaldsskólablaða: Birtingarmyndir hetrósexisma og sexisma í íslenskum skólablöðum**
Jón Ingvar Kjaran, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ

**Háskólar og bankar og um samfélagslega ábyrgð þessara stofnana**
Páll Skúlason, prófessor á Hugvísindasviði HÍ

**Viðhorf ungs fólks til eineltis og óttinn við að standast ekki kröfur**
Halla Jónsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ

**Heimsborgaralegur auður: Efling tungumálanáms**
Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor Hugvísindasviði HÍ

**Notkun samfélagsmiðla til heilsueflingar**
Ágústa Pálsdóttir, prófessor Félagsvísindasviði HÍ

**Vinna er lasta vörn. Sveitastörf íslenskra barna á síðari hluta 20. aldar**
Anna Dórothea Tryggvadóttir, meistaranemi Menntavísindasviði HÍ
Ólöf Garðarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ

**Kynjamunur á notkun próteinfæðubótarefna á meðal framhaldsskólanema**
Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ
Meðhöfundar: Unnur B. Arnfjörð
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ

Dagskrána í heild má nálgast á vef Menntakvikunnar: http://vefsetur.hi.is/menntakvika/dagskra



...UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆK...

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-19 ALLA DAGA**

**SÍÐASTA HELGIN! ALLT Á AÐ SELJAST**

**MIKIÐ ÚRVAL HLJÓÐBÓKA!**

**ALDREI MEIRA ÚRVAL!**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~5.990,-~~
990,-




~~4.290,-~~
2.890,-




~~2.190,-~~
1.290,-
HLJÓÐBÓK




~~2.990,-~~
990,-




~~5.490,-~~
1.990,-




~~2.890,-~~
1.990




~~3.990,-~~
1.690,-




~~2.490,-~~
690,-




~~2.990,-~~
1.490,-




~~1.890,-~~
990,-
HLJÓÐBÓK




~~3.290,-~~
990,-




~~2.750,-~~
1.490,-

## FÁGÆTAR BARNABÆKUR – ALDREI ÁÐUR Á BÓKAMARKAÐI!



**SONNET OF DELIRIUM** Er heiti sýningar Unu Lorenzen sem opnar í Þoku í dag, fimmtudag. Sonnet of Delirium (2011) er fjögurra mínútna tilraunakennd hryllingsmynd sem íslenska listakonan Una Lorenzen teiknaði. Myndin er byggð á sögu íranska listamannsins Majeed Beenteha og búin til með handteiknuðum klippimyndum og kolateikningum sem voru unnar ramma fyrir ramma. Auk stuttmyndarinnar er sýning á kolateikningum Unu sem notaðar voru við gerð myndarinnar. Þoka er í kjallara Hríms hönnunarhúss, Laugavegi 25.

# UNGSKÁLD HREPPIR TÓMASARVERÐLAUNIN

**Dagur Hjartarson hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabókina Þar sem vindarnir hvílast og fleiri einlæg ljóð.**

„Það má segja að bókin endurspegli einskæran vilja af minni hálfu til að sjá fegurðina hvar sem er í mannlífinu, hvort sem er í ljósmengun yfir Garðabæ eða gróðurhúsum í Hveragerði," segir Dagur Hjartarson, sem hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handritið að ljóðabókinni Þar sem vindarnir hvílast og fleiri einlæg ljóð.

Jón Gnarr borgarstjóri afhenti Degi viðurkenninguna ásamt 600 þúsund króna sigurlaunum við athöfn í Höfða í gær.

Verðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt árlega fyrir óprentað handrit að ljóðabók. Þar sem vindarnir hvílast var hlutskarpast 49 innsendra handrita en að mati dómnefndar er handritið „lágstemmt, afslappað og áreynslulaust" og einkennist af „tærleika, bjartsýni og einlægri ást".

Dagur Hjartarson er 26 ára Reykvíkingur sem nemur ritlist við Háskóla Íslands. Þar sem vindarnir hvílast er hans fyrsta bók en hann fór að fást við skriftir upp úr tvítugu.

„Ég byrjaði á því að skrifa misgáfuleg ljóð fyrir skúffuna upp úr tvítugu. Undanfarin tvö til þrjú ár hef ég verið að skrifa af meiri alvöru, ekki síst eftir að ég byrjaði í náminu, og um leið sannfærst um að ég vil halda áfram að skrifa."

Svo vill til að faðir Dags, Hjörtur Marteinsson, hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2000 fyrir sögulegu skáldsöguna AM00.

„Þetta er skemmtileg tilviljun; ég þekki ekki fleiri dæmi um að feðgar hafi unnið til þessara sömu verðlauna."

Spurður hvort faðir hans hafi haft áhrif á hann sem höfund segir Dagur svo eflaust vera. „Svona eins og foreldrar eru áhrifavaldar og fyrirmyndir í lífi fólks. Pabbi, og ekki síður mamma, var duglegur að lesa yfir fyrir mig, koma með athugasemdir og lesa mig áfram." Hann á sér fjölmarga fleiri áhrifavalda, sem eru að sögn „aðallega dauðir hvítir karlar".

Dagur fæst við fleiri textaform og fékk á dögunum Nýræktarstyrk bókmenntasjóðs fyrir smásagnasafnið Fjarlægðir, sem kemur út á næsta ári. Hann vinnur nú að sinni fyrstu skáldsögu.

Þar sem vindarnir hvílast og fleiri einlæg ljóð kemur út hjá Bjarti í dag.

bergsteinn@frettabladid.is

*„ég var að horfa á tunglið"*

*ég var að horfa á tunglið speglast í polli*
*þegar þú komst gangandi á móti mér*

*djöfullinn*
*sagðir þú en ég sagði*
*elskan*
*hafðu ekki áhyggjur*
*þó annar skórinn sé blautur*
*því í kvöld*
*hefur þú stigið fæti*
*á tunglið*



**DAGUR LJÓÐSINS** Jón Gnarr borgarstjóri (og ljóðskáld) afhendir Degi Hjartarsyni Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handritið að ljóðabókinni Þar sem vindarnir hvílast. Faðir Dags, Hjörtur Marteinsson, hlaut sömu verðlaun árið 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Fim. 04. OKT. '12 » 19:30

**Ralph Vaughan Williams**
*Fantasía um stef eftir Tallis*
**Claude Debussy** *Première Rhapsodie*
**Anders Hillborg** *Peacock Tales*
**César Franck** *Sinfónía í d-moll*

**Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri
**Martin Fröst** einleikari

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00

„Það er freistandi að segja að ef Martin Fröst léki ekki á klarinett þá væri hann leikari eða dansari."
ART DESK

Martin Fröst er án efa einn fremsti klarinettleikari heims í dag. Hann hefur einstakan persónulegan stíl og býr yfir undraverðri tækni. Fröst er tónleikagestum á Íslandi að góðu kunnur og hefur notið mikilla vinsælda fyrir túlkun og líflegan flutning.

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

Bækur ★★★☆☆

**Grimmdarlíf**
Melissa Gavin. Erla Sigurðardóttir þýddi.

**Sögur útgáfa**

## Ógeðslegasta bók ársins

Þau sem fylgst hafa með fréttum hin síðari misseri kannast líklega við ráðgátuna um Rögnu Esther Sigurðardóttur, sem fluttist ung með Larry Gavin, amerískum eiginmanni sínum, til Bandaríkjanna og hvarf þar sporlaust. Ættingjar Rögnu Estherar hafa reynt að hafa upp á henni áratugum saman en ekki haft erindi sem erfiði.



Grimmdarlíf skrifar Melissa Gavin, dóttir Larrys Gavin af seinna hjónabandi. Fyrri hluti bókarinnar er saga Rögnu Estherar fram að hinu dularfulla hvarfi, skrifuð „í formi skáldsögu" en í þeim síðari segir Melissa sína eigin sögu og rifjar upp minningar um föður sinn.

Fljótlega eftir að Ragna Esther fluttist vestur um haf tók fjölskyldu hennar á Íslandi að gruna að Larry, eiginmaður hennar, beitti hana ofbeldi. Ef marka má Grimmdarlíf, þá reyndist sá grunur réttur. Fjölskylda Larrys átti sér langa sögu um kynferðisofbeldi, sifjaspell og hreinan sadisma sem blómstraði í þögninni umhverfis þau. Ragna Esther gekk inn í viðbjóðinn, sem fluga í köngulóarvef, og var hugvitsamlega pyntuð nánast daglega. Larry, móður hans og föður/afa (já, þeir virðast hafa verið sami maðurinn) er lýst sem úrkynjuðum sadískum skepnum sem ekki höfðu snefil af mannlegri samkennd heldur litu á ofbeldið sem fjölskylduhefð.

Síðari hluti bókarinnar er sem fyrr segir saga höfundarins, Melissu Gavin. Hún er mun styttri og brotakenndari, en byggð á minningum úr ofbeldisfullri æsku, auk þess sem sagt er af leitinni að Rögnu Esther og bréfaskiptum milli ættingja.

Það er hreint ekki auðvelt að skrifa um bókina Grimmdarlíf og skreyta hana tilheyrandi stjörnum. Eitt er víst að hún er svo skelfileg að hún heldur harðsnúnum lesanda við efnið og heldur jafnvel fyrir honum vöku (það er nauðsynlegt að vita hvernig þetta endar allt saman) en hún gæti auðveldlega gert hina viðkvæmari lesendur afhuga bóklestri um langa hríð.

Ég varð enn fremur nokkuð hugsi yfir löngum og ítarlegum lýsingum á nauðgunum og öðrum pyntingum sem hvað eftir annað dynja yfir sögupersónurnar. Bókin er flokkuð sem heimildaskáldsaga/minningar og á heimasíðu útgáfunnar stendur að Melissa Gavin skrifi bókina „í skáldsöguformi, en samkvæmt bestu heimildum og með hliðsjón af þekkingu sinni á föður sínum og umhverfi hans". Það er ljóst að Melissa vissi ekki af tilvist Rögnu Estherar fyrr en nú nýverið. Þó að einhverjar heimildir hafi verið til um skelfilegt ofbeldið, þá hlýtur höfundurinn að bæta allnokkuð í fremur en að draga úr og það er umhugsunarefni hvers vegna hún gerir það. Þetta fær lesanda til þess að íhuga mörk sannleika og skáldskapar og enn fremur velta fyrir sér tilganginum með frásögninni. **Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Hryllileg saga um heimilisofbeldi. Sæmilega unnin, en það þarf sterk bein til að komast í gegnum hana.




# Ný og spennandi

## matreiðslubók frá Disney

Einfaldir og skemmtilegir heimilisréttir fyrir alla fjölskylduna

## Fyrir alla fjölskylduna!

Lærðu að elda með vinum þínum frá Disney!
Fiskifingur Andrésar, pastaréttur Freyju og Spora, kúrekasalat Dísu, tortillur að hætti Kúskós, kjötsúpa Ketilbjargar, lambalæri Georgs og slappi borgari Bjarnabófanna og margt fl.
Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Byrjaðu strax að elda með fjölskyldunni

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

www.disneybok.is

©Disney

# Söngleikir vakna til lífsins í Salnum

Söngleikjaunnendur fá mikið fyrir sinn snúð í Salnum í Kópavogi í vetur en á föstudagskvöld hefst tónleikaröðin „Ef lífið væri söngleikur“. Þar flytja leikararnir og söngvararnir Bjarni Snæbjörnsson, Margrét Eir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Orri Huginn Ágústsson lög úr klassískum söngleikjum, rokkóperum, poppsöngleikjum og söngperlur stóru söngleikjaskáldanna.

Sigríður Eyrún og Bjarni hafa sungið saman í dúettnum Viggó og Víólettu en fjórmenningarnir tóku allir þátt í uppfærslu Þjóðleikhússins á Vesalingunum síðastliðinn vetur. „Við erum öll mjög hrifin af söngleikjum, en því miður eru þeir svo sjaldan settir á svið hér á landi,“ segir Sigríður Eyrún. „Við ákváðum því að bæta úr því, leiða saman hesta okkar og flytja lög sem við höldum mikið upp á úr ólíkum stílum söngleikja.“

Á fyrstu tónleikunum annað kvöld bregður hópurinn sér til Broadway og West End með flutningi laga úr Kabarett, Vesalingunum, Fiðlaranum á þakinu, Söngvaseiði og Óperudraugnum. Í nóvember verða vinsælustu söngleikjum kvikmyndasögunnar gerð góð skil. Í febrúar verða ódauðleg lög stóru söngleikjaskáldanna á dagskrá og í apríl verða tekin lög úr rokkóperum.

Spurð hvers konar söngleikir henni þyki skemmtilegastir nefnir Sigríður Eyrún verk á borð við Avenue Q og Vesalingana.

„Það má segja að ég heillist af ýktum andstæðum; Vesalingarnir er auðvitað hádramatískt verk en Avenue Q tekur sig ekki hátíðlega og gerir svolítið grín að forminu. Ég er í essinu mínu í hvorutveggja.“



**SÖNGLEIKJALÍF** Fjórir söngvarar flytja lög úr jafn mörgum tegundum söngleikja við undirleik Kjartans Valdemarssonar píanóleikara í Salnum í vetur.






# Efnahagslegur samruni rannsakaður

Bókaforlagið Springer gaf nýlega út fræðiritið Asymmetric Economic Integration: Size Characteristics of Economies, Trade Costs and Welfare eftir dr. Snorra Snorrason fræðimann og kennara við Lancaster-háskólann. Efni bókarinnar er hagfræðileg rannsókn á efnahagslegum samruna ríkja með sérstöku tilliti til þess hvort áhrif slíks samruna séu breytileg eftir stærð þeirra ríkja sem hlut eiga að máli. Rannsóknin byggir á gögnum frá 218 ríkjum, þar af eru 45 Evrópuríki að Íslandi meðtöldu.

Í þessari rannsókn Snorra er leitast við að svara því hvort jákvæð hagræn áhrif fríverslunarsambanda dreifist jafnt á milli aðildarríkja af ólíkri stærð eða hvort, og þá í hve ríkum mæli, fríverslunarsamstarf ýtir undir ósamhverfu í vöruviðskiptum milli misstórra ríkja.




**SKIPTIR STÆRÐIN MÁLI?** Í nýrri rannsókn eru efnahagsleg áhrif fríverslunarsamninga skoðuð.

# Létta leiðin vinsælust

Efsta sæti metsölulista Eymundsson yfir allar bækur vermir þessa dagana Létta leiðin eftir Ásgeir Ólafsson, næringarráðgjafa og þjálfara.

Bókin fjallar um heilsubótarkerfi og eru lesendur leiddir skref fyrir skref í gegnum sex vikna tímabil sem ætlað er að skila aukinni vellíðan og léttari líkama til framtíðar.

Annað sæti lista Eymundsson skipar skáldsagan Fimmtíu gráir skuggar, íslensk þýðing hinnar geysivinsælu Fifty Shades of Grey eftir E.L. James.



**ÁSGEIR ÓLAFSSON**




# Skuggaleikar í Hafnarborg

Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, efnir til Skuggaleika laugardaginn 6. október. Þar gefst tækifæri til að kynnast rannsóknum og tilraunum sem tengjast skugganum á einn eða annan hátt. Þátttakendur halda stutt erindi um skugga út frá fræðasviði sínu og sérþekkingu.

Tilefni Skuggaleikanna er sýningin SKIA – skuggi, sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Meðal fyrirlesara á Skuggaleikum, auk Guðna Tómassonar, listsagnfræðings og sýningarstjóra SKIA, eru Eyja Margrét Brynjarsdóttir heimspekingur, Gunnar Steinn Valgarðsson og Hrafn Þorri Þórisson frá Vitvélastofnun Háskólans í Reykjavík, Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði, Sigurður Árni Sigurðsson myndlistarmaður, Snævarr Guðmundsson landfræðingur, Soffía Valtýsdóttir arkitekt og Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur.

Dagskráin hefst klukkan 13 og er ókeypis og öllum opin.



**GUÐNI TÓMASSON** Sýningarstjóri Skia verður meðal þeirra sem leggja orð í belg.

# Fröst með Sinfóníunni

Klarínettið verður í öndvegi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld.

Einleikari er sænski klarínettleikarinn Martin Fröst en honum hefur verið hampað sem einum af fremstu klarínettleikurum heims og þykir hafa einkennandi og persónulegan stíl. Franski hljómsveitarstjórinn Yan Pascal Tortelier stjórnar hljómsveitinni en hann hefur stjórnað öllum helstu stórhljómsveitum í heimi, þar á meðal Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum á Listahátíð 1998.

Fjögur verk eru á efnisskránni. Klarínettkonsertinn Peacock Tales eftir sænska tónskáldið Anders Hillborg; Première Rhapsodie eftir Claude Debussy; Tallis-fantasían eftir Vaughan Williams og eina sinfónía Césars Franck.



**MARTIN FRÖST**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 04. október**

### ➔ Sýningar

**21.00** Óperusýningin Ráðskonuríki verður flutt á Café Rosenberg. Það er Alþýðuóperan sem setur verkið á svið á hátt sem aldrei hefur þekkst hérlendis. Miðaverð er kr. 2.000.



**21.00** Leiksýningin Orð skulu standa heldur áfram göngu sinni í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur. Fastir „leikarar" í sýningunni eru **Sólveig Arnarsdóttir** og Guðmundur Steingrímsson. Umsjónarmaður er Karl Th. Birgisson. Gestir á fyrstu sýningu vetrarins eru Björn Jörundur Friðbjörnsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir.

### ➔ Hátíðir

**13.00** Reykjavík International Film Festival er fullu fjöri í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á heimasíðunni http://riff.is/schedule.

### ➔ Bókmenntir

**20.00** Höfundarkvöld með Kristof Magnusson verður á Súfistanum, í Bókabúð Máls og menningar Laugavegi 18. Nýlega kom út bókin Það var ekki ég eftir Kristof í íslenskri þýðingu Bjarna Jónssonar. Aðgangur ókeypis.

### ➔ Tónlist

**21.00** Hljómsveitin Skuggamyndir leikur þjóðlagatónlist frá Balkanskaga á sínum mánaðarlegu tónleikum á Café Haítí í Reykjavík. Aðgangseyrir kr. 1.500.

**22.00** Herra Halli og Hverveithvað halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Hljómsveitin Ojba Rasta heldur útgáfutónleika í Iðnó. Miðasala fer fram á midi.is og í verslunum Brim í Kringlunni og á Laugavegi 71.

### ➔ Fyrirlestrar

**17.00** Guðjón Andri Gylfason, lífefnafræðingur og framhaldsskólakennari heldur erindi um þáttun frumuhimnu þarmaþekjufrumna í Atlantshafsþorski. Andri setur efnið fram á almennu máli. Þetta er fyrsta erindið á fimmtudagsfyrirlestraröð Akureyrarakademíunar í vetur og verður haldið í Samkomuhúsi Leikfélags Akureyrar, Borgarasal. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**










**OJBA RASTA** **með Ojba Rasta er plata vikunnar.**
*„Hin stóra reggíhljómsveitin á Íslandi með frábæra frumsmíð.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Kostulegur Kevin*

Á hverju ári fellur maður fyrir plötum sem maður gerði engar væntingar til. Óvæntasta uppáhaldsplatan mín á árinu 2012 er One Day I‘m Going to Soar með Dexys, hljómsveit Kevins Rowland.
Rowland er auðvitað þekktastur fyrir verk sín með Dexys Midnight Runners, sem var vinsæl á fyrri hluta níunda áratugarins og átti smelli eins og Geno og Come on Eileen. Rowland segir að nafnið Dexys hæfi nýju sveitinni vel af því að tónlistin sé eins og hjá þeirri gömlu, en samt ekki …




**SNILLDARVERK** Kevin Rowland er í feiknagóðu formi á Dexys-plötunni.

One Day I‘m Going to Soar er frábær plata. Lagasmíðarnar eru flottar og í útsetningunum blandast saman sálartónlist (sem var útgangspunktur DMR), diskó, popp og rokk. Það eftirminnilegasta við plötuna eru samt textarnir.

One Day I‘m Going to Soar er eins konar sjálfsævisöguleg þemaplata. Hún fjallar um endalaus vandamál söguhetjunnar í samskiptum við hitt kynið og þær efasemdir og hugarangur sem þeim fylgja. Þetta er bæði fyndin plata og afhjúpandi og persónuleg. Hún virkar eins og sambland af sjálfsþerapíu og kómískum söngleik. Söguhetjan fer í gegnum öll stigin í ferlinu: Hann er ástfanginn, missir áhugann, fyllist bölsýni, rífur sig niður og safnar kjarki á nýjan leik. Söngur Rowlands er líka mjög skemmtilegur. Hann túlkar oft hugarástand söguhetjunnar kostulega á leikrænan hátt.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kevin Rowland kemur á óvart. Hann vakti mikla athygli árið 1999 þegar hann klæddist kjól utan á plötunni My Beauty og á tónleikum í kjölfarið. Sú plata var léleg. Nýja platan er hins vegar snilldarverk.

## Í SPILARANUM



Retro Stefson
**Retro Stefson**



Valgeir Sigurðsson
**Architecture of Loss**



Thee Attacks
**Dirty Sheets**


## Litríkur og vandaður fatnaður í RÓLÓ Glæsibæ



VILLERVALLA
KEEDO original since 1993

Einnig hægt að panta vörur á
**www.rolo.is**

RÓLÓ
BARNAFATAVERSLUN

Glæsibæ • Sími 894 8060
www.rolo.is-Facebook





**20** Rokkararnir í Kiss gefa út sína tuttugustu hljóðversplötu í næsta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tuttugasta platan frá Kiss

**Goðsagnirnar í Kiss gefa út sína tuttugustu hljóðversplötu í næstu viku. Tæp fjörutíu ár eru liðin frá stofnun rokksveitarinnar.**

Tuttugasta hljóðsversplata rokkgoðsagnanna í Kiss, Monster, kemur út í næstu viku.

Hún hefur að geyma tólf beinskeytt rokklög úr smiðju söngvarans og gítarleikarans Pauls Stanley, bassaleikarans tungulipra Genes Simmons, gítarleikarans Tommys Thayer og trommarans Erics Singer.

Monster er fyrsta hljóðversplata Kiss síðan Sonic Boom kom út fyrir þremur árum. Hún var sú fyrsta í ellefu ár frá sveitinni og komst í annað sæti á bandaríska Billboard-listanum. Upptökustjóri á báðum þessum plötum var Paul Stanley. Honum til aðstoðar var Greg Collins og fóru upptökurnar fram í Kaliforníu.

Ferill Kiss hefur verið magnaður. Á þeim tæpu fjörutíu árum frá stofnun hljómsveitarinnar hafa 28 plötur hennar náð gullsölu í Bandaríkjunum [hálf milljón eintaka], sem er það mesta sem nokkurt bandarískt rokkband hefur náð. Sveitin hefur selt fjörutíu milljón plötur í Bandaríkjunum og samtals yfir eitt hundruð milljónir í öllum heiminum.

Kiss á rætur sínar að rekja til Wicked Lester, rokkhljómsveitar frá New York með Gene Simmons og Paul Stanley í fararbroddi. Þeir sögðu skilið við hina meðlimina árið 1972 eftir að Epic Records hafnaði útgáfu á plötu sem þeir höfðu tekið upp. Seinna sama ár kom Simmons auga á auglýsingu í tímaritinu Rolling Stone frá trommaranum Peter Criss. Hann byrjaði að æfa með þeim félögum og í janúar árið eftir bættist gítarleikarinn Ace Frehley við hópinn. Á sama tíma var nafninu Wicked Lester hent og Kiss tekið upp í staðinn.

Kiss hefur verið dugleg við tónleikahald bæði í Evrópu og Bandaríkjunum undanfarin ár, við góðar undirtektir hinna fjölmörgu aðdáenda sveitarinnar. Þar syngja þeir hástöfum með goðunum sínum í lögum á borð við Rock and Roll All Nite, I Was Made For Lovin‘ You og Lick It Up.

freyr@frettabladid.is

### KISS ARMY FAGNAR PLÖTUNNI Á GLAUMBAR

Aðdáaendaklúbbur Kiss á Íslandi, Kiss Army Iceland, ætlar að hittast á Glaumbar í nóvember í tilefni nýju plötunnar. Hljómsveit mætir á svæðið og spilar lög með Kiss, spurningakeppni verður haldin og horft verður á tónleika með sveitinni. Klúbburinn var stofnaður í sumar og meðlimirnir eru á fimmta hundrað talsins.

Þráinn Árni Baldvinsson og Heiðar Jónsson, sem eru í stjórn klúbbsins, hittu meðlimi Kiss fyrir tónleika hennar í Ósló í sumar. „Fyrir tilviljum löbbuðum við fram hjá hótelinu þeirra og sáum Paul Stanley labba inn á hótelið. Við fengum að hitta alla í bandinu og þeir voru þvílíkt almennilegir,“ segir Þráinn, sem verður með fyrstu mönnum til að tryggja sér eintak af nýju plötunni hér á landi. „Kiddi í Smekkleysu fær eintök á föstudaginn eða mánudaginn. Þá tekur maður vínyl og tvær til þrjár mismunandi geisladiskaútgáfur.“

Hann bíður spenntur eftir að heyra útkomuna: „Ég er búinn að heyra eitt lag, Hell or Hallelujah, og það er algjörlega frábært.“

## LAGALISTINN
Vikuna 27. september - 3. október 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Retro Stefson | *Glow* |
| ▼ | 2 | Muse | *Madness* |
| ▲ | 3 | Ásgeir Trausti | *Leyndarmál* |
| ▼ | 4 | Moses Hightower | *Sjáum hvað setur* |
| ▲ | 5 | Valdimar | *Sýn* |
| ▲ | 6 | Philip Phillips | *Home* |
| ▲ | 7 | Mumford & Sons | *I Will Wait* |
| ▼ | 8 | Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson | *Froðan* |
| ▼ | 9 | Of Monsters And Men | *Dirty Paws* |
| ▲ | 10 | Maroon 5 | *One More Night* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 27. september - 3. október 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▶ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▶ | 3 | Moses Hightower | *Önnur Mósebók* |
| ✱ | 4 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▲ | 5 | Mugison | *5 CD Pakki* |
| ▼ | 6 | Eivör | *Room* |
| ▲ | 7 | Mannakorn | *Í blómabrekkunni* |
| ▼ | 8 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▼ | 9 | Ojba Rasta | *Ojba Rasta* |
| ✱ | 10 | Mumford & Sons | *Babel* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



Á HÁTÍÐLEGUM NÓTUM
Jólatónleikar
Siggu Beinteins
HÁSKÓLABÍÓI 8. DES KL. 20.00
SÉRSTAKIR GESTIR:
PÁLL ÓSKAR
OG DIDDÚ
MIÐASALA ER HAFIN
Á MIÐI.IS
MIÐAVERÐ
5.600.-
SALA FER FRAM Á midi.is
WWW.SIGGABEINTEINS.IS



**3 SINNUM** hefur frumsýningardegi kvikmyndarinnar The Lone Ranger verið frestað. Johnny Depp fer með aðalhlutverk myndarinnar. Upprunalega stóð til að frumsýna myndina sumarið 2011 en hún verður líklega frumsýnd 13. júlí næsta ár.

# Gæti leikið Assange

Framleiðslufyrirtækið DreamWorks hyggst búa til mynd um ævi WikiLeaks-stofnandans Julians Assange. Leikarinn Benedict Cumberbatch hefur verið orðaður við hlutverk Assange.

Vefsíðan Deadline.com segir að Jeremy Renner hafi einnig verið orðaður við hlutverk Assange og því sé ekki fullvíst að hlutverkið falli Cumberbatch í skaut. Bill Condon er líklegur til að leikstýra myndinni, en hann hefur meðal annars leikstýrt Kinsey, Dreamgirls og tveimur síðustu myndunum í Twilight-myndaröðinni.



**Í HLUTVERK ASSANGE** Leikarinn Benedict Cumberbatch gæti farið með hlutverk Julians Assange í nýrri mynd. NORDICPHOTOS/GETTY

## KVIKMYNDARÝNI



★★★★☆
**LAWLESS**
Yfirstíliseruð en kraftmikil saga frá blúsuðu og búsuðu tímaskeiði.

★★★★☆
**DJÚPIÐ**
Ekki fullkomin en skipar sér þó sess undir eins sem ein af bestu myndum Baltasars.

★★★☆☆
**ÁVAXTAKARFAN**
Fyrir eldri börnin er þetta ef til vill brytjað niður í óþarflega smáa bita. En sem barnaefni fyrir þau yngstu er Ávaxtakarfan nokkuð vel heppnuð.

★★★★★
**THE DARK KNIGHT RISES**
Helst til þunglamalegur lokakafli en mikil veisla fyrir augun.

★★★☆☆
**THE EXPENDABLES 2**
Engin meistarasmíð en talsvert betri en fyrri myndin.

★★★☆☆
**THE CAMPAIGN**
Ekki sú hárbeitta pólitíska satíra sem einhverjir vonuðust eftir en himnasending fyrir aðdáendur Wills Ferrell.

★★★☆☆
**THE BOURNE LEGACY**
Stendur fyrri myndunum að baki en engu að síður frambærilegur njósnatryllir sem byggir á óvenjutraustri formúlu.



**Á HLAUPUM** Liam Neeson bregður sér aftur í hlutverk sérsveitarmannsins Bryans Mills. Í Taken 2 leitar hann fyrrverandi konu sinnar sem hefur verið rænt.

# Glímir aftur við glæpona

**Spennumyndin Taken 2 verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Liam Neeson bregður sér aftur í hlutverk sérsveitarmannsins Bryans Mills.**

Ári eftir að sérsveitarmaðurinn Bryan Mills bjargaði dóttur sinni úr klóm mannræningja er hann staddur í fríi í Istanbúl. Dóttir hans og fyrrverandi eiginkona koma í óvænta heimsókn til hans en endurfundir fjölskyldunnar eru skammlífir. Glæpamaðurinn Murad Krasniqi leitar hefnda því Mills myrti son hans í París árinu áður. Krasniqi rænir því fyrrverandi eiginkonu Mills á meðan dóttir hins síðarnefnda leggur á flótta og aftur þarf Mills að nýta þekkingu sína til að bjarga ástvinum sínum úr klóm ósvífinna glæpamanna.

Taken 2 er framhald spennumyndarinnar Taken frá árinu 2008. Aftur er það Luc Besson sem framleiðir myndina og skrifar handritið ásamt Robert Mark Kamen. Leikstjóri myndarinnar er hinn franski Olivier Megaton, en þeir Besson unnu einnig saman við gerð hasarmyndarinnar Colombiana, sem skartaði Zoe Saldana í aðalhlutverki.

Taken 2 fær hörmulega dóma á kvikmyndavefnum Rottentomatoes.com og hlýtur aðeins 7 ferskleikastig af 100 mögulegum. Gagnrýnendur segja samtölin í myndinni kjánaleg og að það eina sem geri Taken 2 þolanlega sé atriðin þegar Mills stekkur á milli húsþaka í æsispennandi eltingaleik. Á kvikmyndasíðunni Londonfilmfanatiq.com segir að með Taken 2 hafi Besson og Kamen eyðilagt fyrra sköpunarverk sitt. Þrátt fyrir þessa neikvæðu dóma ætla 97 prósent lesenda Rottentomatoes.com að sjá myndina þegar hún kemur í kvikmyndahús.

Liam Neeson fer aftur með hlutverk sérsveitarmannsins Bryans Mills, Maggie Grace fer með hlutverk Kim Mills, Famke Janssen leikur fyrrverandi eiginkonu Mills og Rade Šerbedžija leikur illmennið Murad Krasniqi.

## FJÖLÞJÓÐLEGT LEIKARALIÐ TAKEN

- Liam Neeson er írskur leikari sem sló í gegn árið 1993 með hlutverki sínu í Schindler's List. Fyrir hlutverkið var hann tilnefndur til BAFTA-verðlaunanna, Óskarsverðlaunanna og Golden Globe verðlaunanna sem besti leikari í aðalhlutverki.
- Maggie Grace er uppalin í bænum Worthington í Ohio í Bandaríkjunum. Hún hætti í menntaskóla og flutti ásamt móður sinni til Los Angeles í þeirri von að gerast leikkona. Hún hóf feril sinn með hlutverkum í hinum ýmsu sjónvarpsþáttum en vakti fyrst heimsathygli fyrir leik sinn í Taken.
- Famke Janssen er hollensk og vann áður sem fyrirsæta. Fyrsta kvikmyndahlutverk hennar var sem hin illgjarna Xenia Onatopp í Bond-myndinni GoldenEye frá árinu 1995.
- Leikarinn Rade Šerbedžija, oft nefndur Rade Sherbedgia á ensku, er af serbneskum uppruna. Hann var einn vinsælasti leikari fyrrverandi Júgóslavíu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Hann hefur meðal annars leikið í X-Men: First Class, Harry Potter and the Deathly Hallows og sjónvarpsþáttunum CSI og 24.




FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
ÞÚSUNDIR MYNDBANDA
vísir - oft á dag

# Eru á óskalistanum

Leikstjórarnir Joe og Anthony Russo eru í óðaönn að undirbúa tökur á kvikmyndinni Captain America: The Winter Soldier. Leikarinn Chris Evans mun bregða sér í gervi Captain America en óljóst er hvaða leikkona leikur á móti honum í myndinni.

Russo-bræðurnir hafa upplýst að þeir myndu helst vilja fá leikkonurnar Emiliu Clarke sem fer með hlutverk Daenerys Targaryen í Game of Thrones, Jessicu Brown Findlay úr Downton Abbey, Teresu Palmer sem lék í I Am Number Four, Imogen Poots úr 28 Weeks Later eða Alison Brie sem fer með hlutverk Trudy Campbell í sjónvarpsþáttunum Mad Men til liðs við sig.

Allar leikkonurnar fimm eru rísandi stjörnur og afskaplega hæfileikaríkar og á orðatiltækið „sá á kvölina sem á völina" vel við því Russo-bræðurnir eiga erfitt verk fyrir hendi.



**Á ÓSKALISTANUM** Emilia Clarke og Alison Brie eru í hópi fimm leikkvenna sem orðaðar eru við hlutverk í kvikmyndinni Captain America: The Winter Soldier. NORDICPHOTOS/GETTY




FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA



**43 ÁRA GÖMUL** er söngkonan Gwen Stefani í dag. Hún sló í gegn með hljómsveitinni No Doubt og þá sérstaklega laginu Don't Speak árið 1997 og hefur einnig notið velgengni sem sólólistamaður. Sem slíkur kom hún lagi sínu Hollaback Girl á toppinn í Bandaríkjunum árið 2005.






**SKEMMTILEG HUGMYND** Ágústa Margrét Arnardóttir var sjómaður í þrettán ár. Hún skipuleggur viðburðinn Fashion with Flavor sem fram fer á Grand Hótel um helgina. Ágústa er á myndinni miðri. MYND/ÞORMAR VIGNIR GUNNARSSON

# MAT OG TÍSKU TVINNAÐ SAMAN

**Ágústa Margrét Arnardóttir hönnuður stendur fyrir viðburðinum Fashion with Flavor sem fram fer á Grand Hóteli um helgina. Hugmyndin að baki viðburðinum er að sýna fullnýtingu íslenskra hráefna á einstakan hátt.**



**ALLT NÝTT** Fyrirsætur bera fram rétti, klæddar fatnaði úr hreindýra- og lambaleðri. Myndin er tekin á Fashion with Flavor á síðasta ári. MYND/ANDRÉS SKÚLASON

„Ég fékk hugmyndina fyrst í janúar í fyrra og ákvað að hrinda henni strax í framkvæmd. Fyrstu sýningarnar fóru fram á Hornafirði, Reykholti og í Reykjavík," útskýrir Ágústa Margrét Arnardóttir, skipuleggjandi Fashion with Flavor. Á viðburðinum er tísku, mat og tónlist tvinnað saman á nýstárlegan máta. Ágústa Margrét er jafnframt eigandi og aðalhönnuður hönnunarmerkisins Arfleifðar á Djúpavogi og vinnur einungis með íslenskar afurðir á borð við roð, leður, horn og fjaðrir.

„Ég var sjómaður í þrettán ár og allir í kringum mig eru veiðimenn. Ég hef því óbilandi áhuga á öllu sem tengist nýtingu hráefnisins og hef kynnt mér mjög vel vel hvaðan allt hráefnið sem ég nota kemur og hvernig það er veitt. Ég nota til dæmis engin dýr sem eru alin í búrum," segir Ágústa og bætir við: „Ein starfskonan í Arfleifð er bóndakona og hún mætti of seint til vinnu í dag vegna kindar sem fótbrotnaði. Þetta er því mjög sveitalegur tískubissness."

Á viðburðinum munu fyrirsætur bera fram rétti eftir matreiðslumeistarann Hinrik Carl Ellertsson, klæddar fatnaði úr hreindýra- og lambaleðri eða roði. Greta Salóme sér um undirleik og á tónlistin að ýta enn frekar undir matarupplifun gestanna. Aðspurð segist Ágústa Margrét ekki óttast að sullað verði á flíkurnar. „Ég treysti fyrirsætunum fullkomlega. Í fyrra skvettist reyndar fullur bakki af bláberjalíkjör yfir eina sem var klædd í hvítt leðurpils, en það var hægt að skola litinn úr án vandræða. Þetta er algjört undraefni."

Aðspurð segist hún vilja gera Fashion with Flavor að árlegum viðburði enda hafi kvöldin verið vel sótt og vakið athygli bæði hér heima og erlendis. „Ég á eftir að vinna með öllum þeim hönnuðum sem vinna með ull þannig ég vil að sjálfsögðu halda áfram með þetta. Helst að eilífu," segir hún og hlær.

Miðaverð er 9.900 krónur og innifalið í því verði er fordrykkur og sex rétta matseðill.

**sara@frettabladid.is**




## Síminn sem stöðumælir



„Leggja-þjónustan er búin að vera í boði frá því í mars 2008 og fólk hefur getað hringt inn eða sent SMS til að borga í stöðumæla. Nú erum við þó búin að bæta þessum möguleika við að hægt sé að nota app á símanum," segir Hreinn Gústavsson hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Strokki.

Leggja er samstarfsverkefni Strokks og Bílastæðasjóðs og hægt að nota hana á öllum gjaldsvæðum Bílastæðasjóðs og í bílastæðahúsi Hörpu. „Þetta er barnið okkar og búið að vera það frá upphafi. Þetta virkar bara eins og að mæta í vinnu en fólk stimplar sig í rauninni bara inn og út úr stæðunum," segir Hreinn, en með því að nota þjónustuna er aðeins greitt fyrir þann tíma sem bíllinn er í stæðinu. Það eru tæplega 6.000 notendur sem nýta sér þjónustuna sem stendur til boða fyrir alla. „Þetta er mjög einfalt og allir ættu að geta notfært sér þetta. Mamma á til dæmis ekki í neinum vandræðum með þetta," segir Hreinn. Hægt er að kynna sér þjónustuna betur á heimasíðunni Leggja.is.

**VINSÆLT** Hreinn segir Leggja.is vera með um 6.000 virka notendur.

# Leikstjórar sem elska fiðlur

Bíó ★★☆☆☆
**90 Minutes**
RIFF-hátíðin

**Leikstjórn:** Eva Sørhaug. **Leikarar:** Bjørn Floberg, Aksel Hennie, Annmari Kastrup, Mads Ousdal, Pia Tjelta, Kaia Varjord.

Hin norska 90 Minutes segir sögu þriggja karlmanna sem tengjast ekki á neinn hátt, en eiga þó ýmislegt sameiginlegt. Fyrst fylgjumst við með eldri manni sem þaulskipuleggur morð á konunni sinni. Næstur er það fráskildi lögreglumaðurinn sem þráast við að yfirgefa heimili sinnar fyrrverandi. Og að lokum ungur fíkill sem heldur barnsmóður sinni bundinni við hjónarúmið, á milli þess sem hann nauðgar henni og misþyrmir.

Persónusköpunin er vel af hendi leyst og allar sögurnar áhugaverðar til að byrja með. Leikararnir standa sig með mikilli prýði og þar liggur helsti styrkur myndarinnar. Þá er myndatakan bæði áferðarfalleg og fjölbreytileg, sem myndar skemmtilegt mótvægi við grámóskulegan fábreytileika leikmyndarinnar.

En þó öll fyrrnefnd atriði gangi upp þarf meira til. Kynbundið ofbeldi er raunverulegt vandamál en til að gera því góð skil í kvikmynd þarf að feta ansi þröngan stíg, og það tekst alls ekki hér. Yfirgengileg framsetningin skemmir góðan efnivið og grafískt ofbeldið er án sýnilegs tilgangs. Dramatíkinni er haldið alveg við þolmörkin nær allan tímann og þegar leikstýran skrúfar (ítrekað) frá strengjasveitinni ýtir hún myndinni langt yfir strikið. Að ósköpunum loknum er áhorfandinn andlega uppgefinn, en einskis vísari. **Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Vel leikin og fallega tekin. En það dugir ekki til.



**ÞRÖNGUR STÍGUR** Að áhorfi á 90 Minutes loknu er áhorfandinn andlega uppgefinn en einskis vísari, að mati gagnrýnanda.



**LÍKAR EKKI KARDASHIAN** Anna Wintour neitaði að heilsa Kim Kardashian á tískuvikunni í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heilsaði ekki Kim

**Ritstjóri bandaríska Vogue, Anna Wintour, heilsaði ekki raunveruleikastjörnunni Kim Kardashian á Marchesa-sýningunni á tískuvikunni í New York. Wintour kyssti hins vegar kærasta hennar, tónlistarmanninn Kanye West, í bak og fyrir. Að sögn tímaritsins Intouch vakti atvikið athygli viðstaddra en Wintour er sögð hafa hunsað Kardashian algerlega og stóð raunveruleikastjarnan vandræðaleg við hlið West.**

**Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ritstjórinn hunsar Kardashian en hún bannaði raunveruleikastjörnunni að taka þátt í árlega Met-ballinu í fyrra.**



**DANIEL RADCLIFFE** Harry Potter-leikarinn fer líklega með hlutverk í mynd um Frankenstein.

# Í mynd um Frankenstein

Daniel Radcliffe er í viðræðum um að leika persónuna The Hunchback í nýrri mynd um Frankenstein. Hunchback, eða kroppinbakur, er aðstoðarmaður Henrys Frankenstein í sköpun skrímslisins.

Handritshöfundur myndarinnar verður Max Landis, sem einnig samdi handritið að Chronicle. Hún fjallar um menntaskólanema sem öðlast ofurkrafta. Harry Potter-leikarinn Radcliffe lék síðast í draugamyndinni The Woman In Black sem þótti nokkuð vel heppnuð.



SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is



| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | A 5% |
|---|---|---|
| SAVAGES | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 3.40 - 5 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| DJÚPIÐ LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DEEP (DJÚPIÐ) ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |
| DREDD 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.30 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

| HÁSKÓLABÍÓ | | A 5% |
|---|---|---|
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |

Reykjavík International Film Festival
27. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER 2012

| BORGARBÍÓ | ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| SAVAGES | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| DREDD 3D | KL. 6 | 16 |

SAMBÍÓIN · SAMbio.is



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LOOPER Luxus VIP | KL. 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| FINDING NEMO ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| LAWLESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LAWLESS Luxus VIP | KL. 5:30 | 2D | VIP |
| THE CAMPAIGN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 8 | 2D | 16 |
| SAVAGES | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| FROST ÍSL. TALI | KL. 10 | 2D | 16 |
| BRAVE ENSKU TALI | KL. 8 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO | KL. 5:40 | 3D | L |
| SAVAGES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES SÍÐ SÝN | KL. 5:30 | 2D | 12 |
| THE CAMPAIGN | KL. 8:30 - 10:30 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI
LOKAÐ Í DAG VEGNA ENDURBÓTA

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 8 | 2D | 16 |
| LEITIN AF NEMO ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| LAWLESS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 6 | 2D | L |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 A 5%



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SAVAGES | 8, 10.40 | 16 |
| DJÚPIÐ | 6, 8, 10 | 10 |
| THE BOURNE LEGACY | 10.15 | 16 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 6 | 7 |


# Eiguleg afmælisplata

Tónlist ★★★☆☆

**Ýmsir flytjendur**
Ég sé Akureyri

**Eigin útgáfa**




Akureyrarbær fagnar 150 ára afmæli á árinu 2012 eins og alkunna er. Af því tilefni samdi Bjarni Hafþór Helgason afmælislag um bæinn, Ég sé Akureyri. Bjarni Hafþór lét ekki þar við sitja heldur fékk til liðs við sig söngvarana Óskar Pétursson og Jóhann Vilhjálmsson og útsetjarann Gunnar Þórðarson til þess að taka upp efni fyrir afmælisplötu. Það gekk eftir og platan Ég sé Akureyri kom út í sumar, gefin út af þeim félögum með stuðningi nokkurra fyrirtækja sem starfa fyrir norðan.

Það eru tíu lög á Ég sé Akureyri. Sex þeirra eru sígild dægurlög sem tengjast bænum. Tvö eru ný eftir Gunnar Þórðarson við ljóð eftir Kristján frá Djúpalæk og tvö eru eftir Bjarna Hafþór, fyrrnefnt titillag og lagið Emma, sem er ástaróður til stúlku sem heitir Emma og um leið óður til MA, Menntaskólans á Akureyri.

Þetta er ágætis plata. Þarna eru nokkrar vel valdar dægurlagaperlur (Dalakofinn, Litla sæta ljúfa góða, Vor í Vaglaskógi, Svefnljóð …) í breyttum útsetningum og nýju lögin eru vel heppnuð. Þetta er líka allt saman mjög fagmannlega unnið.

Á heildina litið er Ég sé Akureyri vel heppnuð og eiguleg afmælisplata.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Gömul og ný lög á akureyrskri afmælisplötu.



**MIKIL STEMNING** Stemningin var frábær á tónleikum Led Zeppelin í London árið 2007. NORDICPHOTOS/GETTY

# Led Zeppelin í bíó

Tónleikamynd með endurkomu Led Zeppelin árið 2007 í O2 höllinni í London verður sýnd í Háskólabíói miðvikudaginn 17. október. Tuttugu milljón manns sóttu um miða á tónleikana en aðeins átján þúsund duttu í lukkupottinn.

Fyrir fimm árum hafði Led Zeppelin ekki spilað saman í 27 ár eða síðan hún lagði upp laupana 1980 þegar trommuleikarinn John Bonham lést. Endurkomutónleikarnir heppnuðust mjög vel og spiluðu þeir Jimmy Page, Robert Plant, John Paul Jones og Jason Bonham, sonur Johns Bonham, í rúmar tvær klukkustundir. Tónleikarnir verða gefnir út á geislaog mynddiski í nóvember.

Led Zeppelin hefur selt yfir þrjú hundruð milljónir eintaka af plötum sínum. Einungis fimm aðrir flytjendur geta státað af hærri sölutölum. Sveitin hefur unnið til yfir þrjátíu stórra verðlauna, þar á meðal til fernra Grammy-verðlauna.

# Gestir spila í gítarpartíi

Sönglaga- og textavefurinn Guitarparty.com heldur opið gítarpartí á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi á föstudagskvöld. Þar geta gestir tekið þátt, ýmist með því að syngja eða spila á gítar, bassa eða önnur hljóðfæri.

Bjartmar Guðlaugsson mætir á svæðið og tekur þátt í partíinu ásamt Bjössa úr Greifunum, Gilsa úr Sniglabandinu og fleiri stuðboltum.

Öllum lagatextum verður varpað upp á skjái á staðnum, auk þess sem þeir verða aðgengilegir í vefappi Guitarparty.com sem er hægt að nálgast í snjallsímum.



**MÆTIR Í PARTÍ** Bjartmar Guðlaugsson mætir í gítarpartíið.

FIMMTUDAGURINN 04. OKTÓBER
RIFF Reykjavík International Film Festival 27.SEPT. - 7.OKT. 2012

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Drottning Versala | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | Drottningin af Montreuil | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Heimurinn sem mætir henni | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Friðarsúlan | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Barnamyndir (ÓKEYPIS!) | Norræna húsið |
| 16:00 | Kallinn í tunglinu | Bíó Paradís 1 |
| 16:00 | Gullna eggið B | Bíó Paradís 2 |
| 16:00 | Börnin okkar | Bíó Paradís 3 |
| 16:00 | Tralalá | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | Atanasoff | Norræna húsið |
| 17:00 | Una Lorenzen: "Sonnet of Delirium" - Sýningaropnum | Gallerí þOKA |
| 17:15 | Snævi þakin | Bíó Paradís 4 |
| 18:00 | **Suspiria Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 18:00 | Læti | Bíó Paradís 2 |
| 18:00 | Hórunnar dýrð | Bíó Paradís 3 |
| 18:00 | 90 mínútur | Háskólabíó 2 |
| 18:00 | **Ítalía: Haltu henni eða slepptu henni Q&A** | Háskólabíó 3 |
| 18:00 | Hinir iðrandi | Háskólabíó 4 |
| 18:00 | Niðri í austri | Norræna húsið |
| 19:30 | Litir eyjanna | Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | Gullna eggið C | Bíó Paradís 2 |
| 20:00 | **Á mörkunum Q&A** | Háskólabíó 2 |
| 20:00 | Brostinn | Háskólabíó 3 |
| 20:00 | Nokkrar stundir að vori | Háskólabíó 4 |
| 20:15 | Fimm stjörnu tilvera | Bíó Paradís 3 |
| 20:15 | **Óháðir leikir Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 21:00 | Durga / 21:15 Bleikir borðar hf. | Bíó Paradís 4 |
| 22:00 | 5 brotnar myndavélar | Bíó Paradís 2 |
| 22:00 | Síðasti sjúkrabíll Sofiu | Háskólabíó 2 |
| 22:00 | **Dagskíma Q&A** | Háskólabíó 3 |
| 22:00 | Draumur Wagners | Háskólabíó 4 |
| 22:30 | Heima um helgina | Bíó Paradís 3 |
| 22:30 | **Inferno Q&A** | Bíó Paradís 1 |



SUSPIRIA Q&A 18:00

Busi í ballet-skóla kemst smátt og smátt að því að skólinn er í raun yfirskin fyrir nornir sem hafa allt annað en gott í hyggju. Þetta er ein af áhrifaríkustu og frægustu hryllingsmyndum kvikmyndasögunnar og þekktasta mynd Darios Argentos. Hún er draumkennd og ógnvekjandi, listræn blóðslettumynd fyrir þá huguðu.

ÓHÁÐIR LEIKIR Q&A 20:15

Sjálfstæðir tölvuleikjahönnuðir neita að starfa fyrir stórfyrirtæki, heldur hanna og forrita sína eigin og afar persónulegu leiki. Myndin fylgist með tilfinningalegu ferli einbeittra listamanna sem hafa tileinkaði lífi sínu gagnvirkri list. Fjórir hönnuðir, þrír leikir, eitt markmið: Að tjá sig með tölvuleik. Meðal tillaga er Ofur kjötstrákurinn, sem fjallar um ævintýri stráks sem vantar húð og leitað kærustu sinnar, sem er gerð úr sárabindum.

**Miðasala í verslunum Eymundsson í Austurstræti og Kringlunni og á riff.is**



**HOPSIN** Bandaríski rapparinn Hopsin tekur þátt í hátíðinni YOLO.

# Íslendingar feimnir við kántríið

„Hún er skemmtileg kántríhefðin hjá Norðmönnum, þeir eru svo mikið kántrí,“ segir gítarleikarinn Sigurgeir Sigmundsson.

Hann spilar með norsku kántrísveitinni Big River Band einu sinni á ári á hátíðinni Lofoten Country Music Festival. Sveitin hefur gefið út eina plötu og þrisvar komist á norska kántrívinsældarlistann. „Íslendingar eru líka kántrísinnaðir en þeir eru feimnari við að sýna það. Þeir eru feimnari við að setja upp hattinn og fara í skóna og köflóttu skyrtuna.“

Sigurgeir hefur í 35 ár spilað rokk með sveitum á borð við Start, Gildruna og Drýsil en undanfarin ár hefur hann fikrað sig út í kántríið með Klaufum og Björgvini Halldórssyni. Þar spilar hann á fetilgítara og kjöltustálgítara og er einmitt stofnandi Rokk- og stálgítarskólans.

Aðspurður segir Sigurgeir sérstakt að spila á fetilgítarinn. „Þetta er eiginlega eins og að spila á gítarorgel,“ útskýrir hann. Á gítarnum eru tveir tíu strengja hálsar, átta fótpedalar og sex járn til að stýra tónunum. Sigurgeir snertir aldrei strengina með puttunum heldur notar járn til að spila.

Hann leikur með Gildrunni á Eskifirði á laugardaginn. Sama dag geta tónlistarunnendur fylgst með kynningu á hljóðfærum hans, þar á meðal kjöltustálgítarnum sem hann grípur í með Gildrunni. - fb



**HJÁ GÍTARSAFNINU** Sigurgeir Sigmundsson spilar á hverju ári með norsku kántríhljómsveitinni Big River Band. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# YOLO fyrir unglingana

Aukatónleikum hefur verið bætt við hipphopphátíðina YOLO sem verður haldin á Þýska barnum 7. til 10. nóvember. Tónleikarnir verða fyrir unglinga og fara þeir fram í Stapanum í Reykjanesbæ 7. nóvember.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá stígur bandaríski rapparinn Hopsin frá útgáfunni Funk Volume á svið á hátíðinni, auk rjómans af íslenskum hipphoppurum. Meðal þeirra eru Forgotten Lores, Larry Bird, Úlfur Úlfur, MC Gauti, Blaz Roca, Steindi jr., Bent, Gísli Pálmi og Friðrik Dór.



**PÉTUR ÖSTLUND** Fyrrum trommari Hljóma fær heiðursverðlaun á trommuhátíðinni.

# Trommarinn í fjórða sinn

Trommuhátíðin Trommarinn verður haldin í fjórða sinn á laugardaginn í sal FÍH í Rauðagerði í Reykjavík. Sem fyrr verða hljóðfæraverslanirnar Hljóðfærahúsið/Tónabúðin, Rín og Tónastöðin með allt það nýjasta til sýnis úr slagverks- og trommuheimum og einnig stíga margir af bestu trommuleikurum landsins á svið. Heiðursverðlaun verða veitt fyrir ævistarf og falla þau að þessu sinni í hlut Péturs Östlund, fyrrum trommara Hljóma, sem kemur til landsins af þessu tilefni. 120 fyrstu gestirnir fá happdrættismiða og aðgangur er ókeypis.

# Þykir pylsulykt best

Uppáhaldslykt Alexanders Skarsgård er lyktin af pylsum. Hann segist tengja lyktina við fallegar bernskuminningar.



**ALEXANDER SKARSGÅRD**

Skarsgård ólst upp í suðurhluta Stokkhólms og skammt frá heimili hans var verksmiðja er framleiddi pylsur. „Lyktin sem barst frá verksmiðjunni var ekki góð, hún var frekar ógeðfelld. En þessi lykt minnir mig alltaf á æskuárin því þegar ég gekk í skólann á morgnana fann ég þessa lykt. Núna finnst mér lyktin góð því hún minnir mig á bernsku mína,“ sagði Skarsgård sem er þó meinilla við lyktina af ilmspjöldum.




# sport

sport@frettabladid.is



**STJARNAN** mætir Zorkiy í Rússlandi í síðari viðureign liðanna í 32-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu klukkan 13.00 í dag en fyrri leiknum lauk með markalausu jafntefli. Liðið hélt utan á mánudagsmorgun og var tæpan sólarhring að komast á leiðarenda. Síðasta spölinn fór hópurinn með næturlest frá Helsinki til Rússlands.



**KARABATIC** Spilar ekki í nánustu framtíð. NORDICPHOTOS/GETTY

Veðmálahneykslið:

## Karabatic grét hjá dómara

**HANDBOLTI** Nikola Karabatic var í gær leiddur fyrir dómara þar sem honum var birt ákæra fyrir meint veðmálasvindl í tengslum við leik Montpellier í frönsku úrvalsdeildinni.

Samkvæmt frönskum fjölmiðlum mun hann hafa fellt tár við þetta tilefni. Þeir leikmenn sem voru kærðir, þar á meðal Karabatic, mega nú ekki spila með liðum sínum á meðan málið er fyrir dómstólum.

Alls voru sjö núverandi eða fyrrverandi leikmenn Montpellier kærðir. Leikmennirnir eru grunaðir um að hafa tapað viljandi leik í frönsku úrvalsdeildinni undir lok síðasta tímabils.

Fimm aðrir voru einnig kærðir, en þeir veðjuðu á leikinn og högnuðust um samtals 40 milljónir króna á því. Kærustur, vinir og ættingjar leikmanna voru meðal þeirra kærðu. - esá



**HRAFNHILDUR** Setti níu gegn Svíum í gær. MYND/PJETUR

Æfingaleikur í Svíþjóð:

## Jafntefli gegn sterkum Svíum

**HANDBOLTI Kvennalandslið Íslands gerði í gær jafntefli við Svíþjóð, 24-24, í æfingaleik ytra. Hrafnhildur Ósk Skúladóttir skoraði níu mörk fyrir íslenska liðið.**

**Þetta eru góð úrslit fyrir íslenska liðið enda Svíar með eitt besta lið Evrópu. Staðan í hálfleik var 13-11 Svíum í vil. Guðný Jenný Ásmundsdóttir átti góðan dag í marki íslenska liðsins og varði 20 skot. Ísland mætti Svíum einnig í fyrradag og tapaði þá, 23-16.**

**Þetta er í fyrsta sinn sem Svíar ná ekki að vinna Ísland í landsleik en fyrir leik kvöldsins hafði öllum fjórtán leikjum þessara þjóða lokið með sigri Svía. - esá**

# Vildi ekki spila fyrir Bandaríkin

**Aron Jóhannsson er eini nýliðinn í íslenska landsliðshópnum sem mætir Albaníu og Sviss í undankeppni HM síðar í mánuðinum. Aron er fæddur í Bandaríkjunum og því enn gjaldgengur í bandaríska landsliðið, sem hann var orðaður við á dögunum. Hann vill þó mun fremur spila fyrir íslenska landsliðið.**

**FÓTBOLTI** Hinn sjóðheiti markaskorari AGF í Danmörku, Aron Jóhannsson, var í gær valinn í íslenska landsliðshópinn fyrir leikina gegn Albaníu og Sviss í undankeppni HM 2014. Leikirnir fara fram 12. og 16. október næstkomandi.

Talsverð pressa var á landsliðsþjálfaranum Lars Lagerbäck að velja Aron, enda er hann markahæsti leikmaður dönsku úrvalsdeildarinnar, búinn að skora 10 mörk í síðustu 5 leikjum og samtals 11 mörk í 11 leikjum.

„Ég er nokkuð hress með gang mála. Ég get ekki neitað því,“ sagði hinn 21 árs gamli Aron léttur í spjalli við Fréttablaðið í gær.

„Ég var vissulega mjög glaður þegar ég fékk tíðindin enda er ég búinn að leggja hart að mér alla ævi með það að markmiði að fá að spila fyrir mína þjóð. Ég var því að ná ákveðnum áfanga.“

### Ræddi við Lars

Lagerbäck landsliðsþjálfari talaði við Aron í upphafi vikunnar en tjáði honum ekki þá að hann yrði í landsliðshópnum. Það var ekki fyrr en daginn eftir sem starfsmaður knattspyrnusambandsins hringdi í hann og sagði honum góðu tíðindin.

„Við Lars ræddum lauslega saman en það er okkar á milli hvað var rætt um,“ sagði Aron, en þeir ræddu saman á ensku í stað þess að reyna að tala saman á dönsku og sænsku. „Ég er ekki sleipur í sænskunni en veit ekki hvort við hefðum getað plumað okkur á nokkurs konar skandinavísku.“

Þó svo að Aroni hafi gengið vel upp á síðkastið er hann engu að síður eini nýliðinn í landsliðshópnum og hann ætlast ekki til eins né neins þegar í hópinn er komið.

„Ég get ekki gert neinar kröfur en auðvitað væri gaman að fá einhverjar mínútur. Ég verð að mæta einbeittur á æfingar og sýna hvað ég get. Það skilar mér svo vonandi einhverjum mínútum á vellinum,“ sagði Aron yfirvegaður.

Framherjinn segist ekki vera neinn hrokagikkur og velgengnin hafi ekki stigið honum til höfuðs.



**ÍSLENDINGUR** Aron Jóhannsson hefur spilað með yngri landsliðum Íslands. Hér er hann í leik gegn enska U-21 landsliðinu á Laugardalsvelli fyrir rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er nú ekki þekktur fyrir að vera einhver hrokagikkur en auðvitað mæti ég til leiks með mikið sjálfstraust. Ég þarf að sýna mig fyrir nýju liði og nýjum þjálfara,“ sagði Aron en hverju þakkar hann þetta góða gengi upp á síðkastið?

### Hefur allt gengið upp

„Þetta er náttúrulega búið að vera ótrúlegt. Það hefur allt gengið upp hjá mér. Get eiginlega ekki útskýrt það betur. Ég veit samt að ég þarf að leggja mjög hart að mér í hverjum leik. Þetta kemur ekki af sjálfu sér. Það þýðir ekkert að hætta núna. Þetta telur ekkert í lok tímabilsins. Ég verð að halda áfram á sömu braut.“

> Ég get ekki gert neinar kröfur en auðvitað væri gaman að fá einhverjar mínútur.
>
> **ARON JÓHANNSSON** LEIKMAÐUR AGF

### Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Haraldur Björnsson | Sarpsborg |
| **Varnarmenn:** | |
| Grétar Rafn Steinsson | Kayserispor |
| Birkir Már Sævarsson | Brann |
| Kári Árnason | Rotherham |
| Ragnar Sigurðsson | FCK |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | Stabæk |
| Sölvi Geir Ottesen* | FCK |
| Ari Freyr Skúlason | Sundsvall |
| Hólmar Freyr Eyjólfsson | Bochum |
| **Miðjumenn:** | |
| Aron Einar Gunnarsson | Cardiff |
| Emil Hallfreðsson | Verona |
| Helgi Valur Daníelsson | AIK |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ Alkmaar |
| Rúrik Gíslason | FCK |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Wolves |
| Birkir Bjarnason | Pescara |
| Gylfi Þór Sigurðsson | Tottenham |
| **Sóknarmenn:** | |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson | Norrköping |
| Alfreð Finnbogason | Heerenveen |
| Aron Jóhannsson | AGF |

**Tekur út leikbann þegar Ísland mætir Albaníu 12. október.*

Aron er fæddur í Bandaríkjunum og bjó þar fyrstu þrjú ár ævi sinnar. Hann er aftur á móti alinn upp á Íslandi og á íslenska foreldra. Þar sem hann hefur ekki enn spilað A-landsleik fyrir Ísland er hann enn gjaldgengur í bandaríska landsliðið.

### Bandaríkin komu aldrei til greina

Þessi staðreynd náði alla leið til Bandaríkjanna og er Aron sló í gegn í Danmörku var þeim möguleika velt upp í fjölmiðlum vestanhafs hvort hann myndi spila með bandaríska landsliðinu. Aron segist aldrei hafa íhugað það alvarlega.

„Ég er Íslendingur og mig hefur langað að spila fyrir Ísland frá því að ég var lítill. Það kom því aldrei til greina. Þegar umræðan var í gangi fór það inn um annað og út um hitt eyrað. Ég heyrði aldrei frá neinum í bandaríska knattspyrnusambandinu heldur. Ég vil spila fyrir Ísland og nú var ég valinn í landsliðið, sem er frábært,“ sagði Aron.

henry@frettabladid.is

Gunnleifur Gunnleifsson, fyrirliði og markvörður Íslandsmeistara FH, átti flott sumar í Pepsi-deildinni:

# Hélt oftar hreinu í ár en síðustu ár til samans

**FÓTBOLTI** Gunnleifur Gunnleifsson tók við Íslandsmeistarabikarnum á laugardaginn og það mátti sjá á viðbrögðum hans þegar titillinn var í höfn tveimur vikum fyrr að þar fór maður sem var búinn að bíða lengi eftir því að komast í tæri við þann stóra.

Gunnleifur kom í FH fyrir tímabilið 2010 þegar FH-ingar voru búnir að vinna tvo Íslandsmeistaratitla í röð og fimm titla á sex árum. Gunnleifur leysti þá af Daða Lárusson, sem var búinn að vera aðalmarkvörður FH-liðins í níu sumur.

Gunnleifur hafði árin á undan staðið sig frábærlega með liði HK og verið einn af lykilmönnunum í að koma liðinu upp í deild þeirra bestu. Nú var komið að því að spila með einum af stórum klúbbunum. Það gekk þó ekki allt eins og í sögu. FH-liðið þurfti að sætta sig við silfur tvö fyrstu ár Gunnleifs í Krikanum en hann fékk fyrirliðabandið í vor og þá kom sá stóri.

Gunnleifur talaði sjálfur um að hann hefði verið að vinna sinn fyrsta alvöru Íslandsmeistaratitil, en hann á einnig verðlaunapening frá árinu 1999 þegar hann var varamarkvörður Kristjáns Finnbogasonar hjá KR og fékk að spila lokaleik mótsins þegar titillinn var í höfn.

Gunnleifur hélt marki sínu samtals níu sinnum hreinu fyrstu tvö tímabil sín með FH en gerði einu betur í sumar. Gunnleifur hélt marki sínu nefnilega tíu sinnum hreinu í Pepsi-deildinni í ár og allir þeir leikir voru fyrir þá eftirminnilegu stund á Stjörnuvellinum 16. september síðastliðinn þegar FH-liðið tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn.

Gunnleifur er sá markvörður sem hélt oftast marki sínu hreinu á tímabilinu, en næstur kom Eyjamaðurinn Abel Dhaira sem náði því í átta leikjum. FH-ingar unnu sex af leikjum sínum 1-0 og þessi 18 stig vógu þungt í að liðið tók titilinn af KR-ingum. - óój



**HRÓKUR ALLS FAGNAÐAR** Gunnleifur Gunnleifsson fagnar með félögum sínum í FH eftir lokaleikinn á móti Val. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Gunnleifur og árin í FH

| | |
|---|---|
| **2010 2. sæti** | **28 mörk á sig í 22 leikjum** (5 sinnum haldið hreinu) |
| **2011 2. sæti** | **28 mörk á sig í 22 leikjum** (4 sinnum haldið hreinu) |
| **2012 Meistari** | **21 mark á sig í 21 leik** (10 sinnum haldið hreinu) |



Daði Reynir
hefur hafið störf hjá
Sjúkraþjálfuninni AFL, Borgartúni 6
Tímapantanir í síma 511 4111
SJÚKRAÞJÁLFUN
AFL
www.aflid.is


BÓKA
LAGERSALA
FORLAGIÐ
FORLAGIÐ
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR
Allir sem kaupa fyrir 6.000 kr. eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir 12.000 kr. eða meira fá tvær bækur að gjöf.
HÉR
Fiskislóð
Fiskislóð
Fiskislóð
KRÓNAN
BÓNUS
Grandagarður
Ánanaust
Næg bílastæði og kaffi á könnunni
LOKADAGAR
RISAlagersölunnar
Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!
Allt að 90% afsláttur
Opið alla daga kl. 10–19
FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA
LÝKUR 7. OKTÓBER LOKADAGAR LÝKUR 7. OKTÓBER LOKADAGAR LÝKUR 7. OKTÓBER LOKADAGAR LÝKUR 7. OKTÓBER
HVER ÉTUR ÍSBIRNI?
Verð: 990 kr.
ÞEGAR ÖLLU ER Á BOTNINN HVOLFT – INNBUNDIN
Verð: 290 kr.
2 fyrir 1
SAFAR OG ÞEYTINGAR
DETOX
– 14 LEIÐIR TIL AÐ HREINSA LÍKAMANN OG STYRKJA VARNIR HANS
Verð: 1.690 kr.
2 fyrir 1
365 ÁSTRÍÐUNÆTUR
365 SJÓÐHEITAR STELLINGAR
Verð: 1.690 kr.
PÉTUR OG ÚLFURINN
Verð: 1.190 kr.
MYRKRASLÓÐ – KILJA
Verð: 990 kr.
KIRKJA HAFSINS – KILJA
Verð: 990 kr.
HUGSAÐU ÞÉR TÖLU – INNBUNDIN
Verð: 490 kr.
2 fyrir 1
Í NÆTURGARÐI OPSÝ DEISÍ
Í NÆTURGARÐI IGGUL PIGGUL
Verð: 390 kr.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
LOKADAGAR LÝKUR 7. OKTÓBER LOKADAGAR LÝKUR 7. OKTÓBER LOKADAGAR LÝKUR 7. OKTÓBER LOKADAGAR LÝKUR 7.
Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19

## DOMINOS KVENNA

**KR - Grindavík 62-51 (31-19)**
**KR**: Sigrún Sjöfn Ámundad. 21/9 fráköst, Patechia Hartman 13, Helga Einarsd. 12/10 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsd. 7, Hrafnhildur Sif Sævarsd. 4, Björg Guðrún Einarsd. 3, Hafrún Hálfdánard. 2.
**Grindavík**: Ingibjörg Yrsa Ellertsd. 14, Helga Hallgrímsd. 13/11 fráköst, Petrúnella Skúlad. 9/11 fráköst, Guðrún Guðmundsd. 7, Alexandra Hauksd. 4, Harpa Hallgrímsd. 2, Jóhanna Styrmisd. 2.

**Haukar - Keflavík 62-79 (36-34)**
**Haukar**: Siarre Evans 31/19 fráköst, Margrét Rósa Hálfdanard. 9, Jóhanna Björk Sveinsd. 8, Gunnhildur Gunnarsd. 6, Auður Íris Ólafsd. 4, Dagbjört Samúelsd. 2, María Lind Sigurðard. 2.
**Keflavík**: Sara Rún Hinriksd. 19, Jessica Jenkins 18, Pálína Gunnlaugsd. 12, Birna Valgarðsd. 10, Sandra Þrastard. 5, Ingunn Kristínard. 5, Bríet Hinriksd. 5, Telma Ásgeirsd. 3, Bryndís Guðm. 2.

**Fjölnir - Njarðvík 63-74 (32-39)**
**Fjölnir**: Fanney Lind Guðmundsd. 25, Bergdís Ragnarsd. 10/11 fráköst, Hrund Jóhannsd. 7, Erla Sif Kristinsd. 6, Birna Eiríksd. 5, Heiðrún Harpa Ríkharðsd. 4, Eva María Emilsd. 2, Sigrún Anna Ragnarsd. 2, Hugrún Eva Valdimarsd. 2.
**Njarðvík**: Lele Hardy 33/19 fráköst, Guðlaug Júlíusd. 14, Ingibjörg Elva Vilbergsd. 7, Aníta Kristmundsd. 6, Emelía Grétarsd. 5, Salbjörg Sævarsd. 4, Erna Hákonard. 3, Sara Dögg Margeirsd. 2.

**Valur - Snæfell 48-64 (30-37)**
Valur: Unnur Lára Ásgeirsd. 11/11 fráköst, Kristrún Sigurjónsd. 9, Alberta Auguste 8, Guðbjörg Sverrisd. 8/5 fráköst, María Björnsd. 5, Þórunn Bjarnad. 4, Ragnheiður Benónísd. 2, Sara Diljá Sigurðard. 1.
**Snæfell**: Kieraah Marlow 19/11 fráköst, Berglind Gunnarsd. 17, Hildur Björg Kjartansd. 10, Hildur Sigurdardottir 7, Alda Leif Jónsd. 7, Helga Hjördís Björgvinsd. 2, Rósa Indriðad. 2.

Snæfellskonur héldu sigurgöngu sinni áfram með sannfærandi sigri á Val í Vodafonehöllinni:

# Ekki góð frumsýning í bleiku búningunum

**FÓTBOLTI** Snæfellskonur halda áfram sigurgöngu sinni í kvennakörfunni og bættu við sextán stiga útisigri á Val, 64-48, við þá sex leiki sem liðið vann í Lengjubikarnum og Meistarakeppninni rétt fyrir mót. Snæfell er til alls líklegt í Dominosdeildinni í vetur.

Valskonur frumsýndu bleika búninga og allar myndatökurnar fyrir leik fóru greinilega ekki alltof vel í Valsliðið því Snæfellsliðið skoraði 7 fyrstu stig leiksins og var komið í 19-6 þegar tæpar tvær mínútur voru eftir af leikhlutanum. Valsliðið minnkaði muninn í 13-19 fyrir lok fyrsta leikhluta en Snæfellskonur voru með sjö stiga forskot þegar gengið var til hálfleiks, 37-30. Valur náði að minnka muninn niður í fjögur stig í seinni hálfleik en þá lokaði Snæfellsliðið vörninni í sex mínútur og gerði endanlega út um leikinn.

„Þetta er frábært framtak hjá þeim en bleiku búningarnir trufluðu okkur ekki neitt. Það skiptir engu máli hvort þær séu í bleikum búningum, bláum eða hvítum,“ sagði Berglind Gunnarsdóttir sem átti flottan leik með Snæfelli í gær og endaði með 17 stig og 7 fráköst. „Ætli þeir hafa ekki bara truflað þær en við létum þá ekkert trufla okkur,“ sagði fyrirliðinn og reynsluboltinn Hildur Sigurðardóttir sem var nálægt þrefaldri tvennu.

„Við vorum að spila mjög góða maður á mann vörn og náðum að loka vel á þær. Þetta er flott en segir samt ekki neitt því mótið er bara rétt að byrja. Okkur gekk vel á undirbúningstímabilinu og ætlum bara að halda þeirri velgengni áfram,“ sagði Berglind.

„Það eru margir sem segja að við höfum bara verið að vinna einhver undirbúningsmót. Þetta er vissulega á undirbúningstímabilinu en þetta eru titlar og við erum að sýna það núna að við erum með hörkulið,“ sagði Hildur.

„Við vorum svolítið hrædd um þetta. Fyrir mánuði var ákveðið að vera í bleikum búningum og það er búið að vera mikið umstang í kringum það í dag, blaðamannafundir, viðtöl, myndatökur og hitt og þetta. Það var því búist við því að spennustigið yrði mjög hátt og það sást alveg í byrjun leiks. Við náðum ekki að hrista þetta almennilega af okkur og náðum aldrei takti í leik okkar,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Vals. Valsliðið ætlar þrátt fyrir tapið að halda áfram að mæta í bleiku. „Við erum ekki með neina hjátrú í því og mætum bara galvösk í næsta leik sem er á móti KR á sunnudaginn. Við getum ekkert annað en spilað betur þá,“ sagði Ágúst. **- óój**



**BYRJA VEL** Snæfell vann tvo titla á undirbúningstímabilinu og hóf tímabilið með sigri á Val á útivelli. Hér er Hildur Sigurðardóttir með boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## MEISTARADEILD

**A-RIÐILL:**

**Porto - PSG 1-0**
**Dynamo Kiev - Dinamo Zagreb 2-0**

**Staðan**: Porto 6, PSG 3, Kiev, 3, Zagreb 0.

**B-RIÐILL:**

**Schalke 04 - Montpellier 2-2**
**Arsenal - Olympiakos 3-1**
1-0 Gervinho (41.), 1-1 Kostantinos Mitroglou (45.), 2-1 Lukas Podolski (55.), 3-1 Aaron Ramsey (93.).

**Staðan**: Arsenal 6, Schalke 4, Montpellier 1, Olympiakos 0.

**C-RIÐILL:**

**Zenit St Petersburg - AC Milan 2-3**
0-1 Urby Emanuelson (12.), 0-2 Stephan El Shaarawy (15.), 1-2 Hulk (46.), 2-2 Roman Shirokov (48.), 2-3 Tomas Hubocan, sjálfsmark (75.).
**Anderlecht - Málaga 0-3**

**Staðan**: Malaga 6, AC Milan 4, Anderlecht 1, Zenit 1.

**D-RIÐILL:**

**Manchester City - Dortmund 1-1**
0-1 Marco Reus (60.), 1-1 Mario Balotelli, víti (89.).
**Ajax - Real Madrid 1-4**
0-1 Cristiano Ronaldo (41.), 0-2 Karim Benzema (47.), 1-2 Niklas Moisander (55.), 1-3 Cristiano Ronaldo (78.), 1-4 Cristiano Ronaldo (80.).

**Staðan**: Real Madrid 6, Dortmund 4, Manchester City 1, Ajax 0.

# City enn númeri of lítið fyrir Evrópu

Manchester City var heppið að sleppa með 1-1 jafntefli gegn Dortmund á heimavelli í gær og er nú með eitt stig í dauðariðli Meistaradeildarinnar. Real Madrid og Arsenal unnu bæði í gær og eru með fullt hús stiga.

**FÓTBOLTI** Manchester City komst ekki upp úr riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í gær og útlitið er ekki bjart eftir fyrstu tvær umferðirnar í ár. Liðið gerði í gær 1-1 jafntefli við Þýskalandsmeistara Dortmund á heimavelli og var þó stálheppið að fá eitt stig úr leiknum.

Þjóðverjarnir óðu í færum í leiknum en Joe Hart, markvörður City, sá til þess að Dortmund skoraði aðeins eitt mark að þessu sinni. Mario Balotelli skoraði svo jöfnunarmark City úr vítaspyrnu á lokamínútum leiksins.

„Við spiluðum ekki vel,“ sagði Roberto Mancini, stjóri City, eftir leikinn í kvöld. „Við áttum ekki skilið að fá þetta stig en það gæti reynst dýrmætt á endanum. Dortmund spilaði betur en við og eins og málin standa nú eru þeir með betra lið en við. Joe Hart bjargaði okkur í kvöld.“

Í sama riðli vann Real Madrid öruggan 4-1 sigur á Ajax þar sem Cristiano Ronaldo skoraði þrennu. Madrídingar eru með fullt hús stiga á toppi riðilsins og líklegastir til að halda toppsætinu allt til loka. Dortmund er í góðri stöðu í öðru sæti með fjögur stig.

City er í þriðja sætinu með eitt stig og þarf að spila mun betur en liðið gerði í gær til að gera almennilega atlögu að sæti í 16-liða úrslitunum.

Porto (A-riðill), Arsenal (B-riðill) og Malaga (C-riðill) eru öll með fullt hús stiga í sínum riðlum eftir sigra í sínum leikjum í gær. Arsenal hafði betur gegn Olympiakos, 3-1, á heimavelli. „Þetta var erfitt en þeir gerðu okkur mjög erfitt fyrir,“ sagði Steve Bould, aðstoðarstjóri Arsenal, en Arsene Wenger er enn að taka út leikbann í Meistaradeildinni. „Olympiakos varðist mjög vel og við virtumst stundum taugaóstyrkir. En niðurstaðan var glæsileg fyrir okkur.“

AC Milan vann góðan sigur í C-riðli á Zenit St. Pétursborg í Rússlandi, 3-2, en sigurmark leiksins reyndist sjálfsmark þegar stundarfjórðungur var til leiksloka.

eirikur@frettabladid.is



**EITT NÚLL** Marco Reus skorar mark Dortmund í gær. Gael Clichy nær ekki að stöðva hann. NORDICPHOTOS/GETTY




## > Stöð 2 klukkan 21.20

**Revolution**
Glæný þáttaröð sem vakið hefur mikla athygli í Bandaríkjunum. Allur heimurinn missir skyndilega allt rafmagn og heimsbyggðin þarf að læra að komast af án þess. Fimmtán árum eftir þessa stórkostlegu breytingu komast menn að því að hægt sé að öðlast það aftur sem áður var en fyrst þarf að komast að ástæðu rafmagnsleysisins og um leið að berjast við óvænta og hættulega aðila.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON SKILUR EKKI LIST

# *Hvílík endemissteypa*



Sunnudagsbíó heitir dagskrárliður í Ríkissjónvarpinu. Þá sýnir RÚV gjarnan tormeltar myndir frá framandi hornum heimsins sem kostar athygli og orku að túlka og finna stað í hjartanu á sér. Það er líklega þess vegna sem ég hef einfaldlega ekki skilið kvikmyndina A Chorus Line sem var sýnd undir þessu merki um liðna helgi.

Myndin, í leikstjórn Richards Attenborough, er eitthvert mesta furðuverk sem yfirritaður hefur séð. Hópur skræpóttra dansara mætir í áheyrnarprufu fyrir söngleik. Við taka óbærilega löng dansatriði á sviði þar sem kraðak af liðugu fólki fettir sig og brettir svo að varla má greina manna skil. Öðru hvoru brýst mannskapurinn út í söng, sem er jafnleiðinlegur og hann er óeftirminnilegur.

Myndin er gerð árið 1985, á hátindi eitísins, og þess sér líklega betur stað en í nokkurri annarri kvikmynd. Dansbúningarnir eru á litinn eins og einhyrningur hafi ælt á þá og skerast allir með tölu langt upp í ristil, sem hefði svo sem getað verið skemmtilegt áhorfs með betri kvikmyndatöku.

Á fimm mínútna fresti er skipt út í sal og þar situr íbygginn Michael Douglas, reykir og hreytir ónotum upp á svið. Ef ég hefði enst lengur en hálftíma inn í myndina hefði ég kannski fengið innsýn í persónuleika hans og jafnvel skilið af hverju myndin þykir slíkt menningarlegt þrekvirki að henni sé plaðserað á þennan hefðarsess í dagskrá sjónvarpsins. En til þess hafði ég ekki þolinmæði.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir 1**0.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Vögguvísa **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Á Borginni **23.15** Norðurslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.40 Kiljan**
**16.30 Herstöðvarlíf** (13:23)
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar** (32:52)
**17.27 Artúr**
**17.51 Múmínálfarnir** (19:39)
**18.02 Lóa** (19:52)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Dýraspítalinn** (4:10)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Hrefna Sætran grillar** (6:6) Hrefna Rósa Sætran matreiðslumeistari grillar girnilegar kræsingar
**20.35 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (1:6) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Íslendingabyggðir í Vesturheimi, skoðar áhugaverða staði og heilsar upp á fólk. Með honum í för er tónlistarmaðurinn KK.
**21.15 Sönnunargögn** (3:16)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (9:18)
**23.05 Krabbinn I** (7:13)
**23.35 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni - Gunnar Nelson**
**00.00 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00 Knight and Day**
**12.50 Chestnut. Hero of Central Park**
**14.15 Pride**
**16.05 Knight and Day**
**17.55 Chestnut. Hero of Central Park**
**19.25 Pride**
**21.15 Couple's Retreat**
**23.10 Jennifer's Body**
**00.50 First Born**
**02.25 Couple's Retreat**
**04.15 Jennifer's Body**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle**
**08.30 Ellen** (13:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (2:175)
**10.15 Extreme Makeover. Home Edition** (23:25)
**11.00 White Collar** (1:16)
**11.45 Lie to Me** (15:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pink Panther II**
**14.30 Smallville** (22:22)
**15.15 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (14:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (10:22)
**19.45 Modern Family** (10:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**20.10 Masterchef USA** (20:20) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.55 Steindinn okkar** (7:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.
**21.25 Revolution** Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**22.10 Fringe** (16:22)
**22.55 Breaking Bad** (5:13)
**23.45 Spaugstofan** (2:22)
**00.10 Mad Men** (8:13)
**01.00 Lie to Me** (15:22)
**01.45 A Woman in Winter**
**03.25 Masterchef USA** (20:20)
**04.10 Steindinn okkar** (7:8)
**04.35 Lie to Me** (15:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**.

### SPORT besta sætið

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**
**14.25 Meistaradeild Evrópu**
**16.10 Þorsteinn J. og gestir**
**16.55 Panathinaikos - Tottenham** Bein útsending frá leik Panathinaikos og Tottenham Hotspur í Evrópudeildinni.
**19.00 Liverpool - Udinese** Bein útsending frá leik Liverpool og Udinese í Evrópudeildinni.
**21.05 Pepsi mörkin**
**23.10 Panathinaikos - Tottenham**
**01.00 Formúla 1 - Æfingar** Bein útsending frá fyrstu æfingu ökumanna fyrir kappaksturinn í Japan.

### SPORT 2 enski boltinn

**16.20 Norwich - Liverpool**
**18.10 Fulham - Man. City**
**20.00 Premier League World**
**20.30 PL Classic Matches. Liverpool - Tottenham, 1992**
**21.00 Being Liverpool** Mögnuð þáttaröð þar sem áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**21.55 Premier League Review Show**
**22.50 Football League Show 2012/13**
**23.20 Stoke - Swansea**

### krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki** S
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar**
**17.00 Ofurmennið**
**17.25 Sorry I've Got No Head**
**17.55 iCarly** (11:45)

### POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons (19:25)**
**17.20 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee (14:22)**
**19.00 Friends**
**19.25 The Simpsons (13:22)**
**19.50 How I Met Your Mother (4:22)**
**20.15 Game Tíví**
**20.40 Suburgatory (8:22)**
**21.05 Pretty Little Liars (8:25)**
**21.50 Gossip Girl (24:24)**
**22.35 Game Tíví**
**23.00 Suburgatory (8:22)**
**23.25 Pretty Little Liars (8:25)**
**00.10 Gossip Girl (24:24)**
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### GULL

**18.20 Doctors** (40:175)
**19.00 Ellen** (14:170)
**19.45 Logi í beinni**
**20.30 Að hætti Sigga Hall** (1:18)
**21.00 Það var lagið**
**22.00 Friends** (8:24)
**22.25 Ellen** (14:170)
**23.05 Logi í beinni**
**23.50 Að hætti Sigga Hall** (1:18)
**00.20 Það var lagið**
**01.20 Friends** (8:24)
**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 The Voice (3/15) (e)**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 America's Next Top Model (6/13)**
**19.00 Everybody Loves Raymond**
**19.25 Will & Grace (3/24)**
**19.50 Rules of Engagement (12.15)**
**20.15 30 Rock (7/22)**
**20.40 House (3/23)** Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House.
**21.30 Johnny Naz (2/6)** Johnny NAZ fer aftur á stjá eftir áralangt hlé frá kastljósi fjölmiðla og áreiti íslenskra unglinga.
**22.00 James Bond. Live and Let Die**
**00.05 CSI. Miami (2/19) (e)**
**00.55 Leverage (15/16) (e)**
**01.40 CSI (15/22) (e)**
**02.25 Crash & Burn (10.13) (e)**
**03.10 Everybody Loves Raymond**
**03.35 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 Ryder Cup 2012 (3/3)**
**13.30 Ryder Cup 2012 (3/3)**
**20.00 Justin Timberlake Open 2012**
**23.00 US Open 2000 - Official Film**
**00.00 ESPN America**

### N4

**18.00** Að norðan

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista
**21.30** Perlur úr myndasafni

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |







TOPPSKÓRINN MARKAÐUR Á SMÁRATORGI

# OPNAR Í DAG

# FRÁBÆR VERÐ

Opið alla daga
milli kl. 11 og 18

**Troðfullur markaður af öllum vinsælustu merkjunum**

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE · Kaupfélagið · skór.is

Duffy · Tamaris · SIXMIX · VAGABOND · ecco

BULLBOXER · NIKE · adidas · PUMA · hummel

SPOT ON · Gabor · Reebok · SKECHERS · Studio Fifty Six · MARTA

# Toppskórinn
*Markaður*

Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys´R´us

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ætli ég verði ekki að segja að besti bitinn í bænum séu pönnukökurnar sem Arnar, maðurinn minn, bakar fyrir mig á sunnudagsmorgnum.“*

Unnur Malín Sigurðardóttir, meðlimur hljómsveitarinnar Ojba Rasta.

# Eiturlyf, kynlíf og Hells Angels

Grínatriði með uppistandshópnum Mið-Íslandi hafa að undanförnu verið sýnd í þættinum FunnyHaHa TV á dönsku sjónvarpsstöðinni Zulu og á milli dagskrárliða á stöðinni.

„Við tókum upp helling af dóti og við eigum meira inni. Síðan ráðum við sjálfir hvort við notum eitthvað af því heima á Íslandi,“ segir Halldór Halldórsson úr Mið-Íslandi.

Einnig hafa verið sýnd atriði á vefsíðunni Funnyhaha.dk og í einu slíku sem gerist í flugvél metast Halldór og tveir aðrir Mið-Íslands-menn um hvað þeir ætla að gera þegar þeir lenda í Kaupmannahöfn. Orðbragðið er nokkuð gróft í atriðinu þar sem eiturlyf, kynlíf og Hells Angels í Danmörku koma við sögu en Halldór kippir sér lítið upp við það. „Við erum líka grófir. Við eigum okkur margar hliðar,“ segir hann og veit ekki til þess að aldurstakmörk séu á gríninu. „Danir eru svo opnir og „ligeglad“. Það sem er rosalega klúrt í uppistandi er heldur ekkert svo dónalegt í „sketsum“.“

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var framleiðslufyrirtækið Douglas Entertainment, sem er stýrt af grínistanum Casper Christensen, á bak við upptökur Mið-Íslands fyrir FunnyHaHa TV í sumar. „Þegar við vorum þarna úti hittum við hann oft. Hann var hress og hefur gaman af Íslendingum,“ segir Halldór, spurður út í Christensen. **- fb**




**MIÐ-ÍSLAND** Atriði með uppistandshópnum hafa verið sýnd í þættinum FunnyHaHa TV í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HERRASÝNING**

**Föstudagur 5. október kl 14:00**

**HÖFÐATORG**



**NÓG AF SÖNG OG GLEÐI** Sigurgeir Ingi Þorkelsson sést hér ásamt öðrum stofnendum Glee-klúbbs Menntaskólans við Hamrahlíð en yfir hundrað manns hafa boðað komu sína á stofnfundinn sem haldinn verður í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FRÁ BOLVÍKINGAFÉLAGINU**

**BOLVÍKINGAMESSA OG KAFFI 2012**

**Árleg Bolvíkingamessa verður haldin í Bústaðakirkju í Reykjavík sunnudaginn 7. október. Messan hefst kl. 14:00.**

Að messu lokinni verður kaffi í safnaðarheimili kirkjunnar í umsjón kaffinefndar Bolvíkingafélagsins. Bolvíkingar eru hvattir til að mæta og eiga notalega stund í góðra vina hópi. Þeir sem sjá sér fært að koma með meðlæti með kaffinu fá alúðarþakkir.

*Stjórn Bolvíkingafélagsins*

SIGURGEIR INGI ÞORKELSSON: ALDREI NÓG AF GLEÐI OG SÖNG Í MH

# Mikil aðsókn í Glee-klúbb

„Það er aldrei nóg af söng og gleði,“ segir Sigurgeir Ingi Þorkelsson, varaforseti nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð og einn forsprakka nýstofnaðs Glee-klúbbs í skólanum.

Klúbburinn er að fyrirmynd bandarísku sjónvarpsþáttanna Glee sem fjalla um hóp ungs fólk í menntaskóla sem sameinast í söng og dansi. Í kjölfar vinsælda þáttanna hafa Glee-klúbbar sprottið upp út um allan heim, en Sigurgeir er þess fullviss að þessi sé sá fyrsti hér á landi.

Hugmyndin að klúbbnum kviknaði í tengslum við kosningabaráttu núverandi forseta nemendafélagsins, Hjalta Vigfússonar, í vor. Sigurgeir gengur svo langt að fullyrða að kosningaloforð Hjalta um stofnun Glee-klúbbs innan veggja MH hafi tryggt honum sigurinn. „Fyrst var hugmyndin sett fram meira í gríni en alvöru, en vegna fjölda áskorana var ákveðið að hrinda henni í framkvæmd. Yfir hundrað manns hafa boðað komu sína á fyrsta fundinn,“ segir Sigurgeir, en téður stofnfundur verður haldinn í dag klukkan hálf fjögur. „Ég auglýsi eftir íslensku nafni á klúbbinn. Hugsanlega gæti hann heitið Gleðiklúbburinn,“ veltir Sigurgeir fyrir sér.

Hann hvetur nemendur annarra menntaskóla til að fara að þessu fordæmi og stofna Glee-klúbb. Þá sér hann fyrir sér svokallaða Glee-keppni milli skólanna í framtíðinni. „Við erum svo heppin að hafa góðan aðgang að listafólki hér í MH. Hér er listdansbraut og mikið af hæfileikaríku tónlistarfólki. Við höfum í það minnsta efniviðinn í þetta og það væri gaman að skora aðra skóla á hólm.“

Í sjónvarpsþáttunum bresta meðlimir klúbbsins í söng í tíma og ótíma en Sigurgeir er ekki viss um að sú verði raunin hjá MH-ingunum. „Nei, ég held að við einbeitum okkur að því að æfa atriði og sýna svo skólafélögunum afraksturinn. Sjálfur ætla ég að beita mér fyrir því að við byrjum á laginu Don't Stop Believing með Journey, sem er svona klassískt Glee-lag.“

**alfrun@frettabladid.is**



**HUGARFAR ER LYKILLINN**

**Stilltu hugann áður en þú leggur af stað.**

Í fyrirlestrinum mun Matti Ósvald, Heilsufræðingur og Markþjálfi skoða eftirfarandi atriði:

- Árangur þinn hefst í huganum.
- Áhrifamestu hugsunarmistökin og leiðrétting á þeim.
- „Frammistöðu mantran“ sem virkar.
- Aðdráttaraflið í sterkri framtíðarsýn.

LIFANDI MARKAÐUR

Fyrirlesturinn fer fram í LIFANDI markaði, Borgartúni 24, fimmtudagur 4. október, kl. 18:00-20:00. **Skráning mattio@vortex.is**

## STAÐREYNDIR UM SJÓNVARPSÞÁTTINN GLEE

- Hóf göngu sína árið 2009.
- Fjórða serían er núna í sýningu í Bandaríkjunum.
- Í aðalhlutverkum eru meðal annars leikararnir Dianne Agron, Lea Michele og Cory Monteith sem öll hafa orðið fræg í kjölfarið.
- Fyrsta sería Glee var tilnefnd til nítján Emmy-verðlauna og fjögurra Golden Globe-verðlaun.
- Aðdáendur þáttanna kalla sig Gleeks á samskiptamiðlum á borð við Twitter og Facebook, en það er samsetning á ensku orðunum glee og geeks.
- Þættirnir fjalla um hóp krakka í menntaskóla sem dansa og syngja saman. Eitt af lykilatriðum á bak við vinsældir Glee er að leikararnir taka fyrir vinsæl lög samtímans og útfæra með sínum eigin hætti. Íslenska söngkonan Björk hafnaði beiðni aðstandenda Glee um að nota lag hennar í síðustu seríu.






*m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á Hotel Camden Court með morgunmat.

# Íslenskir karlmenn opnir

„Nýja serían leggst frábærlega vel í mig enda er mjög gefandi að fá tækifæri til að styrkja sjálfstraustið hjá fólki,“ segir Karl Berndsen. Skráning er nú hafin í væntanlega sjónvarpsþætti hans sem heita Í nýju ljósi.

Í nýju ljósi birtist á skjánum eftir áramót en tökur hefjast síðar í þessum mánuði. Útlits- og lífsstílsráðgjöf Karls er fyrirferðarmest í þáttunum, en að þessu sinni leitar hann að þátttakendum af báðum kynjum og líka pörum, systkinum og vinum. Karl er vongóður um að karlpeningurinn skrái sig til leiks. „Ég er bjartsýnn, þótt auðvitað sé ómögulegt að vita hvernig þátttakan verður. Ég held samt að íslenskir karlmenn séu mun opnari og óþvingaðri en margir kynbræður þeirra erlendis,“ segir Karl. Hann hvetur alla sem eru reiðubúnir að fara í sjálfskoðun og vilja gera jákvæðar breytingar að taka þátt.

Karl hefur getið sér gott orð sem hárgreiðslumaður og veitt útlitsráðgjöf árum saman. Í þáttunum ætlar Karl að leggja áherslu á að fræða áhorfandann. „Allir eiga að geta nýtt sér þær upplýsingar sem ég veiti. Ég stefni á að kynna ýmislegt fróðlegt og tvinna það svo saman við útlitsráðgjöfina í hverjum þætti fyrir sig.“ Allir yfir átján ára geta skráð sig á vefsíðunni Stod2.is. **- áp**



**HEFUR TÖKUR Á NÝRRI SERÍU** Karl Berndsen ætlar að veita körlum og konum útlitsráðgjöf í nýrri þáttaröð.

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# ÚTSALA

**Philips CD180**
**þráðlaus sími**

Einfaldur og þægilegur
þráðlaus heimasími
frá Philips.

**Útsöluverð: 4.995**
**3.000 KR. AFSL.**

**Verð áður: 7.995**

10024542

**Motorola Razr Black**

4,3 tommur, 1,2 GHz.
Dual-Core örgjörvi.
Uppfæranlegur í Android 4.0.

**Útsöluverð: 59.995**
**20.000 KR. AFSL.**

10032132

**Verð áður: 99.995**

**Samsung**
**32" tommu LCD**

Glæsilegt 32" tommu LCD
HD Ready-sjónvarp frá
Samsung með USB-tengi
og Dolby DTS og
SRS-hljóðstuðningi.

**Útsöluverð: 64.995**
**45% AFSL.**

**Verð áður: 119.995**

LE32E420

**Archos 70**
**250GB**

Öflugur margmiðlunar-
spilari frá Archos með
250GB hörðum disk.

**Útsöluverð: 29.995**
**60% AFSL.**

**Verð áður: 74.995**

501586

**Fujitsu Lifebook**
**14" tommu fartölva**

4GB vinnsluminni.
i5-Intel örgjörvi.
Létt og meðfærileg
fartölva.

**Útsöluverð: 99.995**
**50% AFSL.**

**Verð áður: 199.995**

E7510MP532NC

Full búð af
frábærum
tilboðum

**Allt að 80% afsláttur**

**Yamaha MCR-040**

Öflug hljómflutningstæki
frá Yamaha með CD /
FM / USB og tengi fyrir
iPhone / iPod.

SYSMCR040

**Útsöluverð: 39.995**
**20.000 KR. AFSL.**

**Verð áður: 59.995**

**Samsung**
**43" tommu**

Glæsilegt 43" tommu
HD Ready plasma-sjónvarp
með 2 x HDMI og USB-tengi.

**Útsöluverð: 119.995**
**60.000 KR. AFSL.**

**Verð áður: 179.995**

PS43E450A1WXXN

**BH-110 Nokia Black**
**Bluetooth headset**

Þægilegt bluetooth-
heyrnartól frá Nokia

**Útsöluverð: 3.995**
**2.000 KR. AFSL.**

02730J0

**Verð áður: 5.995**

**Mikið úrval af tölvutöskum og tölvuaukahlutum**
10% afsláttur er af öllum nýjum farsímum sem ekki eru á útsölu.
20% afsláttur er af öllum nýjum farsímaaukahlutum sem ekki eru á útsölu.

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 122780

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spjallað um hryllingsmyndir

Handritshöfundurinn **Sigurjón Kjartansson** stýrir spjalli kvikmyndagesta við ítalska hryllingsmyndakónginn **Dario Argento**, sem fer fram í hátíðarsal aðalbyggingar Háskóla Íslands klukkan 13 í dag. Ókeypis er inn og líklegt að kvikmyndaáhugafólk, ekki síst hryllingsmyndaáhugafólk, flykkist á staðinn. Páll Óskar hefur að minnsta kosti gefið það út að hann verði á fremsta bekk.



### Persie og Rooney vildu báðir mynd með Audda

Hlustendur FM957 fóru ekki varhluta af því að útvarpsmaðurinn og Manchester United-áhugamaðurinn **Auðunn Blöndal** var fjarri góðu gamni síðastliðinn föstudag þegar Jón Gunnar Geirdal fyllti í skarðið í útvarpsþættinum FM95BLÖ. Auðunn sótti nefnilega leik United og Tottenham á Old Trafford í Manchester á dögunum og sá sína menn tapa fyrir Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum á heimavelli. Það hlýtur að hafa fullkomnað ferðina fyrir Auðun að hitta þá Wayne Rooney og **Robin van Persie,** framherja United. Auðunn segir þá hafa beðið um augnablik til að fá mynd af sér með skagfirska útvarpsmanninum sem hann veitti þeim báðum.

**-fb, - bþh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Óttast að kvótagróði gæti farið í fótboltafélög og dagblöð …
2. April enn leitað
3. Aukin glæpatíðni í New York – Apple um að kenna
4. Snarpur skjálfti í Kötlu
5. Vopnað rán í Mjóddinni





